

HILDUR EIR BOLLADÓTTIR

Fékk antíksgen frá foreldrum sínum

Heimili Tiska Heilsa

allt í MIÐJU BLÁDSINS



KÓPAVOGUR

Bæjarlíf í blóma

Sérblað um Kópavog

FYLGRIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



OPIÐ
til kl. 21
í kvöld!



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. maí 2006 – 132. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Tom Hanks mættur
Kvikmyndin Da Vinci lykillinn var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes en viðbrögðin voru blöndin.
FÓLK 46



Snýr baki við Silvíu Nótt
Ástrós Einarsdóttir hefur lokað aðdáendasiðu sem hún hélt úti fyrir Silvíu Nótt.
FÓLK 62




Okkar stríð, okkar friður
„Við eigum ekki að sitja uppi á vegg í sameinaðri Evrópu, allra sízt í vanhugsuðu eiginhagsmunaskyni,“ segir Þorvaldur Gylfason um stöðuna í varnarmálum.
Í DAG 28

Stefán og Gunnar hættir
Eitt besta dómaraþar heims í handboltnum, Íslendingarnir Stefán Arnaldsson og Gunnar Víðarsson, hefur ákveðið að leggja flautuna á hilluna. Þeir segjast vilja hætta á toppnum.
ÍPRÓTTIR 54



VEÐRIÐ Í DAG



KÓLNANDI NYRÐRA - Í dag verður norðaustan 5-10 m/s. Stöku slyddu- eða snjóél norðan og austan til og lítilshátt skúrir suðaustan til, annars yfirleitt nokkuð bjart veður. Hiti 0-10 stig mildast syðst.
VEÐUR 4


98 börn bíða eftir að komast að hjá BUGL

Meðalaldur þeirra sem bíða hjá BUGL er ellefu ár. Sum börn hafa beðið í ár. Þrjátíu börn eru til meðferðar hjá inntökuteymi. Flest þeirra munu bætast við biðlistann.

HEILBRIGÐISMÁL Nú eru 98 börn á biðlista eftir þjónustu hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss. Auk þess eru mál þrjátíu barna í vinnslu hjá inntökuteymi. Þau fara síðan langflest á biðlista. Þau börn sem lengst hafa beðið fengu tilvísun á BUGL í apríl 2005. Alls hafa 54 börn beðið eftir plássi frá síðasta ári.

„Það hefur lengi verið beðið eftir úrbótum og aðgerðum í mál-efnum geðsjúkra barna og ungl-inga,“ segir Ólafur Guðmundsson, yfirlæknir á BUGL.

Heilbrigðisyfirvöld hafa nú fengið sérstakan ráðgjafa sænskra stjórnvalda í geðheilbrigðismálum, dr. Anders Milton, til að gera úttekt á geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni hér á landi. Hann hefur unnið að fjölda mála á alþjóðlegum vettvangi heilbrigðismála. Hér mun hann athuga styrkleika og veikleika þjónustunnar, ræða við fagfólk, fulltrúa foreldrafélaga og stofnana meðan



á dvöl hans stendur. Hann mun skila heilbrigðisyfirvöldum skýrslu að lokinni úttekt sinni. Hann mun einnig setja fram tillögur um hugsanlegt framtíðarskipulag á þessu sviði heilbrigðisþjónustunnar. Með honum í för er sænskur geðlæknir.

„Vonandi verður vinna sænsku sérfræðinganna til að flyta fyrir því að þjónustan komist í ásættanlegt horf,“ segir Ólafur. „Þörfin varðandi aukið húsnæði undir þjónustuna liggur nokkuð ljós

fyrir. En ýmislegt annað varðandi hana er mjög óljóst og margt vantar, svo sem grunnþjónustuna. Hlutverk sérfræði- og sjúkrahússþjónustunnar er óljóst. Ég tel að heilbrigðisyfirvöld séu að leita sér ráðgjafar um úrbætur í þessum efnun.“

Ólafur segir mjög nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að byggja upp grunnþjónustu. Síðan þurfi greinilega að bæta stöðu sjúkrahússþjónustunnar með því að breyta stjórnunarlegri stöðu BUGL.

„Ég held að fólk sé sammála um að þetta þurfi að gera,“ segir hann. „Það er einungis spurning um áherslur og í hvaða rök það verður gert.“

Hvað varðar biðlistana segir Ólafur að samhliða þeim sé bráðaþjónusta jafnan starfrækt. Sé staða einhvers það erfið að hann geti alls ekki beðið, að mati starfsfólks, sé hægt að taka viðkomandi til bráðamats þá um leið. - jss



ADGERÐIR TIL ÚRBÓTA Gerð hefur verið áætlun um að létta álagi af Landspítalanum.

Landspítali - háskólasjúkrahús:

Fá forgang að hjúkrunarrými

HEILBRIGÐISMÁL Á fundi heilbrigðisráðherra og stjórnenda Landspítalans í gær var sett niður áætlun um aðgerðir til að létta álagi af Landspítalanum.

Meðal lausna er að spítalinn fái forgang að öllum hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórnendur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Landspítalans munu beita sér fyrir tilraunaverkefni um sérhæfða hjúkrunarþjónustu í heimahúsum til að stytta legutíma á spítalanum.

Tilmælum verður beint til nærliggjandi sjúkrahúsa að þau hlaupi undir bagga með Landspítalanum þar sem því verður við komið. - sdg

Áhrif verðbólgu á íbúðalán:

5.000 krónur á hálfu ári

VERÐBÓLGA Afborganir lána hjá Íbúðalánasjóði og bönkunum hafa hækkað vegna verðbólgu seinustu mánuði. Mánaðarlegar afborganir af hæstu bankalánum hafa hækkað um allt að 5.000 krónur á hálfu ári. Afborgun af 15 milljóna króna láni hjá Íbúðalánasjóði hefur hækkað um 2.700 krónur.

Á þessu ári hefur greiðslubyrði íbúðalánanna aðeins lækkað einu sinni og þá um nokkra tugi króna, þegar vísitala neysluverðs lækkaði.

Hjá Kaupþingi banka sýna útreikningar að afborgun af 20 milljóna króna láni til 25 ára hefur hækkað langmest, farið úr 110.300 krónum á mánuði 1. janúar 2006 í tæpar 115 þúsund krónur nú í júní. - sdg / sjá síðu 22



MEISTARAR Barcelona bar siguroð af Arsenal í ævispennandi úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í París í gærkvöldi. Þetta er í annað skipti sem spænska liðið hampar þessum eftirsótta titli félagsliða í Evrópu. Ronaldinho og Puyol fögnuðu ákaft í leikslok. Sjá síðu 90

Kynbundinn launamunur er mestur á Íslandi af öllum Norðurlöndunum:

Laun karla 28% hærrí en kvenna

JAFNRÉTTI Launamunur kynjanna er mestur á Íslandi af öllum Norðurlöndunum, samkvæmt niðurstöðum norræna verkefnisins Mælistikur á launajafnrétti, sem var kynnt á málþingi félagsmálaráðuneytisins og Jafnréttisstofu í gær.

Samkvæmt niðurstöðunum er um 28 prósentu munur á reglulegum mánaðarlaunum kynjanna á Íslandi, 22 prósent í Danmörku, 19 prósent í Finnlandi, 17 prósent í Svíþjóð og 14 prósent í Noregi.

Ein skýring á launamun kynja á

Norðurlöndum er talin mikil jákvæð áhrif á launamun á Norðurlöndunum eru lög um jafnrétti kynjanna og þá sérstaklega ákvæði um jafnréttisáætlanir, kjarasamninga og starfsmat.

Dönsku jafnréttislögin banna að laun séu trúnaðarmál og fulltrúar stéttarfélag eiga heimtingu á því að fá upplýsingar um launakjör í Finnlandi og Svíþjóð. Laun eru víða trúnaðarmál í einkageiranum á Íslandi en launaleynd er ekki leyfð hjá hinu opinbera. - sdg

fræðingar álíta að hafi haft jákvæð áhrif á launamun á Norðurlöndunum eru lög um jafnrétti kynjanna og þá sérstaklega ákvæði um jafnréttisáætlanir, kjarasamninga og starfsmat. Dönsku jafnréttislögin banna að laun séu trúnaðarmál og fulltrúar stéttarfélag eiga heimtingu á því að fá upplýsingar um launakjör í Finnlandi og Svíþjóð. Laun eru víða trúnaðarmál í einkageiranum á Íslandi en launaleynd er ekki leyfð hjá hinu opinbera. - sdg

Árangur skiptir máli

Reykjavík er frábær

XS

Samfylkingin

Það besta fyrir Kópavog

xdkop.is

XD



SPURNING DAGSINS

Gunnar, eru Garðbæingar ekki að sækja vatnið yfir lækinn?

„Nei, við sækjum vatnið sömu megin lækjarins en þeir fá það á hagstæðu verði.“

Kópavogsbúar ætla að selja Garðbæingum vatn og gera Garðbæingum þannig kleift að leggja af sitt eigið vatnsból. Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir þetta hagkvæmt fyrir Garðbæinga.



FRÁ LEITINNI Danski sjóherinn útvegaði björgunarþyrlu með áhöfn til leitarinnar að Pétri. Hún hefur til þessa flogið í 50 klukkustundir við leit. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Leitin að Pétri Þorvarðarsyni:

Verið að skipuleggja stórleit

LEIT Stórleit er nú skipulögð að Pétri Þorvarðarsyni, sem saknað hefur verið frá Grímsstöðum á Fjöllum síðan á aðfaranótt sunnudags. Vonast er til að björgunarveitir af öllu landinu komi á svæðið á laugardag og leiti eftir því skipulagi sem verið er að vinna að.

Baldur Pálsson, formaður svæðisstjórnar á Egilsstöðum, segir að öllu verði tjaldað til um helgina ef veður verður það gott að leitin sé líkleg til að skila árangri.

Leitin mun ekki liggja niðri fram að þeim tíma því björgunarsveitarmenn með hunda munu leita næstu daga eins vel og í mannlegu valdi stendur. - shá

Reykjavíkurborg:

Rafræn kjörskrá á vefnum

SVEITARSTJÓRNARSKOSNINGAR Opnað hefur verið fyrir rafræna kjörskrá vegna borgarstjórnarkosninga í Reykjavík. Í skránni, sem er aðgengileg í gegnum forsiðu vefjarins reykjavik.is, er hægt að slá inn kennitölu kjósenda og fá upplýsingar um hvar í borginni skuli kjósa.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að viðmótið sé einfalt og aðgengilegt. Skráin sé einföld og þægileg leið fyrir Reykjavíkingsa til að finna sinn kjörstað. - sh



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Forvarnarvefur gegn klámi á léninu sex.is hefur tekið stakkaskiptum:

Klám komið í stað forvarna

INTERNET Forvarnarvefur gegn grófu klámi og barnklámi sem var með léninu www.sex.is hefur verið lagður niður.

Andstæðingar klámvæðingar sem hafa hingað til fylgst með síðunni reka væntanlega upp stór augu þessa dagana þegar þeir slá inn slóðina og upp kemur bandarísk klámsíða.

Forvarnarvefurinn sex.is var óháður vefur með ritstjórn og pistlahöfundum með það yfirlýsta markmið „að berjast gegn því að um koll myndi keyra í ófgafultri frjálsræðiskenningu þeirri sem ríðið hefur yfir Ísland“. Að sögn skráðs eiganda lénsins hefur



NETKLÁM Sex.is hlaut enga styrki né fjárveitingar til reksturs forvarnarvefsins.

forvarnarvefurinn verið óvirkur undanfarið. Hann segir þetta allt hafa verið gert í sjálfboðavinnu. Haft var samband við um 300 aðila,

félagasamtök og fjölmiðla, til að kynna vefinn en enginn sýndi neinn áhuga að sögn eigandans.

Sex.is var með stefnuskrá þar sem skýrt var tekið fram að sex.is væri ekki til sölu þótt „klámkonungur Íslands hafi gert tilboð í léninu og verið tilbúin til að greiða umtalsverðar fjárhæðir fyrir það,“ eins og segir orðrétt í stefnuskránni. Skráður eigandi lénsins sagði að hann hefði ákveðið að leigja léninu tímabundið til að greiða uppsöfnuð gjöld af rekstri þess. Leigan er tímabundin til nokkurra mánaða og segist hann tilbúinn að endurreisa forvarnarvefinn ef samstarfsaðilar fáist. - sdg

Reyna sættir með breyttu frumvarpi

Iðnaðarráðherra gerir breytingar á frumvarpi um stuðning við nýsköpun, tæknirannsóknir og byggðaðróun til að tryggja stuðning þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Iðnaðarnefnd Alþingis hefur ekki fengið tillögur ráðherra í hendur.

NÝSKÖPUN Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra segir að meðal ráðherra innan ríkisstjórnarinnar sé samstaða um að gera fáeinir breytingar á frumvarpi hennar um stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og byggðaðróun.

„Breytingarnar verða gerðar til þess að liðka fyrir afgreiðslu frumvarpsins þegar þing kemur saman eftir sveitarstjórnarkosningar.“

Valgerður vill ekki tjá sig frekar um breytingartillögurnar. Þær muni fyrst berast iðnaðarnefnd Alþingis. Gagnrýni nokkurra þingmanna Sjálfstæðisflokksins hefur fyrst og fremst beinst að ráðagerð um samruna byggðamála og stuðning við tækni- og atvinnuþróun undir sama hatti og eru því líkur til þess að breytingarnar nái til ákvæða frumvarpsins sem fjalla um þau atriði.

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og varaformaður iðnaðarnefndar Alþingis, kvæðst í gær ekkert vita um breytingarnar sem iðnaðarráðherra boðar á frumvarpinu um sameiningu Byggðastofnunar, Rannsóknarstofnunar og Iðntæknistofnunar undir nafni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Einar Oddur hefur gagnrýnt frumvarpið hart eins og fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins og segir það grundvallaratriði að byggðastefna sé pólitísk og ekki verkefni embættismanna að móta þá stefnu. Í umræðum á Alþingi í síðasta mánuði sagði Einar Oddur afar ósennilegt að hann gæti sæst á frumvarpið. „Það stendur þá varla steinn yfir steini af því sem nú stendur



RÆKJUVINNSLA Á SIGLUFIRÐI Byggðaðróun hvílir meðal annars á stöðum tækniþróunar og nýsköpunar. Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins telja ófært að blanda stuðningi við tækniþróun saman við pólitíska stefnumótun í byggðamálum.



EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

þar ef ég á að vera sáttur.“

Samstaða stjórnarflokkanna ríkir um frumvarp menntamálaráðherra um breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Heimildarmenn innan stjórnarflokkanna telja þó að þingmenn Framsóknar-

flokksins geti hugsað sér að slá afgreiðslu þess á frest til haustsins ef þingmenn Sjálfstæðisflokksins leggja gegn afgreiðslu nýsköpunarfrumvarps iðnaðarráðherra. Hafi samstaða tekist um fyrirhugaðar breytingar á nýsköpunarfrumvarpinu aukast því líkur á að bæði frumvarpin verði afgreidd sem lög frá sumarþinginu.

Iðnaðarráðherra gerði frumvarpið um Nýsköpunarmiðstöðina að umtalsefni á ársfundi Iðntæknistofnunar í gær og talaði fyrir samræmdu stuðningskerfi óháðu búsetu. johannh@frettabladid.is

Einokunarstaða Actavis á samheitalyfjamarkaði:

Markaðurinn bregst

LYFJAVERD Actavis er einrátt á samheitalyfjamarkaðnum á Íslandi, sem er um 15 prósent af lyfjamarkaði á móti 85 prósentum frumlyfja.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá undanfarið er mikill verðmunur á lyfjum hérlendis miðað við Norðurlöndin og snýr sá verðmunur aðallega að samheitalyfjum. Fram hefur komið að dæmi eru um að lyf sem Actavis framleiðir séu tífalt dýrari á Íslandi en í Danmörku. Actavis skýrir þennan verðmunur með því að dýrara sé að þjóna smáum markaði en þeim danska sem er tuttugu sinnum stærri.

Einar Magnússon, skrifstofustjóri heilbrigðisráðuneytisins, telur aðalvandann snúa að því hvers vegna ekki fleiri séu að flytja inn samheitalyf. „Við teljum að það sé svigrúm en markaðurinn er einhvern veginn ekki að virka.“ Einar segir dæmi um að fyrirtæki hafi



LYFJAVERKSMIÐJÁ ACTAVIS Actavis sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu samheitalyfja.

reynt fyrir sér við sölu samheitalyfja en þau hafa síðar verið keypt upp af stærri aðilum sem tilheyra nú Actavis.

Í frétt frá Landlæknisembættinu segir að vísbendingar hafi birst um að innflytjendur sem áhuga hafi á innflutningi samheitalyfja sjái sér það ekki fært í ljósi þeirrar fákeppni sem ríkir í smásölu lyfja, en apótek hérlendis eru langflest í eigu tveggja stórra lyfsöluþyrirtækja. - sdg

Ofbeldi í dómsal:

Skotárás á fimm dómara

TYRKLAND, AP Byssumaður réðst inn í dómsal við hæstaréttinn í Ankara í gærdeg og skaut á hóp dómara með þeim afleiðingum að einn dómari lést, annar slasaðist alvarlega og þrír lítillega.

Áður en maðurinn hóf skotárásina hrópaði hann „Ég er hermaður Guðs,“ og við handtöku sagði hann árásina hafa verið gerða í hefndarskyni fyrir nýlegan dómsúrskurð sem bannaði barnaskólakennara að ganga með höfuðklút eins og tíðkast meðal heittrúaðra múslimkvænna.

Niútu og níu prósent Tyrkja eru múslimar. - smk



ÓLAFUR ÓLAFSSON Vill kanna stofnun stjórnmálaafis eldri borgara hérlendis líkt og gert hefur verið víða erlendis.

Félag eldri borgara:

Stofna jafnvel nýjan flokk

SAMFÉLAGSMÁL Nýr stjórnmálaflokkur eldri borgara á Íslandi gæti litið dagsins ljós ef baráttu fyrir betri kjörum skilar engu.

Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, sem hefur verið virkur í starfi Félags eldri borgara, segir að fljótlega verði ráðist í að gera fylgiskönnun fyrir hugsanlegt framboð. „Gallup gerði könnun fyrir fjórum árum og það kom mjög vel út. Svona flokkar hafa verið stofnaðir víða og þeim gengur sumum vel.“ Ólafur er þeirrar skoðunar að auðvelt yrði að manna framboðslista slíks flokks og skapa sterkt stjórnmálaaf. - shá



FRÁ LEIRVOGSÁ Framkvæmdir við reiðveginn hófust á þriðjudag en hafa nú verið stöðvaðar á meðan athugað er hvort öll tilskilin leyfi eru til staðar. MYND/SVFR

Reiðvegur yfir Leirvogsa:

Framkvæmdir stöðvaðar

FRAMKVÆMDIR Stjórn Stangveiðifélags Reykjavíkur hefur gagnrýnt harkalega áform um að byggð verði reiðbrú undir brúna yfir Leirvogsa á Vesturlandsvegi.

Leirvogsa er ein albesta laxveiðiá landsins og rétt neðan brúarinnar er besti veiðistaður árinna, Brúarhylur. Framkvæmdir við ána hafa verið stöðvaðar á meðan athugað er hvort tilskilin leyfi fyrir framkvæmdinni liggja fyrir. Framkvæmdir við laxveiðiá eru leyfisskyldar samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði og er það veiðimálasvið Landbúnaðarstofnunar sem gefur leyfin út.

JAPAN

Hvirfilbylur tekur þrjá

Hvirfilbylur hrífsaði þrjá sautján ára pílta með sér á haf út í Suður-Japan síðdegis í gær. Piltarnir voru að leika á ströndinni þegar bylurinn gekk yfir. Einum piltinum var bjargað skömmu síðar, og annar fannst á floti við kóralrif, en hann var látinn. Þriðja piltins var enn saknað í gærkvöld. - sdg

Aðeins í dag!
2 stk sýpris
100 sm
999



Stjúpur

10 stk 599
20 stk 999



Hengilóbelía

499



Snædrífa
frábær
hengiplanta

699

Allt í garðinn
á betra verði



Úðakútur
5 ltr. 999

Soldis
Silkitré & silkiplóm
ný sending
full búð af
sumarblómum

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 17.05.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	69,61	69,95
Sterlingspund	132,04	132,68
Evra	89,74	90,24
Dönsk króna	12,034	12,104
Norsk króna	11,47	11,538
Sænsk króna	9,583	9,639
Japanskt jen	0,6372	0,641
<hr/>		
SDR	104,4	105,02

Gengisvísitala krónunnar
124,1185

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



LANDHELGISGÆSLAN Mikil eftirsókn er í störf hjá Gæslunni.

Landhelgisgæslan:

Rúmlega 100 sóttu um störf

LANDHELGISGÆSLAN Mikil eftirspurn hefur verið eftir þeim störfum sem Landhelgisgæslan auglýsti laus til umsóknar nýverið í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að fjölga þyrlum Gæslunnar. Umsóknarfrestur rann út 8. maí og alls bárust 120 umsóknir um störfin.

Flestar umsóknir bárust um stöðu flugvirkja, rúmlega 50. Rúmlega 30 umsóknir bárust um starf þyrluflugmanns, tæplega 20 um starf flugrekstrarstjóra og tíu um stöðu stýrimanna.

Þessa dagana á sér stað vinna í því að fara yfir umsóknir og boða til viðtala og er búist við að því ljúki fyrir mánaðamót. -sh

SELFLOSS

Ekið á brúarhandrið Bíl var ekið á brúarhandrið á Öseyrarbrú síðdegis í gær að sögn lögreglunnar á Selfossi. Tveir menn voru í bílnum en þá sakaði ekki. Billinn skemmdist mikið og var óökufær eftir áreksturinn. Litilsháttar skemmdir urðu á brúarhandriðinu.

LEIÐRÉTTING

Staða upplýsingafulltrúa í umhverfisráðuneytinu er ekki ný eins og sagt var í blaðinu í gær. Staðan hefur verið til í fjórtán ár en sá sem henni hefur gegnt borið titil deildarstjóra.

Elvar Árni Lund er sveitarstjóri í Öxarfjarðarhreppi og Hörgárbyggð:

Hefst með tölvupósti og síma

SVEITARSTJÓRNARMÁL Elvar Árni Lund, sveitarstjóri Öxarfjarðarhrepps, hefur samhlíða störfum sínum þar farið með stjórn Hörgárbyggðar síðustu vikur. Elvar Árni var fenginn til að hlaupa í skarð Helgu Arnheiðar Erlingsdóttur, sveitarstjóra Hörgárbyggðar, sem er í veikindaleyfi.

„Þetta gengur bara vel og hefst með tölvupósti og síma,“ segir Elvar Árni en um 200 kílómetrar skilja sveitarfélögin tvö að. Er því um langan veg að fara en Elvar Árni setur það ekki fyrir sig og ver einum degi í viku í Hörgárbyggð.

Þar sem skammt er til kosninga



ELVAR ÁRNI LUND Er sveitarstjóri í tveimur sveitarfélögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

ákvað sveitarstjórn Hörgárbyggðar að haga málum með þessum hætti en auk þess að njóta aðstoðar Elvars Árna sinnir skrifstofu-

maður sveitarfélagsins og oddviti þess tilfallandi verkefnum.

Eftir því sem næst verður komist er þetta í fyrsta sinn sem einn og sami maður er sveitarstjóri í tveimur sveitarfélögum.

Framtíð Elvars Árna er annars oráðin því Öxarfjarðarhreppur sameinast Húsavíkurbæ, Kelduneshreppi og Raufarhafnarhreppi við kosningarnar eftir rúma viku. Raunar tók hann þátt í prófkjöri Framsóknarflokksins á Akureyri í vetur en komst ekki í raðir efstu manna. Í samtali við Fréttablaðið sagði hann líklegt að hann sækti einhvers staðar um starf sveitarstjóra eftir kosningar. -bps



STADIÐ VÖRD Herskár múslimar úr röðum Hamas-hreyfingarinnar, sem leiðir heimastjórn Palestínu, stóðu vörð í flóttamannabúðum á Gasaströndinni í gær. Um 3.000 menn hafa myndað hersveit Hamas-stjórnarinnar, eftir að forseti Palestínu tók völdin yfir her Palestínu.

Hamas myndar sveit herskárna múslima

Hamas-stjórn Palestínu hefur myndað sveit 3.000 herskárna múslima sem ætlað er að gæta öryggis Palestínubúa. Leiðtogar Hamas gripu til þessa ráðs í kjölfar þess að forseti Palestínu tók völdin yfir her Palestínu í sínar hendur.

GASASTRÖNDIN, AP Hamas-leið heimastjórn Palestínu sendi 3.000 einkennisklædda og vopnaða herskára múslima á vettvang vída um Gasasvæðið í gær. Andstæðingar Hamas segja stjórnina vera að ögra forseta Palestínu, Mahmoud Abbas, en hann hefur beitt sér fyrir friðsamlegum úrlausnum í landamæradilum Ísraels og Palestínu á meðan Hamas-hreyfingin hefur staðfastlega neitað að viðurkenna tilverur Ísraels.

Abbas hefur reynt að styrkja völd sín síðan Hamas-hreyfingin vann yfirburðarsigur í þingkosningunum sem fram fóru í Palestínu í janúar, þegar flokkur Abbas, Fatah, neyddist til að víkja fyrir leiðtogum Hamas. Forsetinn tók öll völd yfir hersveitum Palestínu

í sínar hendur og brugðust leiðtogar Hamas við með því að segjast ætla að mynda sínar eigin hersveitir. Abbas beitti neitunarvaldi, en allt kom fyrir ekki.

Herskára sveitirnar eru undir stjórn Jamal Abu Samhadana, leiðtoga herskárna múslima sem talinn er vera ábyrgur fyrir mörgum eldflaugaárásum á Ísrael.

Talsmenn Palestínustjórnar segja sveitunum vera ætlað að koma reglu á Gasasvæðið, þar sem vopnaðir menn fara iðulega ránshendil um og hrella óbreytta borgara.

Því brá íbúum Gasasvæðisins heldur betur í brún þegar um 40 meðlimir sveitarinnar réðust gegn atvinnulausum kennurunum sem voru að mótmæla friðsamlega

fyrir framan menntamálaráðuneytið í borginni Khan Younis í gær, og dreifðu mótmælendum með riffilskotum og börðu þá með prikum. Þetta virðist hins vegar vera eina ofbeldið sem sveitin greip til.

Flestir manna voru sendir á götur Gasaborgar þar sem þeir stilltu sér upp á aðalgötum borgarinnar, við banka og fyrir utan ráðuneyti og þinghúsið.

Lögreglumenn fengu þá skipun í gær að fara með valdi gegn hverjum þeim sem hefði afskipti af lögreglustörfum, en þar sem herskára mennirnir gerðu fátt annað en að standa vörð höfðu fregnir ekki borist af neinum átökum milli sveitarinnar og lögreglu í gærkvöld. smk@frettabladid.is

Erlendir ríkisborgarar:

4.468 með kosningarétt

KOSNINGAR Erlendir ríkisborgarar sem eru búsettir hér og hafa kosningarétt í sveitarstjórnarkosningunum í vor eru 4.468 samkvæmt tölum Hagstofunnar. Þar af eru 944 frá öðrum Norðurlöndum og 3.524 frá öðrum ríkjum.

Algengustu ríkisfangslöndin eru Pólland, Danmörk, Filippseyjar og Þýskaland.

Ríkisborgarar frá Norðurlöndunum, 18 ára og eldri, öðlast kosningarétt eftir að hafa átt hér lögheimili í þrjú ár og aðrir erlendir ríkisborgarar eftir fimm ár.

Sveitarstjórnarkosningarnar fara fram laugardaginn 27. maí næstkomandi. -sdg

Slökkvilið kallað út í fyrradag:

Eldur í bústað við Hreðavatn

BRUNI Slökkviliðið í Borgarnesi og á Bifröst var kallað út í fyrrakvöld vegna elds sem kom upp í sumarbústað við Hreðavatn. Eldurinn kviknaði út frá kolagrilli á verönd og var gafl bústaðarins alelda þegar að var komið.

Enginn var í bústaðnum.

Þeir sem fyrstir komu að tókst að ráða niðurlögum eldsins þrátt fyrir lítinn útbúnað áður en slökkviliði Borgarnes kom á vettvang um hálf tíma eftir útkall.

Miklar skemmdir urðu á bústaðnum. -sh



SKÓGRÆKT Iðntæknistofnun vill rækta 18 hektara af skógi til að binda koltvísýring.

Iðntæknistofnun í skógrækt:

Koltvísýringslaus stofnun

UMHVERFI Ársfundur Iðntæknistofnunar var haldinn í gær og þar var skrifað undir samstarfssamning við Skógrækt Hafnarfjarðar. Markmið samningsins er að gera stofnunina koltvísýringslauslausa með því að bæta fyrir þá mengun sem iðntæknistofnun gefur frá sér. Til þess að svo verði þarf að rækta alls 18,2 hektara næstu 80 árin að óbreyttum forsendum. Forsendurnar eru miðaðar út frá akstri starfsmanna en gert er ráð fyrir að þeir séu 65 sem keyri til og frá vinnu og aki alls 20 kílómetra á dag, 250 virka daga á ári. -gþg

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN



✓ „Stórlækkum fasteignagjöld aldraðra og öryrkja.“


1 sæti

Ólafur F. Magnússon, læknir og borgarfulltrúi



VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	12°C rigning	London	17°C skúrir	Alicante	32°C hálfskýjað
Billund	14°C rigning	Paris	21°C skúrir	Mallorca	22°C hálfskýjað
Oslo	5°C rigning	Frankfurt	18°C rigning	Algarve	25°C alkyjað
Stokkhólmur	11°C skúrir	Friedrichshafen	23°C hálfskýjað	Krit	23°C hálfskýjað
Gautaborg	12°C rigning	Berlín	19°C rigning	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Heflað gagnvarið efni í palla og skjólgirðingar.

Komið og skoðið glæsilegan sýningarsal okkar í Súðarvogi.

21x120mm 199 kr/m
621700-762

21x95mm 99 kr/m
621600-660

28x95mm 149 kr/m
Lengd 3-4,5m
628600-642

28x120mm 179 kr/m
Lengd 2,7-4,2m
628700-742

48x98mm 185 kr/m
Lengd 2,7-4,5m
648600-642

48x148mm 275 kr/m
Lengd 2,7-4,5m
648800-842

98x98mm 365 kr/m
698600-660

**Pallaefni.
Stórlækkað
verð!**

399
~~590~~



Pallaefning, 60x60 sm
604300

2.990
~~3.990~~



**Blómakassi
Rose, 60x60 sm**
604000

2.290
~~2.990~~



**Blómakassi
Rose, 51x51 sm**
604005

5.990
~~7.490~~



**Skjólveggur
Madrid, 90x180 sm**
603415

5.490
~~6.390~~



**Skjólveggur
Madrid, 90x180/90 sm**
603410

9.490
~~12.490~~



**Skjólveggur
Nordik, 180x160/180 sm**
603225

9.490
~~11.790~~



**Skjólveggur
Madrid, 180x180 sm**
603400

6.490
~~7.390~~



**Skjólveggur
Madrid, 180x90 sm**
603405

8.990
~~11.390~~



**Skjólveggur
Madrid, 180x180 sm**
603420

Veldu
meiri gæði
á lægra
verði!



Sælureitur í sumar



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál



KJÖRKASSINN

Ætlarðu að fylgjast með úrslitaleik Arsenal og Barcelona í meistaraeldinni?

Já	38%
Nei	62%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telurðu að Silvía Nótt sé góð landkynning?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Metþátttaka í mótmælum gegn breytingum á danska velferðarkerfinu:

110.000 Danir mótmæla

DANMÖRK Hundrað og tíu þúsund Danir mótmæltu fyrirhuguðum breytingum á velferðarkerfinu á götum úti í gær. Voru kröfugöngur gengnar í fimm stærstu borgum landsins. Skipuleggjendur mótmælanna voru ánægðir með þátttöku samkvæmt fréttum danskra fjölmiðla, þrátt fyrir yfirlýst markmið þeirra um að mótmælendur yrðu rúmlega hundrað og fimmtíu þúsund.

Flestir söfnuðust saman fyrir framan Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn, þar á meðal Helle Thorning-Schmidt, formaður Jafnaðarmannaflokksins, en stjórnarflokkarnir hafa síð-

ustu daga gagnrýnt þátttöku flokksins í skipulagningu mótmælanna. Talsmenn flokkanna segja mótmælinu engu breyta um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar í málinu, breytingarnar séu mikilvægar og séu gerðar með hagsmuni fólksins sem tók þátt í mótmælunum að leiðarljósi.

Helstu stéttarfélag Danmerkur stóðu að mótmælunum og voru hækkanir á ellilífeyrisaldringum, lægri dagpeningur til sjúklinga og öryrkja og niðurskurður í heilbrigðis- og menntakerfinu þau mál sem hvað harðast var mótmælt.



MÓTMÆLT Danskir fjölmiðlar segja 110.000 manns hafa mótmælt á götum danskra borga í gær.

Vegatollur í Stokkhólmi:

Meirihluti vill borga áfram

SVIÐJÓÐ, AP Meirihluti íbúa í Stokkhólmi vill að vegagjöld verði til frambúðar í miðborg Stokkhólms til þess að draga úr umferðarþunga.

Sjö mánaða tilraunatímabili lýkur í júlí, en þegar það hófst í janúar voru flestir á móti því. Nú hefur borgarbúum þó snúist hugur því 62 prósent vilja að þetta fyrirkomulag verði til frambúðar.

Flokkur Græningja átti frumkvæði að vegatollinum, sem hefur skilað þeim árangri að umferð til og frá miðbænum hefur minnkað um 23 prósent.



VILL FIMM MILLJÓNIR Mál Jónínu Benediktsdóttur gegn fyrverandi ritstjórn DV var tekið fyrir í dómssal í gær.

Jónína Benediktsdóttir:

Vill 5 milljónir í miskabætur

DÓMSMÁL Jónína Benediktsdóttir fer fram á fimm milljónir króna í miskabætur frá fyrverandi ritstjórn DV, þeim Mikael Torfasyni og Jónasi Kristjánssyni, vegna umfjöllunar blaðsins um einkalíf hennar.

Var málið dómtekið í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur en Jónína heldur því fram að blaðið hafi með umfjöllun sinni svert mannorð hennar og gert lítið úr persónu sinni. Fer hún enn fremur fram á þyngstu mögulega refsingu til handa hinum ákærðu, sem getur mest orðið eins árs fangelsi eða fésektir.

Landssamtök foreldra:

Árleg foreldra-verðlaun veitt

VERÐLAUN Ingibjörg Einarsdóttir og Baldur Sigurðsson hlutu Foreldra-verðlaun Heimilis og skóla, landsamtaka foreldra, fyrir frumkvöðlastarf og óeigingjarna vinnu í þágu Stóru upplestrarkeppinnar.

Markmið verðlaunanna er að vekja athygli á þeim mörgu verkefnum sem efla starf grunnskólanna og öflugt og jákvætt samstarf heimila, skóla og samfélagsins. Auk Foreldra-verðlaunanna sjálfrá voru veitt tvenn hvatningarverðlaun og ein dugnaðarforkaverðlaun.

LÖGREGLUMÁL

Innbrot á bensinstöð Brotist var inn á bensinstöð við Steina undir Eyjafjöllum í gærmorgun og stolið þaðan tóbaki og smámynt. Lögreglan á Hvolsvelli segist hafa mann grunaðan um brotið.

Eldur í dagblöðum Kveikt var í blaðabunka í Völvufelli í gærnótt. Búið var að slökkva eldinn þegar slökkvilið kom á staðinn. Reykur hafði þó borist inn í stigagang fjölbýlishúss og þurfti að ræsta ganginn. Engan sakaði.

Góðærið hefur ekki náð til eldri borgara

Hróp voru gerð að fjármálaráðherra á fundi um málefni aldraðra. Þeir sem hafa hæstu launin eru eini hópur samfélagsins sem greiddi lægri skatta 2004 en þeir gerðu 1994. Sjöttíu prósent lífeyris fara til ríkisins í skerðingar og skatta.

SAMFÉLAGSMÁL Fullt var út úr dyrum á fundi um þjóðaráttak í málum aldraðra sem Aðstandendafélag aldraðra og Landssamband eldri borgara stóð fyrir í Háskólabíói á Þriðjudagskvöld. Sív Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra voru á fundinum afhentar tæplega þrettán þúsund undirskriftir eldri borgara og öryrkja þar sem skorað er á stjórnvöld að beita sér í málefnum þessara hópa. Stefán Ólafsson, prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, flutti erindi um þróun kjaramála eldri borgara og öryrkja á undangengnum áratug.

Stefán heldur því fram að hagsmunir eldri borgara og öryrkja hafi verið fyrir borð bornir í góðærinu. Þetta hafi gerst vegna aukinnar skattbyrði, skerðingarreglna almannatrygginga og annarra þátta í stefnu stjórnvalda.

Stefán skiptir þjóðinni í tíu tekjuhópa og þar kemur fram að þeir sem eru í fjórum neðstu tekjuhópnum hafi tekið á sig aukna skattbyrði, frá um níu til



FRÁ FUNDINUM Hvert sæti var skipað enda brenna málefni eldri borgara og öryrkja á stórum hluta þjóðarinnar. Fundarmönnum var heitt í hamsi og kröfðu þá sem tóku þátt í pallborðsumræðum um skýr svör.

fimmtán prósentum, á tímabilinu 1994 til 2004. Ástæður þessa segir Stefán vera rýrari skattleysismörk og að þessi hópur sé að stórum hluta lífeyrisþegar. Aðeins þeir sem allra hæst hafa launin beri lægri skattbyrðar en þeir gerðu 1994. Skattbyrði þeirra minnkaði um rúm þrjú prósent.



PALLBORÐIÐ Sív Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, og Dagur B. Eggertsson, oddviti borgarstjórnar flokks Samfylkingarinnar, voru á meðal þeirra sem tóku þátt í pallborðsumræðunum.

Stefán ræddi einnig lífeyrissjóðakerfið í erindi sínu þar sem hann hélt því fram að ríkið tæki hátt í sjöttíu prósent af meðal lífeyris-tekjum í skerðingar og skatta. Stefán telur að óumflýjanlegt sé að stokka upp skatta- og almannatryggingakerfið og fyrst þurfi að hækka skattleysismörk.

Eftir að Stefán lauk erindi sínu fóru fram pallborðsumræður þar sem sátu fyrir svörum Árne M. Mathiesen fjármálaráðherra, Sív Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður Sambands sveitarfélaga, Dagur B. Eggertsson oddviti borgarstjórnar flokks Samfylkingar og Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landsamtaka lífeyrissjóða, auk formanna Samfylkingar, Vinstri grænna og Frjálslyndra. Kom meðal annars fram áhugi fyrir því að málefni aldraðra yrðu færð til sveitarfélaganna í auknum mæli og búsetumál þeirra yrðu skoðuð sérstaklega.

svavar@frettabladid.is

Júróvisjón-fagnaður!

Gleði og gláumur munu ríkja í Júróvisjónfagnaði Vinstri grænna í **Ólveri, Glæsibæ** í kvöld. Fylgjumst með Silvíu Nótt á breiðtjaldi vefja Evrópubúum um fingur sér. Keppnin hefst kl. 19:00.

Vinstri græn skemmtiatriði. Karóki að keppni lokinni. 20 ára aldurstakmark.

Vinstri græn - hreinar línur



VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

Sóley Tómasdóttir skipar 4. sæti

Guggu ráð:

Nú er rétti tíminn fyrir

Casoron

Heldur trjábeðum og gangstigum lausum við illgresi



GARÐHEIMAR

ALLT Í GARDINN 60 ÁRA REYNSLA

Stekkjarkakka 6 • Mjódd • Sími: 540 33 00 • Veffang: www.gardheimar.is

Sív Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra:

Nefnd skilar af sér í haust

SAMFÉLAGSMÁL „Forsætisráðherra skipaði fyrir nokkru nefnd sem er að taka einmitt á þessum málum sem voru rædd á fundinum í gær, eða kjaramálum aldraðra. Landsamband eldri borgara á fulltrúa í þeirri nefnd og á þeim vettvangi er verið að vinna að kjaramálum þeirra. Ég býst við að þessi nefnd skili af sér í haust og hún er einmitt að skoða þær kjaraskerðingar sem voru til umræðu í gær.“ Sív segist þeirrar skoðunar að mjög æskilegt sé að draga úr tekjutengingum en erfitt sé að segja til á hvaða hátt það verður gert nákvæmlega.

Sív segir að mikil vinna sé í gangi í heilbrigðisráðuneytinu

varðandi búsetumál eldri borgara og hún hafi haldið mjög gagnlegan fund með Félagi eldri borgara í gær varðandi þau mál og öldrunarþjónustuna í heild. „Á næstu mánuðum munum við halda áfram að efla heimahjúkrun og því eru það vonbrigði að mörg sveitarfélög eru um leið að draga úr sinni félagsþjónustu. Það er áhyggjuefni á sama tíma og verið er að tala um að færa málaflokkinn yfir til sveitarfélaganna sem ég tel að þurfi að skoða í fullri alvöru.“ Sív segir það mikilvægt að þjóna sem flestum heima því þar líði fólki best og gefur möguleika á að halda kostnaði niðri.



SÍV FRÍÐLEIFSDÓTTIR Segir að heimahjúkrun verði eflað á næstu mánuðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Til hamingju Ísland!



Gildir einungis í dag

Grillaður kjúklingur

TILBOÐ
799 kr/stk
Verð áður 899,-



20%
afsláttur við kassa

New Orleans BBQ svínaríf

TILBOÐ
1.239 kr/kg
Merkt verð 1.549,-

Fórfel



Dijon hunangs sósa



Rósapipar sósa



Basil & hvítlauks sósa

Mest seldu grillsósurnar í Hagkaupum!

Hefur þú prófað?



TILBOÐ
99 kr/stk
Verð áður 213,-

Sprite zero 2 ltr.



TILBOÐ
249 kr/stk
Verð áður 299,-

Freyju hrísþoki 200 g



20%
afsláttur

Maarud snakk

Gildir til 21. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Goða grillkjötið er heitast á grillið í sumar!

GÓÐI

BÍLL DAGSINS

RENAULT MEGANE SCENIC 4X4

Nýskr 10.02 - Beinskiptur - Ekinn 104 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð áður: 1.180.000,-
Tilboð: **880.000,-**

50.000 kr.

af bensini fylgja öllum notuðum bílum

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



HÁLAUNASTÖRF Almennir starfsmenn verða með allt að fjórar milljónir í árslaun.

Alcoa Fjarðarál og verkalýðsfélagin:

Náðu kjarasamningi

VERKALÝÐSMÁL Alcoa Fjarðarál og verkalýðshreyfingin skrifuðu í gær undir vinnustaðasamning fyrir starfsmenn í framleiðslustörfum og viðhaldsstörfum. Fáir hafa enn verið ráðnir en meirihluti þessara starfsmanna, alls um 300, verður ráðinn núna í haust. Við það bætast um 100 sér-

hæfðir starfsmenn. Samningurinn nær til tilvonandi starfsmanna í álverinu á Reyðarfirði og gildir frá 1. júní í ár til 30. nóvember árið 2010. Þau verkalýðsfélög sem koma að samningnum eru Rafiðnaráðarsamband Íslands, Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar og Starfsgreinafélag Austurlands. - **gpg**

Purrkar í austurhluta Afríku:

Heilsu barna í Afríku ógnað

BARNAHJÁLP Miklir purrkar ríkja í austurhluta Afríku og ógna lífi tugþúsunda barna. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna, UNICEF. Þurrkar á þessu svæði í Afríku hafa versnað síðustu ár og bitna verst á hirðingjum sem þar fara um og börnum þeirra. UNICEF mun auka áhersluna á aðstoð í þessum hluta Afríku og veita hirðingjum meiri stuðning en starf við það er þegar hafid.

UNICEF leggur áherslu á að með því að veita hirðingjum frekari þjónustu þá sé hægt að forðast þá ógn sem stafar af þurrkunum. - **gpg**

47 hjúkrunarfræðingar frá 10 löndum

Fjörutíu og sjö hjúkrunarfræðingar af tíu þjóðernum starfa á Landspítalanum. Þeir eru einkum frá Norðurlöndunum og Filippseyjum. Von er á fleirum.

HEILBRIGÐISMÁL Nær 50 hjúkrunarfræðingar frá 10 þjóðlöndum starfa nú á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, samkvæmt upplýsingum frá Önnu Stefánsdóttur, hjúkrunarforstjóra á LSH. Flestir þeirra eru frá Norðurlöndum og Filippseyjum.

Til viðbótar hafa átta hjúkrunarfræðingar frá Norðurlöndunum verið ráðnir eða eru að ráða sig til starfa á spítalanum um þessar mundir. Um er að ræða þrjár ráðningar til lengri tíma og fimm að auki í sumarafleysingar. Þá hafa sex hjúkrunarfræðingar frá öðrum löndum en Norðurlöndunum ráðið sig eða eru að ráða sig til vinnu á LSH. Fréttablaðið greindi frá því í gær að spítalinn hefði nýverið auglýst eftir hjúkrunarfræðingum erlendis.

Ríkisstjórnin ræðir þessa dagana þann bráðaskort á starfsfólki sem skapast hefur á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Menntamálaráðherra og heilbrigðisráðherra hafa farið yfir leiðir til að mennta fleiri hjúkrunarfræðinga. Þá hafa verið fundnar lausnir varðandi fjölgun sjúkraliða með því að liðka

fyrir aðkomu þeirra að námi.

„Hið síðarnefnda er þegar farið að skila sér,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. Við sjáum aukningu í sjúkraliðanámi við Fjölbautaskólann í Ármúla, þar sem þeir sem eru 23 ára og hafa tiltekna starfsreynslu í sjúkraliðastörfum þurfa ekki að taka 120 einingar eins og algilt hefur verið, heldur 60 einingar. Þetta er farið af stað og er greinilega að skila sér meðal þeirra sem eldri eru.“

Hvað varðar hjúkrunarfræðinga segir ráðherra að huga þurfi að því að hér sé menntaður nægilegur fjöldi þeirra. Það mál verði rætt frekar í ríkisstjórninni. „Við erum að fara yfir þessi mál og vonandi getum við skýrt línur hið fyrsta,“ sagði ráðherra.

„Eitt af þeim atriðum sem hafa verið til umfjöllunar er að lyfta þakinu á fjöldatakmörkunum í



HJÚKRUNARFRÆÐINGAR Samtals 47 erlendir hjúkrunarfræðingar hlaupa nú undir bagga með íslenskum kollegum sínum á LSH.

náminu. Við erum meðal annars að athuga hvað Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri geta gert. Við verðum einnig að hafa í huga þá meginstefnu, að það eru háskólarinnir sjálfir sem ráða að langmestu leyti námsframboðinu. Þeir hafa sótt í þetta sjálfstæði. Þetta erum við að vega samhliða því að forfast í augu við þá þörf sem er fyrir fjölgun í ákveðnum stéttum.“

jss@frettabladid.is

LEGACY

SUBARU

Hjólandi gott tilboð! 240.000 kr. kaupuki með hverjum seldum Legacy



STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan **2.390.000,-** Sjálfskiptur Sedan **2.590.000,-** Beinskiptur Wagon **2.590.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.740.000,-**

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Selfossi 482-3100	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453
-------------------------	----------------------	----------------------	----------------------	-------------------------------	-------------------------

TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI

- Tvö vönduð Mongoose fjallahjól að eigin vali
- Thule hjólafesting á kúlu fyrir þrjú fjallahjól
- Dráttarbeiðli og uppsetning
- Vönduð heilsársdekk
- Tilboð að verðmæti 240.000 kr.

Eurovision grillveisla!

Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár

LAMBA-
GRILLKÓTELETTUR

998 kr.
kg

120g Nóatúns
grillhamborgari



NÓATÚNS
GRILLHAMBORGARI

129 kr.
stk.

Úr
Kjötborði
Nóatúns

30%
afsláttur



GOURMET GRÍSAKÓTELETTUR
LÉTTREYKTAR

1.207 kr.
kg

30%
afsláttur



GOÐA BRATWURST
GRILLPYLSUR

724 kr.
kg



TILBÚIN GRILLSPJÓT

BEINT Á GRILLIÐ, Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM - VERÐ FRÁ:

298 kr.
stk.



MAÍSKÓLFAR
GÓMSÆTIR Á GRILLIÐ

169 kr.
stk



GRÆNMETIS GRILLBAKKAR
MEÐ GÓMSÆTRI KRYDDBLÖNDU

499 kr.
stk



DUCHES KARTÖFLUR
MEÐ SPÍNATFYLLINGU

998 kr.
kg

NÓATÚN

STEFNA VINSTRI GRAENNA

KYNJABORGIN REYKJAVÍK

- Kynbundnu launamisrétti verði útrýmt
- Launaleynd hjá borginni verði afnumin
- Markvisst unnið gegn kynbundnu ofbeldi
- Klámi útrýmt úr opinberu rými og súlustaðir bannaðir
- Jafnréttisfræðsla fyrir allt starfsfólk borgarinnar, með áherslu á stjórnendur og uppeldisstarfsfólk
- Stuðningur við lítil og meðalstór fyrirtæki með áherslu á atvinnustarfsemi kvenna
- Við skipan í nefndir og ráð borgarinnar skal ávallt gæta jafnræðis milli kynja
- Aukinn stuðningur og samstarf við frjáls félagasamtök um kynjajafnrétti
- Starfsfólki borgarinnar verði gert kleift að axla ábyrgð á fjölskyldulífi
- Stuðningur borgarinnar við félagasamtök verði háður því að jafnréttis- og forvarnaráætlunum borgarinnar sé framfylgt
- Íþróttaiðkun stelpna hafi sama vægi og stráka
- Kynjamiðuð fjárhagsáætlanagerð í Reykjavíkurborg
- Reykjavík verði leiðandi afl í kvenfrelismálum



Bókaðu bílinn heima - og fáðu 500 Vildarpunkta



Ef þú bókar bílaleigubílinn heima á Íslandi bíður hann þín á áfangastað. Hver leiga færir þér 500 Vildarpunkta að auki. Bókaðu bílinn núna í 50 50 600 og tryggðu þér meira öryggi og betri þjónustu á ferðum þínum erlendis hvert sem leið þín liggur.

Hertz

50 50 600 • www.hertz.is

Safnaðu
Vildarpunktum



SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

ÚRSLIT KOSNINGANNA 2002
Fjöldi íbúa á kjörskrá: 1090
Fjöldi greiddra atkvæða: 981 (90%)
Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn: 7

Listi Framsóknarflokksins (B)
343 atkvæði - 2 fulltrúar
Listi Frjálslyndra til sjávar og sveita (C)
124 atkvæði - 1 fulltrúi
Listi Sjálfstæðisfélagsins Ægis (D)
347 atkvæði - 3 fulltrúar
Listi Samfylkingar og óháðra (P)
151 atkvæði - 1 fulltrúi

Meirihlutasamstarf kjörtímabilið 2002-2006 er með Sjálfstæðisfélaginu Ægi (D) og Samfylkingu og óháðum (P)

Fulltrúar B-lista í sveitarstjórn:
Baldur Kristjánsson
Páll Stefánsson

Fulltrúi C-lista í sveitarstjórn:
Þórhildur Ólafsdóttir

Fulltrúar D-lista í sveitarstjórn:
Hjörleifur Brynjólfsson

Sigurður Bjarnason
Stefán Guðmundsson

Fulltrúi P-lista í sveitarstjórn:
María Sigurðardóttir

KOSNINGAR 2006
Efstu menn B-lista, Framsóknarflokks:

1. Páll Stefánsson dýralæknir
2. Ásgeir Ingvi Jónsson fiskiðnaðarmaður
3. Henný Björg Hafsteinsdóttir verkstjóri
4. Jón Ingi Jónsson framleiðslustjóri

Efstu menn D-lista, Sjálfstæðisfélagsins Ægis

1. Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri
2. Birna Borg Sigurgeirsdóttir verslunarmaður
3. Stefán Jónsson framkvæmdastjóri
4. Sigríður Lára Ásbergisdóttir sérfræðingur

Efstu menn S-lista, Samfylkingar og óháðra

1. Dagbjört Hannesdóttir viðskiptafræðingur
2. Hróðmar Bjarnason framkvæmdastjóri
3. Elín Björg Jónsdóttir formaður FOSS
4. Sigurður G. Guðmundsson pípulagn.meist.

Bjartsýni ríkir í sveitarfélaginu Ölfusi:

Lítið um átakamál

KOSNINGAR Sveitarfélagið Ölfus varð til við sameiningu Ölfus-hrepps og Þorlákshafnar. Það teygir sig frá vestanverðu Ingólfsfjalli, niður Ölfus meðfram Ölfusá vestur í Selvog. Þéttbýliskjarnar eru tveir, Þorlákshöfn og Árbæjarhverfi rétt utan Selfoss. Íbúafjöldi var 1.800 manns hinn 1. desember 2005.

Þrjú listar bjóða fram í sveitarfélaginu Ölfusi og hefur fækkað um einn síðan 2002. Þá fékk listi frjálslyndra til sjávar og sveita einn mann sem hinir flokkarnir hljóta að berjast um að fá nú. Efstu menn lista eru sammála um að átakamál í sveitarfélaginu séu hvorki mörg né stór og því er afar erfitt að geta sér til um stöðu flokkanna. Einn frambjóðandi orðaði það svo að stærsti gallinn við pólitíkina í Ölfusi væri sá hvað allir væru sammála.

Sjálfstæðismenn og Samfylking hafa stýrt undanfarið kjör-



ÞORLÁKSHÖFN Þorlákshöfn er miðstöð stjórnsýslunnar í sveitarfélaginu Ölfusi og þar búa flestir íbúar sveitarfélagsins.


FRÉTTAHLAÐIÐ/EINAR ELÍASSON

tímabil og virðist sem samstarf flokkanna hafi gengið ljómandi vel. Talsverð uppbygging hefur verið í Ölfusi og búist er við að hún aukist mjög á næstu misserum, enda fer eftirspurn eftir búsetu í sveitarfélaginu vaxandi, ekki hvað síst frá fólki á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnumálin eru á uppleið, nýbúið að ganga frá samningum um átöppunarverksmiðju vegna vatnsútflutnings og svo er einn glæsilegasti golfvöllur landsins að verða til í sveitarfélaginu, sem heimamenn trúa að eigi eftir að draga til sín fólk og skapa atvinnu. - ssa

SVEITARSTJÓRNAR KOSNINGAR Ölfus 2006

Dagbjört Hannesdóttir S-lista:
Ætlum að gera betur en síðast

Dagbjört Hannesdóttir skipar efsta sæti S-listans. „Það er mikið af nýju fólki á listanum og mikill baráttuhugur í höpnum,“ segir hún. Síðast fékk listi Samfyl-



ingar og óháðra sem þá hét P-listi einn mann kjörinn en nú er stefnt að þremur mönnum. „Við ætlum að gera betur og ég hef aldrei fundið fyrir jafngóðri stemningu og nú,“ segir hún. P- og D-listi hafa verið í meirihluta á kjörtímabilinu og segir Dagbjört samstarfið hafa gengið vel enda engin stórágreiningsmál á ferðinni. „Þetta snýst meira um persónur og traust.“

Hún segir fjölskyldumál áherslumál S-listans og líka umhverfis- og atvinnumál. „Atvinnumálin eru á uppleið, en það vantar fjölbreytni.“

Dagbjört segir S-listann halda öllu opnu um samstarf eftir kosningar. „Það verður samningsatriði,“ segir hún.

Ólafur Á. Ragnarsson D-lista:
**Spennandi tím-
ar framundan**

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri fer fyrir D-lista. „Það eru fyrirsjáanleg mikil mannaskipti í bæjarstjórninni og ég var beðinn um að leiða listann



vegna þeirrar reynslu sem ég hef.“ Ólafur segir mjög spennandi tíma framundan í Ölfusi. „Mér finnst þetta mest spennandi sveitarfélag landsins, hér er mikil uppbygging framundan.“

Hann segir D-lista leggja áherslu á atvinnumál og nefnir nýja vatnsátöppunarverksmiðju og nýjan golfvöll sem gott innlegg í þeim efnum. „Þetta er umhverfisvæn stóriðja sem mun breyta allri ímynd samfélagsins hér.“ Ólafur nefnir líka fjölskyldumál, uppbyggingu skóla og íþróttamannvirkja og þjónustuhús fyrir eldri borgara. „Við göngum bjartsýn til kosninga og markmiðið er að halda okkar hlut að minnsta kosti,“ segir Ólafur Áki.

Páll Stefánsson B-lista:

Mikil uppbygging fyrirsjáanleg

Páll Stefánsson, dýralæknir og forystumaður B-listans, var kominn á fremsta hlunn með að hætta í pólitíkinni en snerist hugur. „Ég fékk eindregnar áskoranir um að halda áfram og varð við þeim.“ Hann er mjög ánægður með skipan listans. „Þetta er ungur listi og á honum er mjög góð skipting bæði milli kynja og milli þéttbýlis og dreifbýlis.“

Ágreiningur milli listanna þriggja er lítil að sögn Páls en B-listinn hefur verið í minnihluta. „Það er stundum sagt að gallinn við pólitíkina í Ölfusinu sé sá hvað allir eru sammála.“ Hann

segir B-listann meðal annars setja aukna þjónustu við íbúana á oddinn en nefnir líka skólumál og skipulags- og byggingamál. „Það eru miklar framkvæmdir í sveitarfélaginu og hér er fyrirsjáanleg mikil uppbygging og fjölskyldugun. Þá viljum við að skipuð verði sérstök atvinnu- og ferðamálanefnd á næsta kjörtímabili.“



35%
Afsláttur

**Virk
Sam-
keppni**

KRONAN
VIRK SAMKEPPNI

Móar
kjúklingabringur
1.599
kr./kg

30%
Afsláttur
KRÓNU PÚRRKRYDDADAR
LAMBAGRILLSNEIÐAR

30%
Afsláttur
GÓÐA GRÍSAUNDIR

20%
Afsláttur
GRÍMS FISKRETTIR
316 KR./STK

Goða
Medisterpylsa
498
kr./kg

30%
Afsláttur
GRÍSAOFNSTEIK
1.049 KR./KG

Krónubrauð
stórt og gróft
99
kr./stk

Eurovision stemmning á lægra verði

FULLSTEIKT
SKORID
kjúklingakjöt
Móa kjúklingastrimlar
steiktir og skornir
1.119
kr./kg

50%
Afsláttur

Parmaskinka
299
kr./pk

50%
Afsláttur

Soðnar rækjur
með dippi
299
kr./pk

**WANTED TORTILLA
VÖRUR Á FRÁBÆRU
VERÐI**

**2
FYRIR**
AF WANTED TORTILLA
FLÖGUR

Veisluostar
verð frá
117
kr./stk

**2 lítrar af Coke eða
Coke Light og Maarud
flögur á 399 kr.**



**Meira
úrval**

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

Öskjuhlíðarskóli hlaut alþjóðlega viðurkenningu fyrir umhverfisstarf:

Ráðherra afhenti Grænfána

VIÐURKENNING Öskjuhlíðarskóli, sérskóli fyrir börn með þroska-skerðingu, hlaut í gær Grænfánann, alþjóðlega viðurkenningu fyrir umhverfisstarf. Umhverfisráðherra afhenti fánann ásamt fulltrúum Landverndar við hátíðlega athöfn í gær. Að því loknu hófst hátíð þar sem gestum gafst tækifæri til að skoða sýningu sem nemendur settu upp á verkum sem unnin voru í umhverfisfræðslu.

Öskjuhlíðarskóli er einn fjögurra skóla í Reykjavík sem fá Grænfánann á þessu vori, en hinir eru Fossvogsskóli, Víkurskóli og Selásskóli. Fáninn er

tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum og nýtur mikillar virðingar víða í Evrópu.

Hér á landi taka 67 leik- og grunnskólar þátt í verkefninu Skóli á grænni grein sem miðar að því að ná þessum áfanga, en alls hafa um 4.000 skólar í Evrópu hlotið þessa viðurkenningu.

- sh

UMHVERFISVÆN

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra ásamt börnum úr Öskjuhlíðarskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sjóðheitt tilboð

1000 kr. afsláttur

af öllum herraskyrtum í versluninni

18. - 28. maí

Verð frá

Áður 1.690 kr. - 6.990 kr.

Nú 690 kr. - 5.990 kr.



Opið til 21:00
alla fimmtudaga

Gildir ekki með öðrum tilboðum

DEBENHAMS

SMÁRALIND



ROMANO PRODI KYNNIR RÁDHERRALISTANN Meira en mánaðarlangri óvissu um stjórnarmyndun lauk í gær á Ítalíu þegar ný forsætisráðherrann kynnti ráðherralista sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Prodi myndar stjórn

Í gær kynnti Romano Prodi nýja ríkisstjórn sína á Ítalíu. Stjórnin hefur afar nauman meirihluta á þingi en Prodi lofar að hún endist út kjörtímabilið.

ÍTALÍA, AP „Þetta er hópur sem endist allt kjörtímabilið,“ sagði Romano Prodi í gær um nýju ríkisstjórnina. „Þetta er mjög samleit-ur hópur og ég vona að okkur komi vel saman.“

Prodi afhenti Giorgio Napolitano forseta ráðherralista sinn í gær, daginn eftir að hann fékk stjórnarmyndunarumboð. Þar með lauk meira en mánaðarlöngu óstöðugleikatímabili í ítölskum stjórnvöldum, sem hófst í kjölfar þingkosninganna í síðasta mánuði.

Prodi og flokkabandalag hans vann þar afar nauman sigur á Silvio Berlusconi, fyrrverandi forsætisráðherra, sem lengi vel neitaði þó að viðurkenna ósigur sinn.

Prodi gat þó ekki myndað nýja stjórn fyrr en nýr forseti væri tekinn við af Carlo Azeglio Ciampi,

sem hafði tilkynnt fyrirfram að hann myndi láta eftirmanni sínum eftir að veita stjórnarmyndunarumboð.

Napolitano tók við forsetaembættinu á mánudaginn og afhenti síðan Prodi stjórnarmyndunarumboð degi síðar.

Að nýju stjórninni standa tveir stórir miðjuflokkar ásamt fjölskrúðugum hópi smærri flokka, allt frá kommúnistum til fyrrverandi kristilegra demókrata.

„Þeir hafa sæst á þetta, þótt ekki sé víst að allir séu ánægðir,“ sagði Prodi stuttu áður en hann kynnti ráðherralista sinn í gær. Hann þarf þó að geta treyst á stuðning þeirra allra, þar sem einungis fáir þingmenn þurfa að hlaupast undan merkjum til þess að stjórnin falli.

Tveir fyrrverandi forsætisráðherrar eru í nýju ríkisstjórninni, þeir Massimo D'Alema, fyrrverandi kommúnisti sem verður utanríkisráðherra, og Giuliano Amato úr Sósíalístaflokknunum, sem verður innanríkisráðherra og hefur þar með yfirráð yfir lögreglu landins og leyniþjónustunni.

Arturo Parisi, náninn samstarfsmaður Prodis, verður varnarmálaráðherra.

Í gær voru liðin nákvæmlega tíu ár frá því fyrri ríkisstjórn Prodis tók til starfa, hinn 17. maí árið 1996. Sú stjórn entist til ársins 1998 þegar Kommúnístaflokkurinn lét af stuðningi sínum.

„Þetta er virkilega sérstakt,“ sagði Prodi um þessa tilviljun. „Það er svo margt sem hefur gerst.“

gudsteinn@frettabladid.is

Glitnir heitir á starfsmenn sem taka þátt í Reykjavíkumaraþoni:

Borgar þrjú þúsund á kílómetra

HEILSA Reykjavíkumaraþon Glitnis fer fram hinn 19. ágúst en þetta er í 23. sinn sem hlaupið er haldið. Glitnir, sem er aðalsamstarfsaðili hlaupsins, hefur ákveðið að heita á starfsmenn sína sem taka þátt og greiða 3.000 krónur fyrir hvern hlaupinn kílómetra, sem munu renna til góðgerðarmála. Ef starfsmaður hleypur til dæmis heilt maraþon er framlag Glitnis 126.000 krónur. Starfsmaður getur síðan valið til hvaða málefnið upphæðin rennur. Vinir og aðstandendur starfsmanna geta einnig lagt sitt af mörkum og heitið á hlauparann í gegnum vefsíðu Glitnis.

Yfir 4.000 manns tóku þátt í hlaupinu í fyrra en markmiðið er að fjölga þeim enn frekar og setja upp hlaupahópa þar sem fólk kemur



REYKJAVÍKUMARAÞON GLITNIS Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, á ráslínu.

saman og æfir fyrir hlaupið. Hlaupahóparnir eru ætlaðir jafnt byrjendum og þeim sem eru reyndari en markmið hópanna er að auka hreyfingu sem stendur yfir allt sumarið,

ekki bara á degi maraþonsins. Innan Glitnis er nú heilsuáttak sem starfsmenn geta tekið þátt í og hlaupahópar starfsmanna hafa verið starfandi í vetur.

- spg



FRÁ AFHENDINGU Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, tekur við viðurkenningu frá Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fjármálaráðuneytið: Umferðarstofa til fyrirmyndar

RÍKISREKSTUR Umferðarstofu var í gær veitt viðurkenning sem ríkisstofnun til fyrirmyndar árið 2006. Karl Ragnars forstjóri veitti verðlaununum viðtöku fyrir hönd stofnunarinnar frá fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesen.

Fjármálaráðherra skipaði nefnd í janúar til þess að velja ríkisstofnun sem skarar fram úr. Óskað var eftir tilnefningum frá ráðuneytum og stofnunum. Tölf greinargerðir bárust og voru þær metnar eftir stefnumótun, framtíðarsýn og markmiðasetningu. Verðlaunagripinn í ár hannaði Jón Snorri Sigurðsson gullsmíð-
ur. - shá

TOYO Bestu dekkinn í USA
8 ár í röð Tire Review Magazine

TOYO TIRES
Low profile fyrir lúxusjeppa og sportbíla.

Frábært veggríp.
Mikil múkt.
Hágæða hönnun.

Veldu TOYO PROXES og skildu hina eftir.

Mikið úrval frábært verð.

NESDEKK Seltjarnarnesi Sími: 561 4110
KT verslun Akureyri Njarðarnesi S.466 2111
Bílaíð Bennna Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000

Ný frímerki gefin út í dag: Fossar á nýju frímerkjunum

FRÍMERKI Íslandspóstur gefur út tvær frímerkjaradír í dag. Annars vegar eru fimm merki þar sem myndefnin eru fossar á Íslandi og hins vegar Evrópufrímerkjin 2006 þar sem myndefnið er „aðlögun innflytjenda að nýjum heimkynnum séð með augum unga fólksins“. Merkin eru sjálfmíandi og er það í fyrsta sinn sem Íslandspóstur gefur út slík frímerki.



ÖXARÁRFOSS

Íslensku Evrópufrímerkjin 2006 urðu til í teiknisamkeppni nemenda í grafískri hönnun við Lista-háskóla Íslands og bar norskri skiptineminna Ole Kristian Öye sigur úr býtum. - sh

Ungmenn í Keflavík:

Hugðust poppa en kveiktu sinu

SINUELDUR Slökkvilið brunavarna Suðurnesja barðist í fyrradag ásamt lögreglu við sinueld á skógræktarsvæði við Rósaselstjarnir ofan við byggðina í Keflavík.

Varðeldur hafði verið kveiktur og ummerki bentu til að reynt hefði verið að poppa poppkorn. Eldurinn barst síðan í skógræktina og varð nokkuð af trjám eldinum að bráð.

Slökkviliðið flutti vatn á svæðið í tankbíl og dældi einnig vatni úr tjörn á staðnum. Ekki er vitað hverjir voru að verki en ljóst þykir að börn eða ungmenni voru á ferðinni. - sh

Framkvæmdastjóri FÍB:

Verð gengur ekki til baka

ELDSNEYTISVERÐ Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, telur að nokkuð sé til í því að eldsneyti sé einsleit vara og því leiti olúfélögin í það að elta hvert annað í verðmyndun eldsneytis. Gengi krónunnar hafi verið að styrkjast og heimsmarkaðsverð að lækka. Olúfélögin hafi lækkað verð fyrir tæpum tveimur vikum fyrst Atlantsólía hækkaði ekki verðið.



Runólfur segir að í kjölfar samkeppnisúrskurðarins fyrir tæpum tveimur árum og eignabreytinga á gömlum félögum hafi mátt greina lægri álagningu á fyrri hluta síðasta árs. Það hafi hins vegar breyst. „Þar kemur þessi gamla tilfinning okkar að verðhækkunar skili sér ekki jafn hratt til baka,“ segir hann. - ghs

明 SILVIA 星 NIGHT SUPERSTAR

Nú getur þú fengið ATLAS kreditkort hjá öllum bönkum

Er í boði **ATLAS**

5.000 kr. MasterCard ferðaávisun við stofnun korts. SMS með upplýsingum um stöðu og notkun kortsins. ATLAS fríðindahópur á atlaskort.is. Viðtækar ferðatryggingar og neyðarþjónusta á ferðalögum erlendis. Nánari upplýsingar á atlaskort.is og í síma 550 1500.

KB BANKI Landsbankinn spron GLITNIR

FAÐU ALLA LEIÐ

GLITNIR

ALLIR SIGRA!

REYKJAVÍKUR
MARAFON
GLITNIS
19. ÁGÚST



Reykjavíkumaraþon Glitnis er einstakur íþróttaviðburður þar sem þúsundir manna hlaupa sér til skemmtunar og heilsubótar. Hjá öllum er sigurinn sá að vera með.

Glitnir heitir á starfsmenn að hlaupa í þágu góðgerðamála

Glitnir hefur ákveðið að nota tækifærið í þágu góðra málefna og gefa þrjú þúsund krónur á hvern kílómetra sem starfsmenn bankans hlaupa. Verður upphæðinni ánaðnað góðgerðafélagi sem starfsmennirnir velja.

Auk þess geta allir aðrir heitið á starfsmenn Glitnis ákveðinni upphæð sem gefin verður til þess málefns sem starfsmaðurinn hleypur fyrir.

Skráning í hlaupið fer fram á glitnir.is en þar er einnig hægt að skrá sig í hlaupahóp, fá leiðsögn þjálfara, hlaupahandbók og æfingaáætlun. Núna er rétti tíminn til að byrja að æfa.

Glitnir er stoltur samstarfsaðili Reykjavíkumaraþonsins

Starfsmenn
Glitnis hlaupa
í þágu
góðgerðamála



Umhverfisráðherra á Nesinu: Staðfesti nýtt aðalskipulag

SKIPULAGSMÁL Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra undirritaði og staðfesti í gær nýtt aðalskipulag Seltjarnarness við golfvöllinn vestast á nesinu. Bæjarstjórn Seltjarnarness samþykkti samhljóða í febrúar til lögu að aðalskipulagi Seltjarnarness 2006 til 2024, en tillagan var auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins, á bókasafni bæjarins á Eiðistorgi og á Skipulagsstofnun frá 12. desember til 12. janúar. Athugasemdafrestur rann út 27. janúar og bárust fjórar athugasemdir sem leiddu til óverulegra breytinga á greinagerðinni. -sh

Bandaríkjaþing nálgast samkomulag um innflytjendalög:

Dæmdir menn útilokaðir

WASHINGTON, AP Öldungadeild Bandaríkjaþings samþykkti í gær að ólöglegir innflytjendur, sem hlotið hafa einn dóm fyrir alvarlegt afbrot eða þrjá dóm fyrir minniháttar afbrot, fái ekki möguleika á ríkisborgararétti samkvæmt nýjum lögum, sem eiga að auðvelda öðrum ólöglegum innflytjendum að fá ríkisborgararétt. Langvinnar deilur hafa staðið á Bandaríkjaþingi um þessa lögjöf. Þeir sem andvígir eru lögum segja að verið sé að veita ólöglegum innflytjendum sakaruppgjöf í stórum stíl. Málamiðlunin í gær gæti flýtt fyrir því að

endanleg niðurstaða fáiast í málið. Skriður komst á málið í þinginu eftir að George W. Bush forseti kynnti í sjónvarpsávarpi á mánudagskvöld tillögur um að herða mjög gæsluna meðfram landamærum Bandaríkjanna að Mexíkó. Þær tillögur hlutu þó misjafnan hljómgrunn á þingi. Repúblíkaninn Bill Frist, sem er leiðtogi meirihlutans í öldungadeildinni, sagði í gær að þingmenn gerðu sér fulla grein fyrir því að þörf væri á heildaraðgerðum, ekki nægði að stöðva innflytjendastrauminn á landamærunum. -gb



FORSETINN TALAR Þau fylgdust grannt með á mánudag þegar Bush Bandaríkjaforseti skýrði frá áformum sínum um að herða mjög gæslu við landamærin á milli Mexíkó og Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ályktun Blindrafélagsins: Skólamál sjónskertra í ólestri

FÉLAGSMÁL Blindrafélagið lýsir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem er í skólamálum blindra og sjónskertra barna eftir að blindra-deild Álftramýrarskóla var lögð niður haustið 2004. Þetta kemur fram í ályktun sem samþykkt var samhljóða á aðalfundi félagsins á laugarlag. Í ályktuninni segir að neyðarástand blasi við í þessum málum, þar sem eini starfandi blindra- kennarinn láti af störfum í vor. Blindir og sjónskertir grunnskólanemar eru 74 og átta munu bættast við í haust. Fundurinn hvetur menntamálaráðherra til að bregðast strax við. -sh

Frístundaheimili í Grafarvogi: Samfelldur skóladagur

SKÓLAMÁL Tómstundir verða færðar inn í frístundaheimili í Grafarvogi þannig að börn hefja frístundaiðkun sína um leið og skóladegi lýkur. Þetta er tilraunaverkefni sem mun hefjast næsta haust og ná til átta skóla í Grafarvoginum. Borgaryfirvöld hafa veitt fé til þess að ráða verkefnastjóra sem stýrir vinnuhópi og skipuleggur verkefnið. Samvinna verður við íþróttafélög, skátana og önnur tómsundafélög um að koma að verkefninu. Tilgangurinn er að vinnudagur barnanna ljúki á sama tíma og foreldranna og að fjölskyldan geti átt fleiri stundir saman. -gpg

480 föngum haldið í Guantánamo-fangabúðunum:

Nöfn allra fanga birt opinberlega

BANDARÍKIN, AP Bandaríska varnarmálaráðuneytið birti á mánudagskvöld lista yfir nöfn, aldur og þjóðerni allra fanga sem haldið hefur verið í fangabúðunum í Guantánamo á Kúbu síðan bandaríski herinn tók þær í notkun árið 2002. Ráðuneytið veitti upplýsingarnar eftir að AP-fréttastofan kærði það undir bandarískum upplýsingalögum. Samkvæmt ráðuneytinu hafa alls 759 karlmenn frá yfir 40 lönd-

um setið í búðunum, en í augnablikinu sitja þar um 480 manns. Flestir eru frá Afganistan, en jafnframt eru einn Sví, einn Dani, átta Bretar og sjö Frakkar á listanum, auk annarra. Allir eru þeir eða voru grunaðir um aðild að al-Kaída hryðjuverkanetinu eða talbönum, en eingöngu 10 þeirra hafa verið formlega ákærðir. Í apríl var haft eftir bandarískum hersaksóknara að verið væri að undirbúa ákætur á hendur 24 föngum til viðbótar.



FRÁ FANGABÚÐUM Bandaríski herinn sendi þessa mynd frá Guantánamo-fangabúðunum á Kúbu frá sér í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðuneytið gaf ekki upplýsingar um þá 275 manns sem hefur verið sleppt eða hafa verið færðir í önnur fangelsi. Talsmenn varnarmálaráðuneytisins segja að samþykkt hafi verið að sleppa eða

færa 136 aðra fanga, en brottför þeirra ráðist af ýmsum þáttum, þar með töldum meintum spurningum bandarískra ráðamanna um öryggi fanganna í heimalöndum sínum. -smk

Heilbrigðismál: Manneldisráð Íslands gefur út leiðbeiningar um mataræði

Í nýlegum ráðleggingum um mataræði frá Manneldisráði Íslands kemur fram að kostnaðslos lausnir eru að eilífar orkunnar komi ekki til útskýringu. Þetta er einn af mörgum málum sem Manneldisráðið hefur tekið tillit til í nýjum ráðleggingum um mataræði. Ráðleggingarnar eru byggðar á vísindlegum gögnum og hafa tilgangurinn að hjálpa fólki að ná heilbrigðri lífshæðni og forðast veikindi. Þetta er einn af mörgum málum sem Manneldisráðið hefur tekið tillit til í nýjum ráðleggingum um mataræði. Ráðleggingarnar eru byggðar á vísindlegum gögnum og hafa tilgangurinn að hjálpa fólki að ná heilbrigðri lífshæðni og forðast veikindi.

Nýrannsókn sýnir fram á gildi hreyfingar

Í nýlegri rannsókn sýnir fram á gildi hreyfingar. Þetta er einn af mörgum málum sem Manneldisráðið hefur tekið tillit til í nýjum ráðleggingum um mataræði. Ráðleggingarnar eru byggðar á vísindlegum gögnum og hafa tilgangurinn að hjálpa fólki að ná heilbrigðri lífshæðni og forðast veikindi. Þetta er einn af mörgum málum sem Manneldisráðið hefur tekið tillit til í nýjum ráðleggingum um mataræði. Ráðleggingarnar eru byggðar á vísindlegum gögnum og hafa tilgangurinn að hjálpa fólki að ná heilbrigðri lífshæðni og forðast veikindi.

Þá stækkuðu vöðvar og blóðflæðið jókst til muna. Mittismál þátttakenda varð minna þar sem varasöm fita sem safnast í kringum mittið var umbreytt í heilnæma vöðva. Kom í ljós að líðleiki fólks jókst einnig mikið. Mældur var líðleiki þátttakenda í fjarlægð frá fingurgómum og niður að gólfi, þegar þeir stóðu með beina fætur uppi á 20 cm háum kassa og beygdu sig fram á við. Fjarlægðin frá fingurgómum og niður á gólfið styttest um 4,3 cm meðan á tímabilinu stóð og því greinilegt að einungis klukkustundarlöng iðkun á dag gerir líkamann mun líðugri en áður. Andleg liðan batnaði að sama skapi, þátttakendur sváfu betur, leið betur og slökuðu betur á. Hlaup gagnast því sérlega vel til að fyrirbyggja og vinna bug á streitu, kvíða og þunglyndi. Niðurstaðan er sú að reglubundin hreyfing hefur svo heilvænleg áhrif á heilsuna að hún skyggir nánast á allt annað heilsuáttak. Þung rök hniga að því að reglubundin hreyfing sé veruleg lífsbót og hún bæði lengir og bætir lífið. Hún minnkar líkur á íþyngiandi sjúkdómum. Miklu máli skiptir að í þessu efni er meðalhófið nóg. Fitubólga þátttakenda í könnuninni til muna á tímabilinu en þótt að þyngd þeirra hafi ekki minnkað mikið

þá stækkuðu vöðvar og blóðflæðið jókst til muna. Mittismál þátttakenda varð minna þar sem varasöm fita sem safnast í kringum mittið var umbreytt í heilnæma vöðva. Kom í ljós að líðleiki fólks jókst einnig mikið. Mældur var líðleiki þátttakenda í fjarlægð frá fingurgómum og niður að gólfi, þegar þeir stóðu með beina fætur uppi á 20 cm háum kassa og beygdu sig fram á við. Fjarlægðin frá fingurgómum og niður á gólfið styttest um 4,3 cm meðan á tímabilinu stóð og því greinilegt að einungis klukkustundarlöng iðkun á dag gerir líkamann mun líðugri en áður. Andleg liðan batnaði að sama skapi, þátttakendur sváfu betur, leið betur og slökuðu betur á. Hlaup gagnast því sérlega vel til að fyrirbyggja og vinna bug á streitu, kvíða og þunglyndi. Niðurstaðan er sú að reglubundin hreyfing hefur svo heilvænleg áhrif á heilsuna að hún skyggir nánast á allt annað heilsuáttak. Þung rök hniga að því að reglubundin hreyfing sé veruleg lífsbót og hún bæði lengir og bætir lífið. Hún minnkar líkur á íþyngiandi sjúkdómum. Miklu máli skiptir að í þessu efni er meðalhófið nóg. Fitubólga þátttakenda í könnuninni til muna á tímabilinu en þótt að þyngd þeirra hafi ekki minnkað mikið



Einnig hefur komið fram að gildi hreyfingar er einnig verulegt þótt

„ORÐRÉTT“

Leyndó

„Ég gef ekki upp hvað er rætt á ríkisstjórnarfundum í einstökum atriðum.“

SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR HEILBRIGÐIS-RÁÐHERRA. FRÉTTABLAÐIÐ.

Sannleikur

„Við eigum sérstaklega bragðgóða mjólk.“

GUÐNI ÁGÚSTSSON LANDBÚNAÐ-ARRÁÐHERRA. MORGUNBLAÐIÐ.

nær og fjær
tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? KRISTJÁN JÓHANSSON ÓPERUSÖNGVARI

Temur óperustjörnur hist og her

„Það er allt gott að fréttu enda er 30 stiga hiti hérna við Gardavatnið og lífið alveg dásamlegt,“ segir Kristján Jóhannsson. „Ég var að keppa í siglingakeppni á Gardavatni um helgina og mitt lið hreppi fjórða sætið. Reyndar hefðum við átt að ná því þriðja en við tókum eina beygjuna of skarpt og okkur var refsað fyrir vikið og þurftum að taka auka snúning.“

Svo er nóg að gerast í tónlistinni en ég var að syngja á tónleikum með nokkrum nemanda minna á sunnudaginn var og það gekk afar vel. Þessa tónleika held ég til að gefa nemendum mínum færi á að spreyta sig. Það er gaman að segja frá því að meðal nemanda minna er Gissur Páll Gissurarson og ég er alveg viss um að hann á eftir að eiga glæstan feril í bransanum. Hann er með svona léttlyriska tenórrodd og hann fær aldeilis að spreyta sig í lok mánaðarins en þá flytjum við óperuna Madam Butterfly víða um Ítalíu og Gissur Páll fer með hlutverk Goro sem er aldeilis stór bita. Annar

nemandi minn á örugglega eftir að verða heimsfræg stjarna en hann heitir Corrado Cappitta, fólk ætti að fylgjast vel með honum.

Svo fer ég til Rómar, yfirleitt tvisvar í viku til að kenna þar líka í tónlistarskólanum í Vatikaninu. En í þetta skiptið kenni ég 28 nemendum af ýmsum þjóðernum í svokölluðum masterclass. Þá verða þrjú píanistar með mér, hver snillingur á sínu tónlistarsviði svo þetta verður gaman. Annars er þetta mjög skemmtilegt að kenna, reyndar getur það verið erfitt því maður er ekki alltaf með algjöra snillinga í tímum og þá verður maður að bita á tunguna svona endrum og eins.“



Það má segja ýmislegt um Þjóðverja...



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.

...en þeir hafa klárlega vit á bílum.



Mánaðargreiðsla 23.061,-*

1.890.000,- Beinskipt - 1.6 lítra

ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI: ESP skriðvörn, útvarps-fjarstýring í stýri, samlitir og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstólva og margt fleira.

Opel er besta þýska bílategundin skv. gæðakönnun bílartimaritsins Auto Bild. Í könnuninni var lagt mat á áreiðanleika, langtímagæði, þjónustu og ánægju viðskiptavina. Á hverju ári bitast Opel Astra og Volkswagen Golf um titilinn mest seldi bíll Evrópu. Nýja Astran er fallegur bíll, hlaðinn aukabúnaði og einn sá ódýrasti á götunni. Astran vekur hrifningu þína á hverjum degi, aftur og aftur.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

* Bilasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði



ÞAÐ VERÐUR LÍF OG FJÓR Í LAUGARDALNUM Guðni Bergsson segist hafa orðið var við mikinn áhuga fyrir leikunum í útlöndum enda Ísland og Reykjavík bæði þekkt og spennandi. Keppt verður í sex íþróttagreinum í Laugardalnum en golfkeppnin fer fram á völlum Golfklúbbs Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ungmennaleikar haldnir í Reykjavík næsta sumar

Von er á um 1.500 gestum til Reykjavíkur næsta sumar vegna Alþjóðaleika ungmenna í íþróttum. Eiður Smári Guðjohnsen verður verndari leikanna, sem fyrst voru haldnir í Sarajevo árið 1968.

„Laugardalurinn mun iða af lífi,“ segir Guðni Bergsson, formaður undirbúningsnefndar leikanna, en auk hans sitja í henni Anna Kristinsdóttir, Ari Bergmann Einarsson, Geir Sveinsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jónas Sigurðsson, Líney Halldórsdóttir og Sigrún Jónsdóttir.

Keppendur, sem eru á aldursbilinu 12-14 ára, koma frá um 40 borgum í um 30 löndum og reyna með sér í sjö íþróttagreinum; knattspyrnu, handbolta, júdó, sundi, frjálsum íþróttum, badminton og golfi.

Guðni segist hafa orðið var við mikinn áhuga fyrir leikunum í útlöndum enda Ísland og Reykjavík bæði þekkt og spennandi. „Þessir leikar eru virtir um víða veröld og mikið hefur verið lagt í þá síðustu ár.“ Fyrir tveimur árum voru þeir haldnir í Cleveland í Bandaríkjunum og í fyrra voru þeir í Coventry í Englandi. Í ár fara þeir hins vegar fram í Bangkok í Taílandi. Ísland hefur verið með síðustu ár og íslenskt keppnislið tekur þátt í Bangkok auk þess



EIÐUR SMÁRI Verður verndari leikanna.



REYKJAVÍK TEKUR VIÐ FRAMKVÆMD LEIKANNA Thorsten Rasch, forseti Alþjóðaleika ungmenna, Anna Kristinsdóttir, formaður ITR, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri og Guðni Bergsson, formaður undirbúningsnefndar leikanna.

þess sem Reykjavíkurleikarnir verða kynntir.

Þótt um íþróttaleika sé að ræða er áhersla lögð á jákvæðan anda og heilbrigði. „Fólk gerir sér æ betur grein fyrir hve hreyfing og íþróttastarf eru mikilvæg fyrir heilsuna og í raun menningu og samskipti þjóða,“ segir Guðni. „Brú er byggð milli landa, heimsálfa og menningarheima með því að krakkarnir hittist og kynnist. Leikarnir eru því mjög jákvæðir í alla staði.“

Líkt og áður segir fer Guðni fyrir sér-

stakri undirbúningsnefnd en Reykjavíkurborg og Íþróttabandalag Reykjavíkur, sem eru heildarsamtök íþróttafélaganna í borginni, koma að mótshaldinu. Þá verður það stutt af menntamálaráðuneytinu. Guðni segir mikla vinnu framundan næsta árið við undirbúning og skipulagningu, meðal annars þurfi að leita fjárstuðnings frá fyrirtækjum. „Við erum bjartsýn á að okkur verði vel tekið því ég held að þetta sé jákvætt og skemmtilegt framtak sem fyrirtækin hafa vonandi gaman af að taka þátt í.“

Eiður Smári Guðjohnsen verður verndari leikanna og telur Guðni það leikunum til framsýningar. „Hann er frábær fulltrúi og góð fyrirmynd fyrir íþróttafólk. Þá er hann þekktur á alþjóðlegum vettvangi og mun því vekja athygli á leiknum.“ Alþjóðaleikar ungmenna fara fram dagana 20. til 25. júní og er viðbúið að þeir setji sterkan svip á borgarlífið. Leikarnir hefjast með velegri setningarathöfn og þeim lýkur með mikilli hátíð í Laugardalnum. ■

Blómamarkaður

18. - 28. maí



990,-

STJÚPUR 20 stk. ýmsir litir



BLADET þrjár blómapottar
m/bakka Ø6 x H8 cm 350,-



BONDÖN blómapottur
hengi Ø15 x H17 cm 690,-
LÓBELÍA sumarblóm 390,-



490,-
PETÚNÍA
sumarblóm



ODLA bakki og þrjár pottar
30x10x7 cm 295,-



SOMMAR blómapottur
22x22x17 cm 350,-



VILDBÄR blómapottur
Ø15 x H14 cm ýmsir litir 95,-



STJÖRNUGLIT
sumarblóm 590,-



KAKAO blómapottur
Ø25 x H23 cm 890,-



490,-
DALÍA sumarblóm
SOMMAR blómapottur
Ø18x18 cm 490,-



SOMMAR garðkanna
1,5 l ýmsir litir 450,-



BJURÖN blómakassi
51x19x17 cm 1.490,-
FEJKA gerviblóm 345,-



TÄRNÖ garðhúsgögn
stóll 1400,-
borð 55x54 cm 1.690,-



690,-
MARGARITA
sumarblóm



BÄLSÖ blómapottur
Ø50 cm 3.490,-



BJURÖN blómavagn,
akasiuviður Ø30 cm 645,-




Ís
50,-

IKEA Restaurant



Svona erum við

> Íslenskir stúdentar við nám í Danmörku:

**baksvið**

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDA**Aðstandendur verða í fyrirrúmi**

Hin árlega álfasala SÁÁ er hafin. Þetta árið er hlutskipti fjölskyldu og aðstandenda þeirra sem þjást af áfengis- og vímuefnafíkn í fyrirrúmi en fjölskyldu- og forvarnarhús SÁÁ verður opnað á haustdögum.

Hvað er SÁÁ?

SÁÁ stendur fyrir samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavanda. Samtökin hafa starfað í tæpa þrjú áratugi en þau voru stofnuð 1977 af um fimmtíu áfengissjúklingum sem vildu búa til landssamtök til þess að vinna að hagsmunum þeirra sem eiga við áfengisvanda að stríða. Nýleg viðhorfskönnun sýnir að samtökin njóta mikils trausts hjá almenningi og flestir þátttakendur treysta SÁÁ best í meðferðarúrræðum.

Markmið?

Markmið samtakanna er að áfengissjúklingar sem og aðrir fíklar og aðstandendur þeirra eigi vól á sjúkrameðferð og endurhæfingu en boðið er upp á afvötnunar- og endurhæfingarstöðvar. Göngudeild er starfrækt innan samtakanna og boðið er upp á fræðslu fyrir sjúklinga og aðstandendur. Fræðslustarf fyrir almenning um skaðsemi áfengis og vímuefna er einnig starfrækt.

Kostnaður?

Um tveir þriðju af framlögum samtakanna eru frá hinu opinbera en afgangurinn kemur frá fjármögnun samtakanna. Samtökin treysta á fjárframlög einstaklinga og fyrirtækja og er álfasalan mikilvægur þáttur fjármögnunarinnar. Starfsemin er viðamikil og fleiri þúsundir leita til samtakanna á hverju ári.

**SPURT & SVAR**

SAFNAMÁL



MARGRÉT HALLGRÍMSDÓTTIR
Þjóðminjavörður

Íslensk söfn í mikilli sókn

Þjóðminjasafn Íslands fékk á dögunum viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur frá Evrópuráði safna. Viðurkenningin skiptir miklu máli fyrir safnalíf á Íslandi og þá sem starfa við menningarlíf hér á landi. Þessi viðurkenning kemur á sama tíma og safnamál hafa verið mikið til umræðu og sitt sýnist hverjum um þróun þeirra mála og þær hugmyndir sem settar hafa verið fram. Margrét Hallgrímsdóttir er þjóðminjavörður.

Hver er staða íslenskra safnamála? Íslensk söfn eru í mikilli sókn. Afar fjölbreytt og vandað safnstarf er víða, en huga þarf markvisst að því að byggt sé á faglegum grunni og raunverulegum gildum.

Er mögulegt að gera þjóðminjasafnið enn betra?

Já, að sjálfsögðu. Þjóðminjasafnið er í stöðugri uppbyggingu og endalaust verður hægt að bæta það eins og annað.

Er raunhæft að íslenskir safnamenn horfi til ykkar við uppbyggingu sinna safna?

Já, það gera söfn á landinu, enda þjóðminjasafnið höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu. Það er því faglegur leiðtogi allra minjasafna í landinu og ætti að vera uppbyggingu annarra safna fyrirmynd og viðmið.

Hægafara bylting til bóta

„Það sem er gott fyrir General Motors er gott fyrir Bandaríkin öll.“ Þannig tók Charlie Wilson, stjórnarformaður GM, til orða þegar hann var kallaður fyrir nefnd á vegum bandaríska þingsins fyrir réttari hálfri öld þar sem fjallað var um stærð fyrirtækja og einokunarhneigðir.

Í fyrradag, um hálfri öld eftir að Wilson mælti hin fleygu orð, komu fulltrúar þessa sama fyrirtækis til Íslands með nýjan vetnisbíl, sem ásamt öðrum svipuðum tilraunabílum getur markað upphafið að yfirbót allsnægtasamfélaganna vegna skefjalausrar loftmengunar bílafloata heimsins undanfarin 100 ár. Það sem er gott fyrir General Motors gæti að þessu sinni orðið gott fyrir heimsbyggðina alla.

Háborin alvara

Trúir yfirstjórn General Motors því að framtíðin felist í vetni sem orkugjafa samgöngutækjanna?

„Já, hiklaust,“ segir Britta Gross, yfirmaður markaðsþróunarviðs fyrir vetnisbíla General Motors, í samtali við Fréttablaðið. „Fyrir okkur eru vetnisknúnir bílar háborin alvara. Við trúum á framtíð þeirra enda hefur General Motors varið um sjöttíu milljörðum króna til þróunar vetnisbíla á undanföllum tju árum. Við erum harðákveðin í að fara fremst í flokki í þessari þróun.“ Einn helsti vandi vetnistækninnar hefur falist í geymslu þessa rokgjarna eldsneytis og dreifingu þess. Ekki er heldur vitað enn hvort eða hvenær verð á vetni verður samkeppnishæft við dísilolíu og bensín. „Ég er að vísu ekki sammála því að þetta sé svo mikil hindrun lengur,“ segir Britta. Enn eru ógrandi verkefni fyrir hendi við þróun ökutækisins. Við höfum þróað eldsneytistank sem nægir fyrir allt að 450 kílómetra akstur, en það er samkeppnishæft við núverandi olíu- og bensínbíla. Vetni er auk þess notað í gríðarlegu magni í margvíslegum iðnaði og okkar verkefni er að gera það aðgengilegt almennum neytendum með smásöludreifingu. Þetta er ákveðið þróunarstarf sem snertir tækni áfyllingarstöðva og kostnað við dreifingu eldsneytisins,“ segir Britta.

Tilraunastofan Ísland

Vart þarf að taka fram að útblástur þeirra vetnisknúnu strætisvagna, sem nú þegar aka um götur Reykjavíkurborgar, er einungis vatnsgufa



BRITTA GROSS HJÁ GENERAL MOTORS
Þegar markaður er orðinn fyrir að minnsta kosti 500 þúsund GM vetnisbíla á ári verður hagkvæmt að framleiða þá.

og skaðlaus með öllu. NýOrka hefur í samstarfi við aðra aðila unnið að rannsókn og kynningu á nýtingu vetnis sem eldsneytis. Félagið hefur sett sig í samband við helstu bifreiðaframleiðendur heims. Þeirra á meðal er General Motors sem sett hefur sér það markmið að framleiða vetnisbíla eftir fimm til sjö ár í samkeppni við hefðbundna bíla að því er varðar drægni, kostnað og endingartíma.

„Stefna stjórnvalda varðandi vistvæna orkugjafa með nýtingu jarðvarma og vatnsafls og síðan notkun þeirrar orku til að framleiða vetni vekur athygli. Þessi skilyrði er hvergi að finna nema hér á landi ennþá,“ segir Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri NýOrku. „General Motors sér fyrir sér að hér á landi og á öðrum lykilsvæðum í heiminum verði ekki að framleiða vetni fyrir þessa bíla með mjög skömmum fyrirvara. Margir halda fram að dreifing vetnis og þjónusta við vetnisbílaeigendur verði ekki tilbúin þegar vetnisbíl GM fer á markað. En GM einskorðar sig ekki við vetnið heldur framleiðslu einnig á öðru eldsneyti. Þeir horfa til náttúrulegra orkulinda hér og vetnisframleiðslu með stuttum fyrirvara. Þetta eru þeir að kynna



JÓN BJÖRN SKÚLASON FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍSLENSKRAR NÝORKU Mikilvægt er að álögur verði sem minnstar á vetniseldsneytið fyrstu árin að mati Jóns Björns.

fjölmiðlum frá mörgum þjóðum og kjósa að gera það hér á landi.“

Skattaávilnun í fyrstu

Jón Björn segir að til skoðunar séu áfyllingarstöðvar sem geti þjónað allt að 2.500 bílum, en það er svipað og hefðbundnar bensínstöðvar afkasta. „Við gætum verið nálægt því að vera samkeppnishæf við bensín innan tveggja til þriggja ára miðað við núverandi forsendur. Ef olíuverð heldur áfram að hækka verður þetta enn fýsilegra. Þess ber að geta að við tökum ekki vegskatt og önnur opinber gjöld inn í vetnisverðið. Við teljum mjög mikilvægt að stjórnvöld leggi ekki slíkan skatt á vetniseldsneyti strax frá upphafi. Þess í stað leggist hann á hægt og rólega þegar efnahagsforsendur vetnistækninnar verða betri. Svo má ekki gleyma menguninni. Þar liggur sparnaður. Við spörum gjaldreyri og aukum öryggi þjóðarinnar ef okkur tekst að skipta út olíu og bensíni fyrir vetni. Í þessu liggja ómetanaleg verðmæti,“ segir Jón Björn.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
jóhannh@frettabladid.is

www.seglagerdin.it Eyjarstöð 3, sími 511 3200

HAFÐU ÞAÐ GOTT Í SUMARFRÍINU



VIÐ PÖSSUM UPP Á HEIMILIÐ MEÐ HEIMAVÖRN

Securitas hefur ætíð verið í fararbroddi þegar kemur að öryggisvörnum heimilisins. Heimavörn Securitas vaktar heimilið allan sólarhringinn, allan ársins hring. Heimavörnin er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112 þar sem við erum ávallt í viðbragðsstöðu. Þannig getur þú verið viss um að réttir aðilar koma samstundis á staðinn ef eitthvað kemur upp á hjá þér og þinni fjölskyldu.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa í síma **580 7000**

HEIMAVÖRN



NISSAN PATHFINDER



TAKMARKAÐ MAGN!

500.000 KR. VE

NISSAN BERST Á MO

Vegna góðs stuðnings frá Nissan getum við nú boðið enn betra verð á Nissan Pathfinder og Nissan X-Trail í takmörkuðu magni. Gerðu samanburð! Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í dag á jeppum í sama stærðarflokki.

KOMDU OG REYNSLUAKTU!

Nissan Pathfinder SE sjálfskiptur
Verð aðeins **4.390.000** kr.

Verð áður ~~4.890.000~~ kr.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Umboðsmenn
um land allt

Selfossi
482 3100

Njarðvík
421 8808

Akranesi
431 1376

NISSAN X-TRAIL



TAKMARKAÐ MAGN!

ERÐLÆKKUN!

ÓTI VERÐBÓLGUNNI

BORGANU MINNA FYRIR MEIRI LÚXUS



TRYGGÐU ÞÉR EINTAK STRAX!

Nissan X-Trail Elegance
Verð aðeins **2.990.000 kr.**

Verð áður ~~3.490.000 kr.~~

Önnur tilboð frá Nissan gilda ekki með þessu tilboði.


Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Höfn í Hornafirði
478 1990

Reyðarfirði
474 1453

Akureyri
461 2960

> Vodkaneysla Íslendinga í lítrum talin



neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON LEIKARI

Fermingarfötin án efa verstu kaupin

„Mín verstu kaup eru örugglega án efa þegar ég fór þrettán ára gamall í verslunina 17 og þar var einhver góður drengur sem aðstoðaði mig og taldi mér trú um það að jakkafötin sem ég var að máta þóssuðu svona líka svaðalega vel. Svo fór ég heim og þá sagði nú mamma að við skyldum nú kannski fara bara aftur þangað og reyna að skila þessu og mér tókst það reyndar eða mömmu tókst að skila þessu. Það eru örugglega ein verstu kaup mín, en það fór allt vel að lokum,“ segir Guðjón Davíð, leikari hjá Leikfélagi Akureyrar, sem er staddur í Reykjavík núna að leika í Fullkomnu brúðkaupi sem sýnt er í Borgarleikhúsinu og Litlu hryllingsbúðinni sem sýnd er í Íslensku óperunni. Guðjón telur



að mistök hafi fyrst og fremst falist í því að taka mömmu ekki með í fataleiðangurinn enda var hún von að koma með. Bestu kaup Guðjóns tengjast fötum hins vegar ekki neitt heldur eldamennsku. „Mín bestu kaup eru án efa steikarpanna sem ég keypti í Kokku. Hún hefur aldrei klikkað og ég held að það sé meira þannan en ég.“ Guðjón segir að hann steiki allt á þönnunni, „alls kyns kjöt og skemmtilegheit og allt sem kemst í snertingu við þetta hágæðastál verður gott. Það skemmtilegasta við þessa þönnu er að hún hefur glatt svo marga og sérstaklega mig og mína nánustu,“ segir Guðjón að lokum en hann hefur í nógu að snúast í leikhúsinu þessa dagana.

GÓÐ HÚSRÁÐ LÍMIÐ HREINSAÐ

■ Hreinsað bensín er til margra hluta nýtilegt, einkum þegar þarf að ná blettum.

„Ég veit um gott ráð til að ná límfari af, til dæmis fari eftir limmiða á krukku eða á vegg,“ segir Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi. „Það er langbest að nota hreinsað bensín. Þá er maður enga stund að ná þessu af. Reyndar er hreint bensín gott við svona aðstæður. Til dæmis þegar þarf að ná tússi af veggjum. Svo hef ég líka notað þetta til þess að ná burtu fari eftir plástur. Reyndar er það svo að margar vinkonur mínar gantast með það að ég skuli sífellt nota hreinsað bensín við hinar ýmsu aðstæður sem koma upp.“



■ Verslun og þjónusta

Mikill verðmunur á harðfiski

Harðfiskunnendur á höfuðborgarsvæðinu gera ágæt kaup í harðfiski í Kolaportinu um helgar en algennt kílóverð á harðfiski þar er hvergi hærra en fjögur þúsund krónur meðan almenn kílóverð í verslunum og sölutumum er oft á tíðum allt að 4800 krónur. Milli fimm og sex seljendur bjóða vöru sínar í Kolaportinu og eru þar tegundir sem finna má í venjulegum verslunum. Nú þegar sumarið fer í hönd og harðfiskurinn ómissandi í útleiguna eða ferðalagði er hægt að spara sér allnokkra upphæð með því að kaupa fiskinn hjá sölumönnum í Kolaportinu.



■ Verslun og þjónusta

Sjálfsafgreiðsla Icelandair

Ferðalangar á vegum Icelandair munu hér eftir geta stýtt sér bið við innritun í Leifstöð en fyrirtækið hefur látið setja upp sex sjálfsafgreiðsluvélar í Leifstöð. Margir kannast eflaust við slíkar vélar sem þekktar eru á flugvöllum erlendis og er þarna kjörin leið til að sneiða hjá löngum röðum við innritun. Viðast hvar gildir slík sjálfsafgreiðsla aðeins fyrir þá sem bera handfarangur en á stöku stað er boðið upp á slíka þjónustu einnig fyrir þá sem bera meiri farangur. Svo er einnig hér og setja ferðalangar farangur sinn á færiband við viðkomandi vélar. Víst er að raðir við innritunarborðin í Leifstöð minnka í kjölfar þessa og ekki seinna vænna enda myndast þar á stundum raðir sem ná vel út að anddyri.



■ Hvað kostar... að kjósa í Eurovision?

Hundrað krónur fyrir atkvæðið

Framundan er forkeppni og aðalkeppni stærstu söngvakeppni álfunnar, Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, og hugsa margir sér gott til glóðarinnar. Sem fyrr gefst áhorfendum í öllum löndum færi á að kjósa símléiðis og ætti fáum að koma á óvart að það er dýrara fyrir Íslendinga en flesta aðra. Hafa Neytendasamtökin tekið saman kostnaðinn við slíkt hvort sem greitt er atkvæði símléiðis eða með SMS-skeyti og er kostnaður á hvort hundrað krónur. Er það til að mynda 97 krónum dýrara að hringja inn atkvæði hér en í Danmörku þar sem það kostar minnst. Sé sent skeyti er það ódýrast fyrir íbúa Andorra en þar kostar hver sending aðeins túsí krónur. Dýrast er þó fyrir íbúa Grikklands, Rúmeníu og Spánar að kjósa.



Annual General Meeting of Mosaic Fashions hf.

The Annual General Meeting of Mosaic Fashions hf. for the financial year ending January 28 2006 will be held at Nordica Hotel, Sudurlandsbraut 2 at 9.00am on Friday 26th May 2006.

Agenda:

1. The report of the Board of Directors on the activities of the Company in the preceding operating year
2. Submission of the Annual Accounts for 2005 and the auditor's report
3. Elections to the Board of Directors
4. Election of an Auditor
5. Determination of the remuneration of the Board of Directors
6. Proposal on payment of dividends and the disposal of the Company's profit during the preceding accounting year
7. Any other business

The Annual Report will be available for inspection for shareholders on the Mosaic website from Monday 22nd May and in hard copy from Kaupthing Bank's offices, Borgartun 19 from Tuesday 23rd May.

For further information please contact the company's Investor Relations Manager, Jessica Wilks on +44 207 452 1122

Information on Mosaic Fashions hf. is available on: www.mosaic-fashions.is or www.mosaic-fashions.co.uk



Afborganir hækka um mörg þúsund

Afborganir íbúðalána hafa hækkað í takt við verðbólgu síðustu mánuði. Hæstu bankaláni hafa hækkað um allt að 5.000 krónur á hálfu ári. Afborgun af 15 milljóna króna láni hjá Íbúðalánasjóði hefur hækkað um 2.700 krónur.

Afborganir lána hjá Íbúðalánasjóði og bönkunum hafa hækkað í takt við verðbólgu síðustu mánuði. Afborgun af 15 milljóna króna láni, sem tekið var til 40 ára hjá Íbúðalánasjóði í júní í fyrra, hefur hækkað um tæpar 2.700 krónur á þessu ári. Afborgun af 20 milljóna króna fasteignaláni til 25 ára hjá

Kaupþingi banka hækkaði um rúmar 4.400 krónur. Hjá sama banka hefur afborgunin af 20 milljóna króna láni til 40 ára hækkað um rúmar 3.500 krónur. Sigurður Geirsson, sviðsstjóri Innra eftirlits hjá Íbúðalánasjóði, hefur tekið saman nokkur dæmi um þróun greiðslubyrði fyrir Fréttablaðið. Samkvæmt útreikningum hans hefur greiðslubyrðin hækkað mest á hámarkslánunum.

Greiðslubyrði af íbúðaláni að fjárhæð 15 milljónir þegar það var tekið í júní í fyrra hefur hækkað um tæpar 2.700 krónur frá því í janúar. Í janúarbyrjun var greiðslubyrðin 66.281 króna á mánuði. Í júní verður hún 68.944 krónur. Greiðslubyrðin af 10 milljóna króna láni

hefur hækkað um tæpar 1.800 krónur á hálfu ári og greiðslubyrðin af fimm milljóna króna láni hefur hækkað um tæpar 900 krónur. Á þessu ári hefur greiðslubyrði íbúðalánanna aðeins lækkað einu sinni og þá aðeins um nokkra tugi króna þegar vísitala neysluverðs lækkaði. Þetta var milli mánaða í febrúar og mars og hækkaði vísitalan svo strax aftur. Sigurður segir að greiðslubyrðin hreyfist með vísitölunni. „Vísitalan hefur bara áhrif á þann hluta greiðslunnar sem til greiðslu kemur hverju sinni. Af þessu 15 milljóna króna láni er greiðslubyrðin sjálf án vísitölnunnar 64.098 krónur. Það er afborgunin og vextir. Það sem er umfram þetta er það sem viðkomandi er að greiða vegna breytingar á vísitölunni.“

Hjá Kaupþingi banka sýna útreikningarnir að afborgun af 20 milljóna króna láni til 25 ára hefur hækkað langmest, farið úr 110.300 krónum á mánuði 1. janúar 2006 í tæpar 115 þúsund krónur nú í júní. Afborgunin af 20 milljóna króna láni til 40 ára hefur hækkað aðeinsminna, eða um 3.500 krónur. Afborgunin af lægstu lánunum, til dæmis 5 milljóna króna láni, hefur hækkað mun minna eða um rúmar 800 til 1.100 krónur á þessum sex mánuðum eftir því hvort lánið er til 25 eða 40 ára.

ghs@frettabladid.is

GREIÐSLUBYRÐI HJÁ ÍBÚÐALÁNASJÓÐI 2006

	5 milljónir	10 milljónir	15 milljónir
Janúar	22.094	44.187	66.281
Febrúar	22.165	44.329	66.494
Mars	22.146	44.294	66.441
Apríl	22.395	44.791	67.186
Maí	22.653	43.306	67.959
Júní (væntanlegt)	22.981	5.963	68.944
Hækkun samtals Jan-Júní	887	1.776	2.663

GREIÐSLUBYRÐI HJÁ KAUPÞINGI BANKA 2006

Lán tekið í júní 2005 til kaupa á 30 milljóna króna eign. Fastir vextir 4,15%

5 millj.	25 ár	5 millj.	40 ár	10 millj.	25 ár	10 millj.	40 ár	20 millj.	25 ár	20 millj.	40 ár
1. janúar	27.572	1. janúar	21.975	1. janúar	55.144	1. janúar	43.950	1. janúar	110.288	1. janúar	87.900
2. febrúar	27.661	1. febrúar	22.046	1. febrúar	55.321	1. febrúar	44.092	1. febrúar	110.643	1. febrúar	88.182
1. mars	27.639	1. mars	22.028	1. mars	55.277	1. mars	44.056	1. mars	110.554	1. mars	88.112
1. apríl	27.949	1. apríl	22.275	1. apríl	55.897	1. apríl	44.551	1. apríl	111.795	1. apríl	89.100
1. maí	28.270	1. maí	22.531	1. maí	56.539	1. maí	45.063	1. maí	113.080	1. maí	90.125
1. júní	28.680	1. júní	22.858	1. júní	57.359	1. júní	45.716	1. júní	114.719	1. júní	91.431
Hækkun samtals:	1.108,-	Hækkun samtals:	883,-	Hækkun samtals:	2.215,-	Hækkun samtals:	1.766,-	Hækkun samtals:	4.431,-	Hækkun samtals:	3.531,-

MATUR & NÆRING

ANNA BIRNA BJÖRNSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

Lýsi árið um kring

Lýsnotkun Íslendinga hefur verið þekkt frá örófi alda. Lýsi var notað sem ljósmeiti (þaðan er nafnið komið), til að sýna skinn, og sjómenn notuðu það til að gera skinnklæði sín vatnsheld. Menn hefur lengi grunað að lýsi væri gott fyrir heilsuna. Læknar á Englandi ráðlögðu fólki seint á átjándu öld að fá sér þorskalýsi til þess að draga úr liðverkjum, og einnig ef það var dapurt eða þungt í sinni. Á nítjándu öld komu fram sannanir fyrir því að þorskalýsi gæti komið í veg fyrir beinkróm.

Á fyrri hluta tuttugustu aldar voru fituleysanlegu vítamínin uppgötvuð, og þá kom í ljós að þorskalýsi var einhver albesta uppspretta af D-vítamíni sem menn þekktu. Fjölmættaðar fitusýrur fundust á sjötta áratug síðustu aldar

og stórmerkilegar rannsóknir danskra vísindamanna, á samhengi milli fituleysu og heilsufars Grænlandinga, urðu síðan til þess að rannsóknir á lýsi breiddust út um allan vísindaheiminn. Dönsku vísindamennirnir sýndu fram á að svonefndar omega-3 fitusýrur, draga úr líkum á hjartasjúkdómum.

Fjölmættaðar omega-3 fitusýrur finnast í nánast öllum fiskiolium en í mjög mismunandi mæli. Langþýðingarmestu fitusýrurnar, svokallaðar DHA og EPA eru um 12% og 10% af fitusýrum í þorskalýsi og um 12% og 18% í sardinulýsi. Þessar fitusýrur eru okkur lífsnauðsynlegar því líkaminn getur ekki myndað þær í nægilegu magni. Við verðum því að fá þær úr matnum eða fæðubótarefnum á sama hátt og vítamín. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum DHA og EPA á mannlíkamann.



Rannsóknir á hjarta- og æðasjúkdómum eru ítarlegastar, en einnig er verið að rannsaka áhrif DHA og EPA á bólgur og liðverki, á fósturþroska og fæðingarþyngd, þroska heila og miðtaugakerfis, á framgang geðsjúkdóma, á athyglisbrest og óvirkni barna og ýmislegt annað.

DHA og EPA fáum við bara úr sjávarfangi. Æskilegt er að fiskneysla sjálf fyrir þörfum manna á þessum efnum, en því er varla að heilsa lengur hér á landi. Fiskneysla hefur dregist saman að undanförmu, sérstaklega meðal ungs fólks. Það er afar brýnt að hvetja til aukinnar notkunar á lýsi, til að mæta þörfum líkamans fyrir fitusýrurnar og D-vítamín. Þótt líkaminn myndi D-vítamín í sólskinu, þá er sólarfar á Íslandi og hitastig ekki þess eðlis að almenningur stundi sólþöð af kappi. Þess vegna er nauðsynlegt að taka lýsi jafnt að sumri sem vetri.

www.mni.is

Notaðir bílar. Eurovision-tilboð.
100% lán. Engir ábyrgðarmenn.* Lægra verð og endurgreiðsla.**
Aðeins í dag. Komdu strax.

Endurgreiðsla ef Silvia Night vinnur ekki**

Aðeins 32 bílar í dag Komdu strax

Opið frá kl. 9-18



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef þú kaupir einn af 32 Eurovision-bílum Brimborgar og ef Silvia Night vinnur ekki Eurovision.**

Eurovision-tilboð - afborgun undir 15.000 kr. á mánuði



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

Daewoo Lanos skrd. 04/1999 ek: 108.000 km.
 Verð 440.000 kr. Eurovision-verð 299.000 kr.
 10.925 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Eurovision-tilboð - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mánuði



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

Ford Focus, skrd. 05/1999, ek: 104.000 km.
 Verð 650.000 kr. Eurovision-verð 570.000 kr.
 16.025 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði.

Eurovision-tilboð - afborgun 20.000 - 25.000 kr. á mánuði



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

Subaru Forester, skrd. 02/1999, ek: 127.000 km.
 Verð 860.000 kr. Eurovision-verð 780.000 kr.
 21.625 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði.

Eurovision-tilboð - afborgun 25.000 - 30.000 kr. á mánuði



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

Citroën Picasso, skrd. 12/2004, ek: 35.000 km.
 Verð 1.680.000 kr. Eurovision-verð 1.490.000 kr.
 26.525 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

VW Golf station, skrd. 01/1997, ek: 167.000 km.
 Verð 420.000 kr. Eurovision-verð 299.000 kr.
 10.925 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

Fiat Multipla, skrd. 01/2000, ek: 120.000 km.
 Verð 790.000 kr. Eurovision-verð 590.000 kr.
 16.525 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði.



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

VW Passat, skrd. 08/1999, ek: 88.000 km.
 Verð 950.000 kr. Eurovision-verð 870.000 kr.
 24.025 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði.



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

VW Passat, skrd. 08/2002, ek: 57.000 km.
 Verð 1.620.000 kr. Eurovision-verð 1.490.000 kr.
 26.525 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

Nissan Micra, skrd. 06/1997, ek: 135.000 km.
 Verð 380.000 kr. Eurovision-verð 299.000 kr.
 10.925 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

Opel Vectra-B, skrd. 07/1999, ek: 75.000 km.
 Verð 760.000 kr. Eurovision-verð 690.000 kr.
 19.225 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði.



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

Ford Explorer, skrd. 10/1997, ek: 138.000 km.
 Verð 990.000 kr. Eurovision-verð 890.000 kr.
 24.525 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði.



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

Honda CR-V, skrd. 04/1998, ek: 112.000 km.
 Verð 850.000 kr. Eurovision-verð 790.000 kr.
 27.225 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

Volvo 460, skrd. 05/1995, ek: 107.000 km.
 Verð 360.000 kr. Eurovision-verð 290.000 kr.
 14.825 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði.



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

MMC Lancer, skrd. 08/1999, ek: 112.000 km.
 Verð 640.000 kr. Eurovision-verð 560.000 kr.
 19.825 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

Isuzu Trooper, skrd. 07/1999, ek: 196.000 km.
 Verð 1.090.000 kr. Eurovision-verð 990.000 kr.
 24.525 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði.



Pú færð 75 þús. kr. beint í vasann ef Silvia Night vinnur ekki**

Hyundai Starex, skrd. 06/2001, ek: 83.000 km.
 Verð 1.570.000 kr. Eurovision-verð 1.390.000 kr.
 28.725 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Þig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.
Lægra verð og endurgreiðsla. Aðeins í dag.**
Tökum notaðan uppí notaðan.



Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er fasteignaeigandi og er ekki á vanskilaskrá.

**Ef þú kaupir einn af 32 Eurovision-bílum Brimborgar fyrir kl. 18 þann 18. maí n.k. og ef Silvia Night vinnur ekki aðalkeppni Söngvakeppni Evrópskra sjónvarpstöðva þann 20. maí, færð þú endurgreiðslu að upphæð 75.000 kr. sem þú getur sótt í söluveild notaðra bíla hjá Brimborg 31. maí 2006.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.738 -0,14% Fjöldi viðskipta: 616
Velta: 13.478 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Dagsbrún +6,80%
Atorka +0,87%
Actavis +0,60%

MESTA LÆKKUN

↓ Avion -2,71%
Straumur-Burðarás -1,16%
Mosaic -1,15%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 67,20 +0,60% ... Alfesca 3,69 -0,81% ... Atorka 5,80 +0,87% ... Bakkavör 50,00 +0,20% ... Dagsbrún 5,50 +6,80% ... FL Group 18,60 +0,00% ... Flaga 4,00 +0,00% ... Glitnir 17,30 +0,58% ... KB banki 789,00 -0,50% ... Kögun 74,50 +0,00% ... Landsbankinn 22,80 +0,44% ... Marel 70,20 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,20 -1,15% ... Straumur-Burðarás 17,10 -1,16% ... Össur 107,50 -0,46%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Vinir vallarins

Flugvöllurinn er eitt þeira mála sem kjösendur í Reykjavík horfa til í komandi kosningum. Þar sýnist sitt hverjum. Frjálslyndir vilja völlinn kjurann og þar eiga þeir samleið með íbúum landsbyggðarinnar sem þykir gott að lenda í túnfæti Reykvíkinga. Þegar menn berjast fyrir málum getur verið mikilvægt að skilgreina væntanlega bandamenn. Frjálslyndir og landsbyggðin eiga augljósa samleið í málinu, en þeim gæti bæst öflugur liðsauri. Það er nefnilega afskaplega þægilegt fyrir einkaþotuliðið að geta lent á Reykjavíkurflugvelli í göngufjarlægð frá miðbænum.

Mogginn skilur

Óðinn sem ritar fasta pistla í Viðskiptablaðið er oft með púlsinn á umræðu viðskiptalífsins. Pistill



hans í blaðinu í gær var sérlega athyglisverður. Þar er ráðist harkalega á fréttaflokkning Morgunblaðsins af erlendum skýrslum bankanna. Það hreinlega sýður á Óðni og fullt að leiðir Morgunblaðsins og atvinnulífsins hafi skilið. Það hjónaband er langvinnt, þótt á ýmsu hafi gengið. Þetta er reyndar orðræða sem heyrst víða í viðskiptalífnum, en þessi harða gagnrýni á Moggann kemur úr óvæntri átt, þar sem aðstandendur Viðskiptablaðsins hafa löngum verið í vinnuþróun. Þýðing þess er svo eitthvað fyrir Kremlarlóga á ráða í.

MARKAÐSPUNKTAR...

Seðlabanki Íslands birtir í dag ákvörðun sína um stýrivæxti. Greiningardeildir bankanna hafa spáð því að vextirnir hækki um 50 til 75 punkta, en með hækkingu bregst bankinn við verðbólgu.

Ávöxtunarkrafa bæði verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa hefur hækkað töluvert eftir birtingu vísitölu neysluverðs í síðustu viku. Það bendir til þess að fjárfestar hafi meiri væntingar um hækkingu stýrivaxta en áður.

Orkuveitan tapaði 2.987 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi 2006. Á sama tíma í fyrra var hagnaðurinn 1.978 milljónir króna. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnslíði, EBITDA, var 2.140 milljónir króna samanborið við 1.793 milljónir króna á sama tímabili 2005.

Endurvakið traust

Í viðtali á fréttavef Bloomberg segir Paul Rawkins, sérfræðingur Fitch Ratings, að bankarnir hér hafi brugðist á viðeigandi hátt við áhyggjum sem uppi hafa verið um skuldaförningu þeirra. Þeir hafi opinberað áætlanir sína um endurfjármögnun og það hafi hjálpað til við að endurvekja traust á hægri hlið.

Í viðtalinu áréttaði Rawkins

einnig að hér væri háþróað hagkerfi með öflugum bönkum.

Rawkins er höfundur skýrslu sem Fitch Ratings birti undir lok febrúar þar sem horfum á láns-hæfismati ríkissjóðs var breytt úr stöðugum í neikvæðar vegna vaxandi þjóðhagslegs ójafnvægis. Í kjölfarið tók gengi krónunnar að lækka og neikvæð erlend umræða um efnahagslífið jókst.

- óká

Greiðslur minnka forða

Gjaldeyrissforði Seðlabanka Íslands dróst saman í apríl um 13,7 milljarða króna og nam 66,2 milljörðum króna í lok mánaðarins.

Í skrifum greiningardeildar Kaupþings banka kemur fram að gjaldeyrissforðinn, sem einkum er ætlað að tryggja greiðsluhæfi krónunnar fyrir öllum snöggu áföllum á gjaldeyrismarkaði, hafi lækkað vegna lánahreyfinga ríkissjóðs. Í

ljósi bættrar greiðslustöðu ríkissjóðs hafi fjármálaráðherra tekið ákvörðun um að greiða meira af erlendum lánum ríkissjóðs en áður var áætlað.

Til þess að mæta þörf ríkissjóðs fyrir erlendum gjaldeyri án þess að gengið yrði á gjaldeyrissforða Seðlabankans jók bankinn regluleg gjaldeyriskaup sín á innlendum milli-bankamarkaði.

- hhs

Stórbankar með í fjármögnun

Tveir evrópskir bankar tóku þátt í fjármögnun kaupa Fersks Holding á drykkjarframleiðandanum Refresco með Kaupþingi banka. Kaupin gengu í gegn í gær.

Evrópsku bankarnir Societe Generale CIB og Fortis gengu til liðs við Kaupþing banka í fjármögnun kaupa FL Group, Vífilfells og fleiri fjárfesta á hollenska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco undir lok kaupaferslisins.

Gengið var frá kaupnum í gær, að fengnu samþykki samkeppnis-yfirvalda í Þýskalandi, helsta markaðssvæði félagsins. Fjárfestahópurinn sem keypti kemur fram undir heitinu Ferskur Holding B.V., en eignarhlutur FL Group í fyrirtækinu nemur 49 prósentum.

Aðkoma evrópsku bankanna þykir ákveðinn viðurkenning fyrir bæði Kaupþing banka og FL Group og sýna að viðskipti Íslendinga vekja áhuga.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, fagnar því að gengið hafi verið frá kaupnum og hægt að einbeita sér að stækkingu félagsins. „Svo er sérstaklega ánægjulegt að Fortis og Societe Generale skuli ásamt Kaupþingi taka þátt í að sölu-tryggja lánsfjármögnun vegna kaupanna og sýnir það trú manna á framtíðarsýn okkar á Refresco,“ segir hann.

Heildarkaupverð Refresco var um 461 milljón evra, eða um 42 milljarðar króna. Seljandinn, fjárfestingarsjóðurinn 3i Plc., keypti félagið árið 2003 á 240 milljónir evra, en í fyrra nam velta þess 606 milljónum evra og hagnaður félagsins fyrir fjármagnslíði og afskriftir var 64,1 milljón evrur. Hjá Refresco starfa um 1.200 manns í 5 löndum. Helstu markaðssvæði eru Þýskaland, Frakkland, Spánn, Portúgal, Holland og Finnland.

SOCIETE GENERALE Í PARÍS Societe Generale er annar tveggja evrópskra banka sem vildu koma að sölu-tryggingu lánsfjármögnunar vegna kaupa fjárfestahóps á Refresco.

- óká

HM Tilboð

...frábær verð!

Gervigras
Verð fyrir: 3.995 kr.-
Verð nú: 2.995 kr.-
stærðir: 40-42



Gervigras
Verð fyrir: 3.995 kr.-
Verð nú: 2.995 kr.-
stærðir: 31-38,5



Gervigras
Verð fyrir: 3.995 kr.-
Verð nú: 2.995 kr.-
stærðir: 32-47



Gervigras
Verð fyrir: 4.995 kr.-
Verð nú: 3.995 kr.-
stærðir: 36-45



Takkaskór
Verð fyrir: 4.495 kr.-
Verð nú: 3.495 kr.-
stærðir: 27-34



Takkaskór
Verð fyrir: 5.995 kr.-
Verð nú: 4.995 kr.-
stærðir: 31-36,5



FRÁBÆR VERÐ!

Sumar 2006

EURO SKO

Kringlan 568 6211

Kögun úr Kauphöll

Hlutabréf í Kögun voru fjarlægð úr Úrvalsvisitölu Kauphallar Íslands eftir lokun markaðar í gær. Skoðun, sem er dótturfélag Dagsbrúnar, eignaðist þann 22. mars síðastliðinn 55 prósent hlutfjár í Kögun og myndaðist við það yfirtökuskylda í félaginu. Í framhaldi af því var öllum hluthöfum í Kögun boðið að selja sína hluti í félaginu á 75 krónur á hlut. Síminn og Exista seldu á þriðjudag alla hluti sína í Kögun, samtals 38 prósent, þegar yfirtökutilboð Skoðunar rann út. Eignarhlutur Skoðunar í Kögun nemur nú, að yfirtökutím-anum liðnum, 190.396.654 króna að nafnverði eða 98,7 prósentum af heildarhlutafé Kögunar.

Í tilkynningu frá Kauphöllinni segir að við lýsingu á aðferð við



FORSTJÓRAR EXISTA OG SÍMANS Síminn og Exista seldu samtals 38 prósent hlut í Kögun á þriðjudag þegar yfirtökutilboð Skoðunar rann út.

val og útreikning Úrvalsvisitölu-unnar komi fram að við yfirtöku muni félag vera fjarlægð úr Úrvalsvisitölu þegar 90 prósent af bréfnum þess hefur verið tekið yfir eða þegar það er afskráð hvort sem gerist fyrr.

- hhs



FRAMLEIÐSLA Á JÓGÚRT Vísitala framleiðsluverðs hefur hækkað um 6,6 prósent það sem af er ári.

Álverð hækkar vísitölu framleiðsluverðs

Vísitala framleiðsluverðs fyrir fyrsta ársfjórðung 2006 mælist 106,6 stig og hækkar um 6,6 prósentustig frá síðasta fjórðungi ársins 2005.

Fram kemur í Morgunkornum Glitnis að hækkingin sé fyrst og fremst til komin vegna útfluttra

vara, sem hafi hækkað um 9,5 prósent milli fjórðunga meðan vörur seldar innanlands hækkuðu um 1,2 prósent. Einnig kemur fram að þessi hækking á verði útfluttra vara skýrist helst af verulegri hækkingu á heimsmarkaðsverði áls á tímabilinu.

- jsk



Vissir þú...

ad Hrynjandi frá Hrepphólum á 365 skráð afkvæmi. Þar af eru 23 með fyrstu einkunn. Hæst dæmda afkvæmið er Hrói frá Skeiðhólmi með 8,41 í aðaleinkunn. www.worldfengur.com

fákar

og fólk

■ Aðall vekur aðal athyglina

Héraðssýning kynbótahrossa á Sörlastöðum í Hafnarfirði stendur nú sem hæst. Mörg hross hafa vakið athygli en fá þó meira en stóðhesturinn Aðall frá Nýjabæ í Borgarfirði sem hlaut frábæran dóm og hækkaði mikið frá síðustu sýningu.

Aðall hafði áður verið með 8,38 í aðaleinkunn en hækkaði í 8,51 eftir góðan sprett á kynbótabrautinni. Hæfileika-



STOLTUR EIGANDI Ólöf K. Guðbrandsdóttir ræktandi og eigandi Aðals með glæsigrípinn sér við hlið.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN FINNUR

Næstu kynbótasýningar verða sem hér segir.

29. maí - 30. maí	Borgarfjörður
29. maí - 16. júní	Hella
31. maí - 3. júní	Sauðárkrókur
6. júní - 7. júní	Hvammstangi
7. júní - 9. júní	Eyjafjörður
12. júní - 13. júní	Fljótsdalshérað
14. júní	Hornafjörður
6. júní - 15. júní	Kópavogur
26. júní - 2. júlí	LM - Vindheimamelar
14. - 18. ágúst	Hella
17. - 18. ágúst	Sauðárkrókur

ekki af lakari endanum enda var einkunnin eftir því, 9,5.

Aðall er undan Furðu frá Nýjabæ, dóttur Anga frá Laugarvatni, og Adams frá Meðalfelli. Það var kynbótaknappinn Þórður Þorgeirsson sem reið Aðli í vikunni upp í þessa góðu einkunn.

Héraðssýningin á Sörlastöðum stendur til 26. maí og verður að vonum margt sem gleður augun.

■ Miðaverð á Landsmót 2006

Miðaverð á Landsmót hestamanna á Vindheimamelum í Skagafirði, sem haldið verður 26. júní til 2. júlí, liggur nú fyrir. Í forsölu kostar vikupassi 9.000 krónur, helgarpassi frá laugardegi til sunnudags kostar 7.500 krónur en unglingar borga 2.500 fyrir alla vikuna.

Við hliðið mun vikupassi kosta 10.000 krónur, helgarpassi 8.000 en unglingar borga 3.000 krónur fyrir vikuna. Dagmiðar eru á 4.000 krónur en börn 12 ára og yngri fá frítt inn.

■ Fákskonur halda í kvennareið

Árlega halda félagskonur Fáks, stærsta hestamannafélags landsins, sérstaka kvennareið þar sem fjöldi fagurra fljóða safnast saman og ríður út í nágrenni Reykjavíkur sér til skemmtunar. Í ár munu konurnar fara skemmtilegan hring í Heiðmörk þann 24. maí. Lofað er miklu fjöri en trúbador kyndir upp stemninguna í stoppinu í miðjum reiðtúr. Þá ætla konurnar að gæða sér á góðum kvöldverði í félagsheimili Fáks að loknum útreiðum.

Fákskonurnar hressu eiga sér einkennislag sem verður látið fljóta hér með.

„Við höldum þétt um tauminn þiskinn stífan geymsumst áfram hraðar nú hestar allir farið hraðar ekkert eftir gefa má. Hvaða, hvaða koma stelpur allir hljótt að sjá að Fákskonur á sprækum hrossum eiga leið hér hjá.“



HESTAMAÐURINN: BYLGJA GAUKSDÓTTIR

Í hestamennsku frá morgni til kvölds

Hin unga Bylgja Gauksdóttir úr hestamannafélaginu Andvara í Garðabæ lagði að velli marga sér eldri og reyndari knapa um síðustu helgi þegar hún sigraði meistaraflokkinn í fjórgangi á Reykjavíkumeistararamóti. Bylgja var að vonum í skýjunum yfir sigrunum en hafði þó alltaf von um að vinna. „Maður vonast alltaf eftir því en þetta voru sterkir keppingar,“ segir Bylgja hógvæ en hún sigraði á hryssunni Hnotu frá Garðabæ sem hún hefur keppt á í fjögur ár. „Hnota er fædd mömmu og hún á hana. Þetta er skemmtileg hryssa með góðar grunnangategundir og gerir það sem hún er beðin um. En það er nú skap í henni líka,“ segir Bylgja glettin og greinir nú frá ættum þessarar gæðahryssu. „Hún er undan Gný frá Hrepphólum sem var seldur til Danmerkur fyrir nokkrum árum og undan Flugu frá Garðabæ sem mamma átti líka, en sú var undan Ófeigi frá Flugumýri.“

Þó Bylgja sé ung að árum, aðeins 22 ára, hefur hún starfað við tanningar í allnokkurn tíma. Fyrst með skóla, en hún er stúdent frá Fjölbaut í Garðabæ, og síðustu tvö ár hefur hestamennskan verið hennar aðalstarf. „Ég var í Danmörku á síðasta ári að temja og sýndi meðal annars í kynbótadómi síðasta vor,“ greinir Bylgja frá en þar sýndi hún hæst dæmda fimm vetra stóðhestinn til þessa sem fékk 8,19 í aðaleinkunn. Síðan hún kom heim frá Danaveldi hefur hún starfað hjá Gunnari Arnarssyni sem kenndur er við Auðsholtshjáleigu. Fyrir utan starfið hjá Gunnari er fullt hús hesta hjá foreldrum Bylgju í Andvara sem hún þarf að sinna og það gerir hún í frítíma sínum. „Þetta er áhugamálið númer eitt, tvö og þrjú,“ segir Bylgja glettin þegar hún er spurð hvort eitthvað annað áhugamál komist að. „Maður reynir samt að gefa sér tíma fyrir annað,“ viðurkennir hún.

Segja má að Bylgja sé fædd og uppalin í hestamennsku. Hún segir mestu máli skipta að hún hafi alltaf haft góða hesta til að ríða en hún stefnir ótraud á að hafa hesta og hestamennsku að aðalstarfi um ókomna tíð.



Í DANMÖRKU Það sem gildir er að halda púls hestsins undir mörkum. Þess vegna getur borgað sig að ganga svolitinn spöl. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐLAUG KRISTÍN KARLSDÓTTIR

Íslensk þolreið í fyrsta sinn erlendis

Þolreið á íslenskum hestum er farin að ryðja sér til rúms erlendis. Hún fer nú fram í fyrsta sinn í þremur löndum í Skandinavíu og einnig Þýskalandi. Hér á landi verður hún haldin á laugardaginn.

Þolreið á íslenskum hestum fer nú fram í fyrsta skipti erlendis. Hún var haldin á laugardag í Kolding í Danmörku. Í Þýskalandi verður hún 25. maí, í Noregi þann 28. maí og í júní í Svíþjóð.

Hér á landi fer þolreiðin fram á laugardaginn og verður riðið úr Víðidal í Laxnes. Mæting er klukkan 11 í Reiðhöllina í Víðidal þar sem læknisskoðun fer fram. Ræst verður klukkan 13. Sá sem sigrar hlýtur glæsileg verðlaun, hvorki meira né minna en ferð á Heimsmeistararamótið í Hollandi árið 2007.

Guðlaug Kristín Karlsdóttir hefur, á vegum Icelandair, haft

veg og vanda af skipulagningu þolreiðanna, bæði hér heima og í útlöndum. Hún segir að keppnin hafi vakið talsverða athygli í Danmörku. Þar var keppt á gömlu járnbrautarspori en einnig á skógarstígum. Mikill áhugi sé fyrir þolreiðinni í þeim löndum þar sem keppt verður á næstunni.

„Hugsunin á bak við þolreiðina er sú, að þarna er eitthvað í boði fyrir alla,“ segir Guðlaug. „Þú þarft einfaldlega að eiga reiðhest til að standa jafnfætisöðrum keppendum. Þarna er ekki spurt um tölt, vekurð eða sýningartækni, eins og í öðrum keppnum. Þarna er lögd áhersla á samspil hests og manns, að hesturinn fari ekki yfir púlsmörk og þess háttar. Fristundareidmenn eru

svo fjölmargir og þarna er þeirra tækifæri til að taka þátt.“

Passað er vel upp á hrossin fyrir keppni, í henni og á eftir. Dýralæknir sér um það eftirlit.

„Keppendur leggja af stað með mínútu millibili svo ekki eru allir í einni bendu,“ segir Guðlaug. „Þrátt fyrir það getur síðasti keppandinn unnið, því menn geta fengið refsistig, sem geta kostað þá nokkrar mínútur, ef púlsinn er of hár hjá hestinum, svo dæmi sé nefnt. Það eru því margir þættir sem spila inn í velgengi hvers knapa og hests og það þarf að kunna að ríða þessa keppni. Best er að hafa sem léttust reiðtygi og sumir hafa riðið þetta berbakt með múl.“

Skráningar í þolreiðina hér eru orðnar mjög góðar, um það bil 23, að sögn Guðlaugar, þótt tveir dagar séu enn til stefnu. Keppt verður í unglinga- og fullorðinsflokkum og hafa bæði konur og karlar boðað þátttöku.

jss@frettabladid.is



SÉRFRÆÐINGURINN: EYSTEINN LEIFSSON

GEÐGÓÐUR, GANGGÓÐUR OG VEL TAMINN



Góður byrjendahestur þarf í fyrsta lagi að vera geðgóður. Í öðru lagi þarf hann að vera ganggóður. Í þriðja lagi þarf hann að vera vel taminn.

Þetta segir Eysteinn Leifsson, hestamaður í Mosfellsbæ, um uppskrift að góðum hesti fyrir byrjanda í hestamennsku, en fjölmörg söluhross fara í gegnum hendur Eysteins á hverju ári.

„Ef hesturinn er ekki geðgóður er alltaf meiri hættu á að eitthvað komi upp á, þótt hann sé ganggóður og vel taminn. Byrjandi nær ekki að leysa úr

málunum búi hesturinn yfir einhverjum skapbresti,“ segir Eysteinn. „Góð tanning er mikilvæg. Það er skilyrði að hesturinn standi kyrr þegar stigið er á bak, sé í andlegu jafnvægi, feti frá húsi, sé alltaf tilbúinn til að slaka á og svari öllu sem knapinn biður hann um, þannig að viðkomandi hafi stjórnina í sínum höndum. Tanningaþátturinn er að verða æ mikilvægari. Fólk er farið að gera meiri kröfur til hestanna sem það kaupir. Sá hugsunarháttur að kaupa hest sem er ódýrari vegna einhvers galla er hættuleg uppskrift. Það hafa margir hreinlega gefist upp sem hafa lent í þeim pakka. Allt upphald kostar jafn mikið fyrir góðan hest eins og lélegan hest.“

Fólk er í hestamennsku til að hafa gaman af henni en ekki til að lenda í vandræðum,“ segir Eysteinn og bætir við að byrjendur eigi umfram allt að varast viðkvæm, spennit og sjónhrædd reiðhross.



Kraftur og hugmyndir

Tryggjum Karli og Bryndísi sæti í bæjarstjórn Mosfellsbæjar



TILBOÐ


ACE
SPECIAL EDITION

DUAL CORE

GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

INTEL DUAL CORE

Tvöfaldur kraftur þegar þú þarft á því að halda og þar að auki 2x2MB flýttíminni og 64-Bita EM64T tækni



CRYSTALBRITE

17" LCD Gamers Edition skjár með 8ms viðbragðstíma og ótrúlega líti með CrystalBrite



SATA 2 - 16MB

Ný kynslóð harðdiska frá Western Digital sem eru enn hljóðlátari og allt að 100% hraðvirkari



GEFORCE 7600GT

Ný kynslóð og eitt öflugasta skjákerfið í dag með afurðavirkni 256MB DDR3 1400MHz minni



5.1 HLJÓÐKERFI

Altec Lansing 15ti glæsilegt og kraftmikil 5.1 hljóðkerfi með 5 hátalurum og öflugum bassaboxi



SPECIAL EDITION

ACE SE kemur í álfurni með nær hljóðlausum afllgjafa, Logitech mús og lykklaborð ásamt SE músarmattu



Örgjörvi	Intel PD 930 - DualCore 4MB DualCore 2x2MB, EM64T, SpeedStep
Móðurborð	MSI 945PL - Neo2 PCI-E 16X, 8xUSB2, SATA 2
Minni	1GB DUAL DDR533 Corsair Corsair minni með lífstíðarabryggð
Harðdiskur	320GB WD SE 16MB - SATA 2, SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer
Skjåkort	256MB GeForce7 NX7600GT MSI PCI-E 16X, 1.4GHz DDR3
Skjár	17" LCD Acer 1751as Gamer 8ms viðbragðstími og CrystalBrite
Skrifari	16x DVD± DL skrifari Skrifar og les DVD og CD diska
Hljóðkort	7.1 Dolby Digital DTS - EAX2 Frábært í leiki og bíomýndir
Hátalarar	5.1 Altec Lansing hljóðkerfi 5 öflugir hátalarar og risa bassabox
Netkort	Gigabit 10/100/1000 Vandæð og hraðvirkni netkort
Stýrikerfi	Windows XP Home - SP2 Á íslensku eða ensku

VL18
• Samváls kr. 186.223
9.994

VERÐ 179.900

ACE AMD TILBOÐ 7

VL15
• Samváls kr. 155.769
9.993

ACE SPECIAL EDITION Zero Noise

3700+ AMD Athlon64 örgjörvi með 2000FSB og HT 1GB DUAL DDR minni • 250GB WD SATA2 harðdiskur, 16MB buffer 17" LCD skjár • 256MB GeForce7 NX7600GS víftulaust skjákort 16xDVD±/DL skrifari • Öflugt Altec Lansing 5.1 hljóðkerfi Dolby 7.1 hljóðkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 149.900

ACE P4 TILBOÐ 4

VL15
• Samváls kr. 133.642
8.993

ACE SPECIAL EDITION

Intel PD 820 DualCore, 2x1MB cache EM64T og SpeedStep 1GB DUAL DDR2 minni • 250GB WD SATA2 harðdiskur, 16MB buffer 17" LCD skjár • 256MB GeForce7 NX7300GS PCI-E 16X skjákort 16xDVD±/DL skrifari • Dolby 7.1 hljóðkort • 2.1 hátalarakerfi Gigabit netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 134.900

ACER CE 5330

acer

Acer CE 5330, 5 MegaPixla upplausn 3x Optical Zoom, stór LCD skjár SD rauf, USB2, taska og hleðslurafhláða

VERÐ 17.900

ACER CU 6530

acer

Acer CU 6530, 6.3 MegaPixla 3xOptical Zoom, stór 2.5" skjár, aðeins 125gr, taska og hleðsludocka

VERÐ 29.900

ÍSLENSKT LYKLABORÐ

Logitech

Logitech Media Elite lykklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum hlaðið flýtihnoppum og möguleikum

VERÐ 3.490

TViX 3.5" SPILARI

TViX spilarinn tengist beint í græjur eða sjónvarp og spilar bíomýndir og tónlist. Vönduð fjarstýring fylgir

ÁN HD 14.900 **250GB 25.900** **320GB 29.900**

512MB Secure Digital minniskort frá Corsair

VERÐ 4.990

Taska úr leðurlíki með axlaról og beltisfestingu

VERÐ 1.490

Target örmyndavél 640x480 upplausn, 8MB minni

VERÐ 2.490

Litill og nettur þrífótur fyrir flestar myndavélar

VERÐ 1.490

Traxdata útvær 11-in-1 kortalesari fyrir flest kort

VERÐ 2.990

100stk 4x6 Glossy Photo GP-501 hágæða Canon ljósmyndapappír

VERÐ 1.490

VERÐ 3.690

VERÐ 3.990

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

Öll verð eru birt með fyrirvara um breytingar, innviðarvillur og myndabreytingar

Ótrúlegt verð



weather report

Regnsett

margir litir
st. 120-170

2.999kr



weather report

Öndunargalli

dökkblár, rauður
st. 130-170

4.999kr



weather report

Flíspeysa

d.blá, svört
st. 130-170

Gott verð
1.499kr



weather report

Flísjakki

margir litir
st. 130-170

Gott verð
1.699kr



weather report

Regngalli

grænn, bleikur
st. 80-110

2.499kr



weather report

Flíspeysa

græn, blá
st. 90-120

Gott verð
1.299kr



weather report

Flíspeysa

margir litir
st. 90-120

Gott verð
1.299kr



weather report

Vandaður regn-
og flísfatnaður
á verði sem þú
finnur ekki
annars staðar

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Heimsmeistarakeppni heima hjá þér

■ Ef það er gaman að horfa

á eitthvað í **alvöru sjónvarpi**
þá er það stórviðburður eins og
Heimsmeistarakeppnin í
knattspyrnu.

Skerpan í 
veggsjónvörpunum er
nefnilega þannig að þeir
næmustu þykjast sjá grasið
spretta og hljóðkerfið flytur þig
upp á áhorfendapallana.

Það gildir með vegg sjónvörp
eins og önnur tæki að
gæðin eru misjöfn.

Þegar fjárfest er í **gæðamerki**
eins og 
þarf ekkert að efast

– fjárfestingin skilar sér alla leið

**..að ekki sé talað um
þegar annað eins
tilboð er í gangi!**

**Þú sparar þér
70.000.- kr.**



40" háskerpu LCD sjónvarp

GÆÐI Á EINSTÖKU TILBOÐI:

SAMSUNG LE40R51B
40" háskerpu LCD sjónvarp

- (High-Definition TV)
- Upplausn: 1366 x 768
- Skerpa: 3000:1
- Birta: 500 cd/m²
- DNle myndleiðrétting
- 170° sjónarhorn
- SRS TruSurround XT hljóðkerfi
- 1000 síðna textavarpssmíni

SAMSUNG DVD-125
DVD upptökutæki og spilar

- DVD, DVD-RAM, DVD-R,
- DVD-RW, SVCD, CD, CD-R, CD-RW,
- MP3 CD, JPEG CD DivX
- Sjálvvirkur kaflaskiptir
- HDMI, scart,
- Komponent
- DV-Inngangur



Aðeins kr.: 259.900,-
FYRIR BÆÐI TÆKIN!

ORMSSON

GERÐU KRÖFUR OG VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

RADIONAUST, AKUREYRI
SÍMI 461 5000

HAFNARGÖTU 25, KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

WWW.ORMSSON.IS

Umboðsmenn: Suðurland: Árvirkinn, Selfossi og Eyjaradio, Vestmannaeyjum. Vesturland: Model, Akranesi. Vestfirðir: Þristur, Ísafirði. Norðurland: Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki, SR Byggingavörur, Siglufirði, Krákur, Blönduósi, Verslunin Urð, Raufarhöfn. Austurland: Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf, Eskifirði, Beint í Mark, Vopnafirði.

RÉTT ÁHÖLD VIÐ GRILLIÐ

Þegar grilltíminn er hafinn er nauðsynlegt að eiga réttu græjurnar.

HEIMILI 6



MAÐURINN SKAPAR FÖTIN

Bjarni Pálsson í Next mælir með því að menn klæðist jakkafötum með bindi við útskrift.

TÍSKA 4

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[HEILSA TÍSKA HEIMILI]



MoistureLoc linsuvökvinn frá Bausch & Lomb hefur verið innkallaður. Vökvinn er talinn geta valdið sveppa-sýkingu í augum. Slíkum

tilfellum hefur fjölgað í Bandaríkjunum undanfarið. Vökvinn sem um ræðir er framleiddur í Bandaríkjunum. Sá sem seldur er hér á landi er framleiddur á Ítalíu.



KronKron fær heimsókn frá fatahönnuðinum Henrik Vibskov á morgun. Hönnuðurinn mun setja upp vinnubúðir í KronKron-búðinni frá 12 til 18. Unnið verður að spennandi innsetningu sem allir geta tekið þátt í. Seinna um kvöldið verður svo slegið upp veislu.

Fyrir skemmstu flutti verslunin Next sig um set í stærra húsnæði í Kringlunni. Meðal þess sem bæst hefur við er heimilisdeild. Heimilisdeildin hva vera eina Next heimilisdeildin utan Bretlands hér heima og erlendis.



Hildur Eir Bolladóttir á margar góðar minningar tengdar skenknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 18. maí, 138. dagur ársins 2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag

Reykjavík	4.04	13.24	22.47
Akureyri	4.04	13.24	22.47

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Fékk antíkskenk frá foreldrum sínum

Hildur Eir Bolladóttir prestur á antíkskenk sem hún fékk frá foreldrum sínum og hefur mikið tilfinningalegt gildi fyrir hana.

Foreldrar Hildar keyptu skenkinn í antíkverslun þegar þau fóru að búa í kringum 1960. „Þá var ekki í tísku að eiga antíkhúsgögn svo þau kostuðu mjög lítið en mömmu fannst þau flott svo hún keypti mikið af þeim,“ segir Hildur. Skenkurinn hefur mikið tilfinningalegt gildi fyrir Hildi og hún segist eiga margar góðar minningar tengdar honum. „Mamma geymdi alltaf sparistellið og silfurhnífapörin í skenknum og í minningunni tengist hann því þegar systkini mín komu heim um júl og páska og við söfnuðumst öll saman til þess að borða einhvern góðan mat.“ Hildur fékk skenkinn þegar foreldrar hennar fluttu frá Hólum í Hjaltadal til Reykja-

víkur fyrir nokkrum árum. „Þau fluttu úr stóru tveggja hæða húsi í sjöttu fermetra íbúð og gátu ekki lengur verið með öll húsgögnin sín svo ég fékk skenkinn og borðstofuborðið úr stofunni heima sent með vöruflutningabíl að norðan. Á þessum tíma var ég í guðfræðinámi og bjó í fimmtíu fermetra íbúð á stúdentagörðum svo þetta var eiginlega það eina sem komst fyrir í íbúðinni. Margir sem komu í heimsókn höfðu orð á því að það væri eins og að ganga inn á lítið prestssetur að koma til mín því yfirleitt var fólk bara með Ikea-húsgögn í þessum litlu íbúðum á stúdentagörðunum.“

Núna þegar Hildur er komin í stærri íbúð nýtur skenkurinn sín vel. „Hann gegnir ennþá sama hlutverki og þegar ég var að alast upp því ég geymi í honum hnífapör sem ég fékk í brúðkaupsgjöf og ýmislegt sem er ekki notað nema við hátíðleg tækifæri,“ segir hún.

emilia@frettabladid.is



KJÓLAR VIÐ BUXUR

Mörg mynstur ótrúlegt úrval

Stærðir 36 - 48
Verð frá 3.990

FLASH

Laugavegi 54,
sími 552 5201

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu bátur **kr. 299**

12 tommu bátur **kr. 598**

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

HjartaHeill

Gildir í maí 2006
Gildir ekki í Stjórnunámi
Gildir ekki með öðrum tilboðum

Six tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu.
Nánari uppl. á www.subway.is

SUBWAY



SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

Flexitol Heel Balm

NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og finar á aðeins 2 vikum með nýja

Flexitol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Anita Vestmannaeyjum. Spar Pin Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá.

Crocs fást hjá okkur.

Sipa
Laugavegi 67
sími: 5518228

TILBOÐ Námskeið í Maí

Kr. 1000 - allt innifalið

- Rússneskur Spírall
- Grænleskur Perlusamur
- Geisladiskasamur

www.fondurstofan.is
Síðumúli 15, 2 hæð
Opíð virka daga 11-18
Laugardaga 11-14
s. 553-1800

Atson leðurvörur til útskriftagjafa. Ókeypis nafngyfling fylgir.

Atson

Leðuriðjan ehf. Brautarholti 4, sími 561-0060

Handunnir og einstakir

Trippen, skóverslun, Rauðarárstíg 14, 101 Reykjavík. trippen.is



Birna Björnsdóttir, eigandi Tísku og stíls á Laugavegi 101, og Hrafnhildur Hjaltadóttir verslunarstjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Leiðbeinir um persónulegan stíl og framkomu

Hversdagsflíkur, samkvæmisfatnaður og flest þar á milli er fáanlegt í hinni nýju verslun Tíska & stíll á Laugavegi 101.

„Ég legg mesta áherslu á gæði á góðu verði, stærðir frá 36-48, breitt verðbil og góða þjónustu,“ segir Birna Björnsdóttir, útlitsstíliti og ráðgjafi sem er nýbúin að opna verslunina Tíska og stíll á Laugavegi 101. Þar er hún með á boðstólum kvenfatnað í ýmsum toppmerkjum í tískuheiminum. Til dæmis er norska merkjavaran Ricco Vero eingöngu fáanleg hjá henni en það merki segir hún njóta mikilla vinsælda víða um Evrópu.

„Það eru eingöngu notuð bestu fáanlegu efni hverju sinni hjá Ricco Vero og hönnuðirnir eru þeir flinkustu á Norðurlöndum,“ upplýsir hún. Birna hefur rekið fyrirtækið Stílistann í Hveragerði í rúm ár, bæði í formi verslunar og ráðgjafarfirmar. Þar hefur hún leiðbeint einstaklingum og hópum í sambandi við persónulegan stíl og framkomu auk þess að taka að sér ráðgjöf um klæðnað í viðskiptum fyrir fyrirtæki. Innan skamms mun hún opna slíkt ráðgjafarfirmar-tæki á efri hæðinni á Laugavegi 101 undir merkjum Stílistans.



Tíska og stíll býður fólk velkomið.

Hárvörur fyrir rautt hár

Vertu eftirminnileg

Vertu geislandi

Vertu kynþokkafull



Fæst í apótekum og Hagkaupum um land allt.

JOHN FRIEDA

Radiant Red

Sólbrún og sumarleg

Nýr brúnku-úði frá Estée Lauder er kominn í verslanir.

Go Tan Air-Brush Self-Tan Spray for Body er nýr brúnku-úði sem framkallar fallegan og náttúrulegan lit á innan við klukkutíma. Úðinn þornar fljótt á húðinni svo engin hætta er á að liturinn fari í fót og skilji eftir sig bletti. Brúnku-úðinn er fljótleg leið til að fá fallegt og sumarlegt útlit án sólar.



Go Tan Air-Brush Self-Tan Spray for Body brúnku-úðinn frá Estée Lauder. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Óður til kvenleikans á hvíta tjaldinu og utan

Tískan hefur löngum átt í nánu sambandi við kvikmyndalistina. Ekki aðeins við tækifæri eins og í gærkvöldi þegar kvikmyndahátíðin í Cannes hófst með árvissri tískusýningu á rauða dreglinum heldur einnig á tjaldinu sjálfu. Og þegar betur er að gáð kemur í ljós að kvikmyndahandrit hefur oft verið uppspretta athyglisverðra sköpunarverka hönnuða.

Forseti dómmefndarinnar að þessu sinni er kínverski kvikmyndaleikstjórinn Wong Kar Wai sem er fæddur í Shanghæ en fór frá Kína þar sem hann hafði ekki nóg sköpunarfrelsi. Wai hefur einstakt lag á að kvikmynda konur og kvenfatnað. Þetta sást vel í kvikmyndinni „In the mood for love“ (kynningarveggspjald kvikmyndahátíðarinnar í Cannes 2006 er einmitt út þessari mynd) þar sem einstaklega mikið er lagt í fatnað aðal-leikkonunnar Maggie Cheung en myndin gerist á fimmta og sjötta áratugnum í Hong Kong. Búningarnir einkennast af sterkum litum og myndri og oft fylgir kvikmyndatökuvélin neðri hluta leggja leikkonunnar, fótum og skóm en þeir minna á tíma Jackie Kennedy. Í stuttmyndinni Höndin (la Main) sem er að finna, ásamt myndum eftir leikstjórana Soderbergh og Antonioni, í safni þriggja mynda undir titlinum Eros, má aftur sjá þessa fallegu kvikmyndatöku. Þar lýsir Wai sérkennilegu sambandi klæðskera við lúxusgleðikonu sem lætur sauma á sig ógrynni af fallegum kjólum og sambandið verður náði, nánast eins og ástarsamband í gegnum fötin. Augnakonfekt fyrir fagurkera sem hafa áhuga á hönnun og tísku.

Á forsíðu bókarinnar Litli svarti kjólinn (La petite robe noir) sem segir sögu þessarar flíkar sem þykir alltaf jafn ómissandi, má sjá einn slíkan sem Catherine Deneuve klæðist. Mynd úr kvikmyndinni „Belle de jour“ eftir Luis Bunuel og kjóllinn hannaður af Yves Saint Laurent eins og allur klæðnaður Deneuve í myndinni. Hann er reyndar með hvítum uppábrotum á ermum og hefði smellpassað í svarthvítu sumartískuna. Örlítið dæmi um tengingu þessara tveggja listgreina. Sama má sjá á sýningu sem stendur yfir í einni af útborgum Parísar, Enghien-les-Bains (upplýsingar á www.cda95.fr), tileinkuð dívum í ítalskri kvikmyndagerð á sjötta áratugnum. Á sýningunni er að finna dýrgrip sem jafnt Maria Callas, Sophia Loren og Gina Lollobrigida klæðast í frægum kvikmyndum leikstjóranna Zeffirelli og Visconti, svo einhverjir séu nefndir.

Oft leituðu stjórnurnar til Coco Chanel, Christian Dior og Yves Saint Laurent áður en haldið var til Cannes. En í Cannes verður frumsýnd mynd um einn besta viðskiptavin „Haute couture“ allra tíma, Marie-Antoinette Frakklandsdrottningu.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

Heildsöluðreifing www.Hafnarsport.is
 Útsölastaðir: Femin.is, Snyrtist. Okkar Keflavík.
 Snyrtist. Abaco Akureyri, Bætt Útlit, Snyrtist. Jara Akureyri,

HUGO BOSS • BLACKY DRESS
 JEAN PAUL • PBO • KAPALUA
 OUI • DAMO • BRAX

STILL

Laugavegi 58 • Sími 551 4884 • stillverslun.is

Permanent Hair Colorant with Active Vegetable Ingredients
 100% Grey cover
 NEW
 MORE COVERAGE LASTING COLOR

100% náttúrulegt

- 100% náttúrulegir jurtalitir
- Engin skaðleg aukaefni
- Ekkert ammóníak
- Laust við festiefni (Resorcinol)
- Þægilegt og fljótlegt í notkun
- 30 litir (Hægt að blanda fleiri)

Einnig sjampó, hárnæring o.fl.
 Fæst í heilsuþúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana
 DREIFING: JÓN KARLSSON • SÍMI: 5610570



Sérstök kynning verður á Rifka-snyrtivörum í Debenhams í dag.

Ný sumarlína Rifka

Þrískiptir augnlitir eru meðal forvitnilegra snyrtivara í nýrri sumarlínu Rifka.

Rifka snyrtivörur hafa lengi átt sérstakan stand í Debenhams í Smáralind og í tilefni af nýrri sumarlínu snyrtivöruframleiðandans verður sérstök kynning í versluninni í dag. Rifka kynningarvika verður haldin í Debenhams í kjölfarið.

Vörur í nýju sumarlinunni eru meðal annars þrír nýir augnskuggar, sem eru þrískiptir og varalitagloss. Áhugaverðast er þó án efa sérstakur tvískiptur penni sem kallast Dual for Eyes en öðrum megin er kremaður augnskuggi og hinum megin er blýantur.

allt bílar
 Alla laugardaga

sumar - **SPRENGJA**
 Ótrúlegt en satt

20%

SUMAR-AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

ATH: LOKADAGUR - SÍÐASTI SÉNS OPIÐ TIL KL. 21:00 Í KRINGLUNNI
 ... Þú vilt ekki missa af þessu

Í EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM
 LAUGAVEGI, KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

herrasandalar

camel active
 REALITY WEAR
NÝ SENDING

dömusandalar

XENA
 MJÓDDINN S: 557 1291
 GLÆSIBÆ S: 553 7060
 BORGARNESI S: 437 1240

galleri sautján gs skór

Deres focus retro CENTRUM DIESEL BARNA

Maðurinn skapar fötin

Bjarni Þór Pálsson mælir með því að menn klæðist jakka-fötum og séu með bindi við útskriftina.

Fataverslunin Next í Kringlunni hefur starfað á Íslandi í þrjú ár, en hún er hluti af samnefndri breskri verslanakeðju, sem teygir anga sína víða um heim. Í búðinni er boðið upp fatnað á alla fjölskylduna, auk þess sem nýlega hefur verið bætt við hana skemmtilegri heimilísvörudeild þar sem kennir ýmissa grasa. Bjarni Þór Pálsson, deildarstjóri herradeildar Next, segir að í búðinni séu seld góð föt sem henta við alls kyns tækifæri,



Bjarni Þór Pálsson, deildarstjóri hjá Next, vill að menn hugsi út fyrir rammann þegar útskriftarfötin eru valin.



Blá, teinótt jakka-föt á 33.170 kr., skyrtu á 3.390 kr., bindi á 2.690 kr. og skórnir kosta 9.990 kr.

Svört, teinótt jakka-föt á 17.380 kr., skyrtu á 4.290 kr., bindi 3.390 kr. og skór 10.190 kr.

Brún jakka-föt frá Next á 29.280 kr. Skyrtan kostar 3.490 kr., bindið 2.690 kr. og skórnir 10.790 kr.

ekki síst fyrir herra sem eru að útskrifast.

Fyrir herrana mælir Bjarni helst með jakka-fötum og bindi. „Ég mæli þó ekkert sérstaklega með svörtum jakka-fötum,“ segir hann. „Mér finnst að menn hafi í gegnum tíðina verið alltof fastir í því að kaupa sér svört jakka-föt, til að geta notað þau við sem flest tækifæri,“ útskýrir hann.

„Að mínu mati er betra að eiga svört jakka-föt þegar þess er krafist, en eiga síðan jakka-föt í skemmtilegum litum til tilbreytingar,“ segir Bjarni.

„Menn mega vera ófeimnari við að velja

sér jakka-föt í litum en þeir hafa verið hingað til og blanda ólíkum litum saman. Við eigum gott úrval fallegra jakka-fata, til dæmis í brúnu og bláu, bæði með og án köflna eða teina, sem eru að koma sterkt inn. Hér eru falleg jakka-föt annaðhvort með brúnum eða gylltum teinum,“ bætir hann við.

„Nú er líka tíminn til að kaupa sér skyrtuna sem mann hefur alltaf langað í en ekki þorað að klæðast, þar sem töluvert frelsi ríkir í þeim efnum,“ segir Bjarni. „Auðvitað eiga menn þó ekki að kaupa sér skyrtu nema þeim líði sjálfum vel í henni. Svo er alltaf flott að sjá menn með falleg bindi við jakka-fötin, en þau eigum við í miklu úrvali ásamt öðrum fylgihlutum, svo sem skóm, beltum, úrum og ermahnöppum. Aðalreglan er að velja sér eitthvað fyrir útskriftina sem maður er sjálfur ánægður með, því þá eru meiri líkur á því að maður beri sig vel,“ segir hann loks.

Hágæða húð- og hárvörur fyrir börn

BRILLIANT

Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is



Klassísk föt og fylgihlutir

Christopher Bailey, einn af aðalhönnuðum Burberry, vill hafa sína hluti á hreinu.

Heimasíðan bráðskemmtilega men.style.com birtir reglulega lista ýmissa tískusérfræðinga yfir tíu nauðsynlega lífstíllshluti að þeirra mati. Sá síðasti til að gera slíkan lista var Christopher Bailey, helsti útlitshönnuður snobbmerksins mikla Burberry. Val Baileys kemur kannski ekki mikið á óvart en er engu að síður skemmtilegt. Þetta hafði hann að segja um val sitt.

Penhaligon Blenheim Bouquet
„Hefðbundið breskt ilmvatn sem er orðið hluti af mér. Hef notað þetta ilmvatn í mjög langan tíma, algjör klassík.“

Listmálarinn David Hockney
„Ég ólst upp með teikningum hans, enda fæddist ég í sama hverfi og hann. Mér líkar vel við stíl hans og hvernig hann endurtúlkar Kaliforníu með sínu enska auga.“

Handgerðir Burberry-skór og gamaldags Levi's-buxur.
Val Baileys kemur ekki á óvart í ljósi þess hvar hann vinnur. Slíkir klassískir spariskór fara einstaklega vel við gallabuxur enda hefur þessi samsetning á gallabuxum og spariskóm verið afar vinsæl að undanförunu. „...hefðbundið, þægilegt og auðvelt.“

iPod
„Ég ferðast mikið og ég fer aldrei að heiman án trygga iPods-ins míns.“

Joan Armatrading
„Tónlist Armatrading fær mig alltaf til að slappa af. Þegar ég



Christopher Bailey ásamt tiskudrósinni Sienu Miller.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

hlusta á hana finnst mér ég vera nær heimilinu mínu. Hún er alltaf inni á iPodnum mínum og ég hlusta á hana hvar sem er í heiminum.“

Etro Heliotrope kert
„Ég reyni að eyða eins mikið af mínum frítíma og ég get heima hjá mér í Yorkshire, umkringdur fallegum túnum og trjám. Ef ég kemst ekki þangað þá er næstskást í stöðunni að kveikja á kert.“

Burberry Chesterfield-jakki
„Ég á mikið af uppáhaldsflíkum í fataskápnunum mínum en engin þeirra jafnast á við þennan jakka.“ Klassískur, síður jakki með einstaklega flottum kraga.

The Year of Magical Thinking eftir Joan Didion
„Ég elska að lesa ævisögur til þess upplifa lífsviðhorf annarra. Þessi

nýlega ævisaga Didion er í upphaldi þessa stundina.“

Nomos-borð eftir Norman Foster
„Ég dáist að heildarhönnun borðsins og hef alltaf átt nokkur stykki. Mér þykir borðið fallegt en það hefur einnig mikið notagildi. Passar alls staðar.“

Stór Burberry-handtaska
Enn heldur Bailey áfram með Burberry-vörurnar en þetta val hans er þó vel skiljanlegt því að þessi handtaska er einstaklega flott. Sérstaklega fyrir nútímamann eins og Bailey en handtöskur fyrir karlmenn verða æ vinsælli.

Á heimasíðunni men.style.com má nálgast frekari upplýsingar um val Baileys og þar er einnig hægt að skoða myndir.

steinthor@frettabladid.is

Hvítt í sumar

SKÓR, BUXUR, JAKKAR OG FLEIRA Í HVÍTU VERÐA ÁBERANDI Í SUMAR.

Áður og í raun margoft hefur hvítur litur verið áberandi í sumartískunni eins og nú bregður við. Áður verið greint frá því að hvítir leðurskór verði vinsælir í sumar og hvítar gallabuxur er einnig orðnar mjög áberandi og því er ekki annað en rökrétt að álykta að annar klæðnaður í hvítu verði einnig vinsæll. Nú hefur Levi's framleitt og sett á markað hvíta gallajakka en almennt hafa hvítir jakkar selst vel samkvæmt fréttavefnum, men.style.com. Vinsældir hins hvíta lits, sem í raun telst vera litleysa, eiga ekki að koma á óvart enda léttur og hefðbundinn og sker sig samt úr.



Hvítur gallajakki frá Levi's.

Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upplutinn, settið frá 90.530, kr.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.



Stelpur við gefum boltann til ykkar!

Stelpudeildin á SKJÁEINUM hefst 5. júní

Nú nærðu SKJÁEINUM í gegnum Digital Ísland



www.svefn.is

IQ-CARE
HEILSUKODDAR

Svefn & heilsa
★★★★★

Rétt áhöld við útigrillið

Þegar grilltíminn er hafinn er nauðsynlegt að eiga réttu græjur.

Grilláhöld eru eitt af því sem nauðsynlegt er að eiga á þessum árstíma þegar góða veðrið dregur okkur út í garð með eldamenskuna, eða jafnvel enn lengra. Góðar tangir og spaðar með löngu

skafti eru þarfþing þegar kemur að matargerð við opinn eld þar sem hitinn er mikill. Grillhanskar koma líka í góðar þarfir og svunta er auðvitað bæði einkennisbúningur og hlíf. Við litum inn í tvær búðir í Kringlunni og skoðuðum grilláhöldin þar en bensínstöðvar og stórmarkaðir eru líka staðir þar sem slíkir hlutir fást.



Grillhanski er bráðnauðsynlegur til að verjast hitanum. Þessi er frá Búsáhöldum í Kringlunni og kostar 795 kr.

Grillspaði sem er 46 cm að lengd. Fæst í Byggt og búíð og kostar 1.375 kr.



Svunta er bæði einkennisbúningur og hlíf. Þessi Orskov-svunta fæst í Búsáhöldum Kringlunni og kostar 1.595 kr.



Fiskgrind fer vel með hráefnið. Reyndar má nota hana fyrir kjötsneiðar líka eða hvað sem er. Þessi fæst í Byggt og búíð og kostar 1.499 kr.

Hreinsun á grillinu er nauðsynleg. Hér eru eiginlega þrjú mismunandi áhöld í einu. Kostar 399 krónur í Byggt og búíð.



Það er alltaf dálitill still yfir því að grilla á teinum. Þessir fást í Byggt og búíð í Kringlunni og kosta 1.250 kr.

Pensill til að rjóða sósu á réttina. Þessi Steel Function-slíkongrill pensill í Búsáhöldum er á 1.980 krónur.

Grilltangir eru algerlega ómissandi. Þessar fást í Búsáhöldum í Kringlunni og kosta 1.450 kr.



Pensill með tréskafti á 499 krónur í Byggt og búíð.



GJAFADAGAR
20% afsláttur frá
fimmtudegi til sunnudags

Vandaðar heimilis-
og gjafavörur

DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

GLUGG-INN

Fákafeni 11, Rvk. Bæjarhrauni 12, Hf. Ópið alla daga
s. 8611004 s. 8614177

LÍKAMSRÆKT

allt

... sem þig vantar til
að hefja nýtt líf

HEILSUMATUR

NUDD

visir

NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTU-
SKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

Búðu til eigið kerti

ÞAÐ ER ÓPARFI AÐ HENDA GÖMLU KERTASTUBBUNUM. PRÓFAÐU AÐ BRÆÐA ÞÁ OG BÚA TIL NÝTT KERTI.

Bræddu gömlu kertin eins og þú myndir bræða súkkulaði. Láttu kertin í lítinn pott og láttu þann pott í vatnsbaði í öðrum stærri potti. Hitaðu vatnið þannig að kertin bráðni. Losaðu þig við gömlu kveikjuþræðina úr vaxinu með töng eða þrjóni. Til að búa til kertið þarftu ílát. Þetta ílát getur verið hvað sem er en það þarf að get þolað hitann. Tebollar, kaffikrúsir, skeljar og litlir blómapottar geta nýst í þetta verk. Þú þarft líka kveikjuþræð sem þú festir við eitthvað akkeri sem heldur sig á botninum. Þetta getur verið tala eða einhver málmlutur. Þú skalt binda hinn enda þræðarins við þrjón sem heldur öðrum endanum fyrir ofan yfirborð vaxins. Þá er ekkert eftir nema að hella vaxinu í í ílát, láta standa í klukkutíma og klippa óparfa endann á kveikjuþræðinum af.



Hægt er leika sér með heimatilbúin kerti og hafa þau marglit.



Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

Tröppuker – sólboðar og sælustundir á pallinum

Um þessar mundir eru flestir farnir að hugsa um ljúfar stundir úti í veðurblíðu á húsasvölum eða garðpöllum. Við viljum njóta sumarsins, svo stutt sem það stendur nú við hjá okkur, til hins ýtrasta og sterkur liður í sumarnautinni er að hafa mikið af sumarblómum í kring um sig. Svalakassar, krúsir og kyrnur sem staðið geta úti fullar af mold og skrautjurtum yfir sumarmánuðina er málið. Við þurfum ekki að eiga stóran garð. Nokkrir fermetrar á svölunum nægja eða bara örfá tröppuþrep og dyrapallur. Allstaðar má prýða og gleðja með þessum sumargestum, sem flesta ber langt að og úr hlýrri löndum. Úrvalið á markaðinum er mikið og verðinu er temmilega í hóf stillt, þannig að allir finna eitthvað við sitt hæfi.

Tröppuker

Fátt er jafn fagnandi við heimkomuna eða undirstrikar heimilísánægjuna jafn vel og snotur blómaker við útidyrnar. Rétt á meðan maður er að grafa upp húslykilinn eða að leggja frá sér innkaupapakana til þess að gera það, stendur þessi elska þarna án þess að segja múkk. Bara brosir við manni með blómum sínum og grósku, örugglega á sínum stað. Kötturinn gerir ekki betur. Hann getur verið horfinn út um hvipp og hvapp, upptekinn af öllu öðru en að heilsa húsbónda sínum malandi og með hlýlegum núningi við buxaskálm eða pilsfald. Samsetning plantna í tröppuker þarf samt að fylgja einhverskonar lögmáli eða formúlu. Til dæmis ein há planta á bakvið, tvær lægri plöntur frammanvið og til hliðar og svo nokkrar plöntur til fyllingar undir og neðanvið. Eftir samplöntunina á kerrið að líta út eins og plönturnar hafi vaxið þarna saman um nokkra hríð. Það þýðir að plönturnar þurfa að standa þétt saman strax í byrjun. Hér er ekki beðið eftir því að þær vaxi og fylli upp. Kerrið á að vera það vítt og það djúpt að það rúmi 12-15 lítra af mold og það þarf að velja plöntur og ker þannig að allt fari vel saman í hlutföllum. Vökvið kerrið vel eftir iplöntun.

Ein tillaga

Hugmyndafluginu eru svo sem engin takmörk sett með samsetningu plantna í ker. Þó gefur það

oftast besta raun að nota ekki of margar tegundir, þrjár eða í hæsta lagi fjórar og að hafa í huga regluna hér að ofan. Annars er hætt á að áferðin verði of mótsagnarkennd og úr jafnvægi. Hér skal ég gefa eina uppskrift sem virkar vel. Á baksviðinu og beinagrind í kerrið er gott að nota einhvern barrvið, t.d. upprétta eini sem er um 1/3 hæri en plantan fyrir framan og til hliðar, sem í þessu dæmi er sólboði í tveim litbrigðum. Til fyllingar eru svo notaðar þrjár plöntur af silfurkambi. Í kerrið sem ég sýni á myndinni notaði ég himalajaeini, reyndar tvær plöntur. Aðra upprétta en hina flatvaxna. Og til að fá aðeins gullinn lit skellti ég gullinlaufgaðri brúsku milli einihnausanna. Þetta ker getur svo staðið svona til haustsins. Það eina sem þarf að gera er að klípa sölnuðu blómin á sólboðanum burtu um leið og þau sjást. Kannski þarf að sjá til þess að silfurkamburinn verði ekki of aðgangsharður þegar líða fer á sumarið. Þá má skera eina plöntuna burt og stýfa ögn af hinum. Svo þegar frostin fara að bíta, tæmum við kerrið. Gróðursetjum einibuskana og brúskuna í sólríkt beð og hvolfum síðan tómu kerinu í góðri geymslu, t.d. undir runna. Og svo er eitt sem dálítið áriðandi er að muna, en það er að vökva í kerrið á hverjum degi, einkum ef veður er þurr og með miklu sólfari og sunnanvindum.

Ög sólboðinn?

Sólboðinn (*Osteospermum*) er tiltölulega ný tegund sumarblóma af Körfublómaætt. Hann er ættaður frá fjallendi Suður-Afríku, rétt eins og hádegisblómið, og hefur slegið í gegn í norrænum gördum á síðustu árum. Hægt er að fá hann í fjölda litbrigða, hvítum, bleikum, gulum, rauðfjólubláum og följólubláum. Sindrandi og djúpri silkiáferð slær á blómin og til eru afbrigði með skringilega pipukrýndum blómum sem minna á túrbínuhjól. Sólboðinn lokar sér í dimmviðri en slær blómum út í sólskini og hlýviðri. Hann þolir vægt frost, en ekki er óhætt að setja hann út í nóttina enn vegna næturfrósta nema búið sé að herða hann, þ.e. venja hann við útiloftið, áður. Spyrjið gjarna fagfólki á sölustöðunum hvort búið sé að gera það.



KOMDU HLUTUNUM Í VERK

ALLT er ný vöru- og þjónustuskra á visir.is. Ef þú stendur í stórræðum er gott að hafa ALLT við höndina því þar finnur þú ALLT sem þig vanhagar um. ALLT er líka að finna í þjónustunúmerinu 1850 og í vor verður ALLT bókinni dreift til allra landsmanna. Þú finnur ALLT á visir.is!

www.svefn.is



IQ-CARE
HEILSUKODDAR

Svefn & heilsa
★★★★★



"VORUM AÐ TAKA INN NÝJA SENDINGU AF BÆKÖRUM INNRETTINGUM OG HANDKLÆÐAOFNUM, MIKIÐ ÚRVAL, GOTT VERÐ.



BADHEIMAR

Fosshálsi 1
sí: 525 0800



Karólína Lárusdóttir

Íslensk list er góð gjöf

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18,
sunnudaga kl. 13-17

Opið á Rauðarárstíg
laugardag kl. 11-14

Sjáumst í Galleríi Fold

LISTMUNASALA
fold

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Geometric-línan er stílhrein og fallegt að blanda sama ólíkum gerðum og litum.

Fallegar línur, stílhrein lögun og góðir straumar

YD Design á Tangarhöfða er með til sölu gullfallegar heimilsvörur frá Cult Design.

Sænska framleiðslulínan Cult Design er sérlega falleg. Hönnuðir hennar hafa meðal annars unnið fyrir IKEA, Trip Trap og fleiri. Í Svíþjóð er að finna sérstakar verslanir sem eingöngu selja vörur Cult Design en hér á Íslandi má panta vörurnar gegnum heild- og netverslunina YD Design sem er á Tangarhöfða. Í Cult Design-línunni má finna tvo strauma. Retro-línan er ávöl og mjúk og sækir strauma sína til sjötta og sjöunda áratugarins. Geometric-línan er stílhreinni að lögun þar sem lagt er upp úr að hver vara standi bæði ein og sér eða í bland við aðrar.

Vörurnar samanstanda af blóm-pottum og vösum, lömpum, eldhúsvörum, kertastjökum og mörgu fleiru og í hverri vöru er lagt upp úr notagildi og fegurð.

Nánari upplýsingar um vörurnar og fleiri myndir má finna á www.yd.is eða www.cultdesign.se.



Stórskemmtilegar skálar úr Retro-línunni.



Fallegir veggblómavasar úr Retro-línunni.



Glerblómavasar úr geometric-línunni.



Fallega ávalir blómavasar úr Retró línunni.

Unnið rétt í eldhúsinu

Vinnuumhverfi á vinnustað skiptir flesta miklu máli. Hins vegar gleyma margir að reglur um góða vinnuáðstöðu eiga einnig að gilda heima fyrir.

Sá staður á heimilinu þar sem mest er unnið er oftast eldhúsið. Því er mikilvægt að lagt sé upp úr góðu vinnuumhverfi í eldhúsinu.

Til að geta unnið með slakar axlir þurfa hendurnar að vera ógn fyrir neðan olnbogana. Því er hæðin frá lærum að öxlum besta vinnuhæðin. Uppþvottavélar eru oftast hafðar of lágar og það eykur álag á bak. Þegar uppþvottavélin er í lágrri stöðu er mikilvægt að beygja sig rétt. Fordast ætti að

vinna fyrir neðan hné í standandi stöðu. Ef fólk er viðkvæmt í baki er nauðsynlegt að hækka vélnar eða sitja á kalli meðan unnið er við þær. Að sama skapi er mælt með að fólk stígi á koll ef unnið er upp fyrir axlarhæð.

Reynið að skipuleggja eldhúsið á þá leið að unnið er með mestu þyngdina við miðju líkamans, það getur til dæmis reynt mikið á hrygginn ef þungt leirtau er geymt í efri skápum.

Eldhúsbord eru venjulega um 70 sentimetrar en vinnuborð eru höfð um 90 sentimetrar. Einnig þarf að huga að lýsingu því léleg lýsing eykur álag á augu og fólk lútur meira höfði við slíkar aðstæður.



Rétt vinnustaða og gott vinnuumhverfi í eldhúsi getur verið mikilvægt heilsunni.

Hönnun Alvars Aalto á sýningu í Epal

Sýning á hönnun frá fyrirtækinu Artek verður opnuð á morgun hjá Epal þar sem verk Alvars Aalto eru í aðalhlutverki.

Finnska fyrirtækið Artek hefur frá upphafi lagt megináherslu á gæði og góða hönnun og ekki síður á endingu og einfaldar línur. Það er þekkt um allan heim og hér á landi hafa húsgögn frá því lengi notið vinsælda. Einn af stofnendum fyrirtækisins hefur áunnið sér ákveðinn sess í hugum okkar Íslendinga. Það er hönnuðurinn Alvar Aalto sem teiknaði Norræna húsið í Vatnsmýrinni. Á morgun verður opnuð Artek-sýning hjá Epal þar sem verk Alvars Aalto eru í forgrunni. Vörur frá Artek verða seldar í Epal í framtíðinni.

Artek var stofnað árið 1935 af fjórum arkitektum og var Alvar Aalto þar í fararbroddi. Í byrjun hannaði Alvar Aalto aðallega hús og byggingar en ef til vill þekkjast hann enn fleiri nú orðið fyrir húsgögnin en hann hannaði.


Artek hefur frá upphafi verið eins konar lista- og hönnunarmiðstöð og enn í dag eru húsgögn Aaltos meðal þess mikilsverðasta í framleiðslunni en fyrirtækið hefur þó framleitt fjölmarga hluti annarra arkitekta og ungir hönnuðir hafa komist á blað hjá Artek.



Alvar Aalto skapaði ekki aðeins listaverk í formi húsgagna og húsa heldur líka úr gleri. Þessi vasi er heimsþekktur.



Þennan koll þekkjast margir úr Norræna húsinu. Alvar Aalto hannaði hann árið 1933.



Tevagninn eftir Alvar Aalto.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ryklaus borun

Ryk vill þýlast um allt þegar borað er í vegg. Ef þú tekur skúffuna úr eldspýtnastokki og leggur yfir svæðið sem bora á í leysirðu þennan vanda. Boraðu gegnum skúffuna og rykið festist allt í skúffunni og subbuskapurinn minnkar til muna.



Það er nauðsynlegt að geta slakað á heima fyrir og þá er gott að komast í bað.

Nuddbaðkar á afslætti

Verslunin Innréttingar og tæki í Ármúla 31 selur nuddbaðkar á 35 prósentu afslætti.

Í baðkarinu eru 19 nuddstútar, hreinsibúnaður, hitastýrð blöndunartæki með brunaöryggi og nuddkerfi. Þar að auki er innbyggt hljóðkerfi í baðkarinu þannig að þú getur hlustað á útvarpið eða góðan geisladisk þegar þú reynir að slaka á í baðinu. Baðkarinu fylgir fjarstýring og stjórnborð með LCD-skjá.



SPARKY PROFESSIONAL

– fyrir iðnadaðar-manninn

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is



Svefn & heilsa
★★★★★

EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

**SVEFN & HEILSA
GEGNIR
MIKILVÆGU
HLUTVERKI**

VELDU ÞAÐ BESTA!

ALLT FYRIR GÓÐAN SVEFN OG BETRI HEILSU

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR



iq-care.com

**FRÁBÆR
STILLANLEG
RÚM Á
GÓÐU VERÐI**



WALLHUGGER
Eitt með öllu!

IQ-CARE
HEILSUKODDAR



iq-care.com

Svefnsófar



Verð frá **79.900.-** stgr.

NÝTT Á ÍSLANDI

Veggrúm sem sparar gólfpláss

Góð lausn í gestaherbergi, stúdíóbúðir, barnaherbergi.

Komið og kikið á þessa nýjung

Chiropractic



Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi

Svefnherbergis-húsgögn



★ GÆDI

★ GÓÐ VERÐ

★ ÞJÓNUSTA

★ ÚRVAL

★ ÞEKKING




Svefn & heilsa
★★★★★

Gerum tilboð fyrir hótél og gistiheimili

Verið velkomin
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



Sykurlaus jóгурt!

Hreina lífræna jóгурtin frá Bio-Bú er framleidd án sykurs. Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jóгурt tegundum frá Bio-Bú.

Bio-Bú

www.biobu.is var kosinn besti íslenski bændavælingurinn

Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Flott í sumar

Ný tæki - Léttari greiðslur

LÉTTARI GREIÐSLUR

SLENDERTONE FLEX 4.995.-
á máni í 3 máni - Verð kr. 14.995.

SLENDERTONE MAX 6.665.-
á máni í 3 máni - Verð kr. 19.995.

allt fyrir kroppinn

HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

ALVÖRU HLAUPAGREINING

FRAMKVÆMD AF FAGMANNI AUÐVELDAR

VALIÐ Á RÉTTU HLAUPASKÓNUM

OG GETUR KOMIÐ Í VEG FYRIR MEIÐSLI.

VIÐ HÖFUM HLAUPAGREINT MARGA

AF FREMSTU ÍPRÓTTAMÖNNUM LANDSINS Í

YFIR 20 ÁR. HAFÐU SAMBAND OG

PANTAÐU HJÁ OKKUR TÍMA NÚNA.



STOD
Við styðjum þig

Trönuhrauni 8 • Hafnarfjörður • Sími 565 2885 • www.stod.is

Rope Yoga

Ný námskeið hefst 16. maí!

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Markviss uppbygging og styrking fyrir líkamann. Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak.

Vertu velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB

leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

Hafðu samband!
Skráning hafin
www.jsb.is
sími 581 3730

ICE-númer }

Neyðarnúmer

ICE stendur fyrir In Case of Emergency. Verið er að koma á þeim alþjóðlega síð að farsímaeigendur setji skammstöfunina ICE fyrir framan númer nánasta aðstandanda. Þetta gerir læknum og öðrum starfsmönnum í heilbrigðiskerfinu auðveldara fyrir að ná með skjóttum hætti í þann sem getur gefið upplýsingar um sjúklinginn sem geta skipt sköpum um líf og dauða. ICE-númerið á að vera með landsnúmerinu líka svo að erlendir heilbrigðisstarfsmenn geti hringt beint í númerið. Með því að setja ICE fyrir framan neyðarnúmerið sparast mikilli tími og viðkomandi fær fyrir viðeigandi læknishjálp.




Vanda þarf vel meðhöndlun á makrillfisktegundum til að koma í veg fyrir histamíneitrun. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

Vart við histamíneitrun

Nýlega hafa komið upp tilfelli histamíneitrunar á höfuðborgarsvæðinu.

Rannsókn matvælaeftirlitsins leiddi í ljós að túnfiskurinn hafi verið þíddur yfir nótt utan kælis og eldaður næsta dag. Við herbergishita getur innihald histamíns í fisktegundum af makrillætt aukist um 0,9 mg fyrir hvert kíló sé fiskurinn geymdur við herbergishita í langan tíma.

Best er að hlýða ákveðnum reglum þegar fiskmatvæli eru meðhöndluð. Fullnægjandi kæling, 0 til fjórar gráður, er mikilvæg vörn gegn aukningu á histamíni í mörgum fisktegundum af makrillætt. Áriðandi er að fiskurinn sé þíddur í kæli.

Fréttin er fengin af www.doktor.is og þar má finna frekari upplýsingar um histamíneitrun.

vitamin.is

Heitustu vörurnar

5.900kr, 3.600kr, 3.900kr

Verslun Vitamin.is - Ármúla 32
s. 544 8000 • Opnið mán-fös 10-18 & laug 11-15

Verslun Vitamin.is - Gránufélagsgötu 4 (JMJ Húsi)
s. 466 2100.
Opnið mán-fös 16-18.30 & laug 11-13.

Viltu ná glæsilegum árangri?

TT námskeið

Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega

TT-námskeiðin sívinsælu!
Frá Toppi til táar

Ný námskeið hefst 21. maí
Skráning hafin!

Sumar-TT

TT-tímatafla	Kl	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös
06:20	x			x		x
07:20	x			x		x
08:20	x			x		x
12:05	x			x		x
16:20	x			x	x	
17:20	x			x	x	

Vertu velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB

leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

Hafðu samband!
www.jsb.is
sími 581 3730

GÓÐUR STUÐNINGUR BÆJARBÚA


Marel Baldvinsson genginn liðs
við Breiðablik SJÁ BLS. 10

HÆSTA HÚS LANDSINS Á SMÁRATORGI

Verður risið í nóvember SJÁ BLS. 8

[SÉRBLAÐ UM KÓPAVOG – FIMMTUDAGUR 18. MAÍ 2006]

Kópavogur



EFNISYFIRLIT

BÆJARLÍF Í BLÓMA
Fífuhvammssvæðið
BLS. 2

FRÉTTIR AF SKIPULAGS-
MÁLUM
Bær í örum vexti
BLS. 4


KANN VEL VIÐ
SIG Á SÓL-
PALLINUM
*Margrét Björns-
dóttir*
BLS. 4

FJÖRUGT
OG LIFANDI
HEIMILISLÍF
*Ingibjörg
Hannesdóttir*
BLS. 8

BÍLAGEIRINN ER Í KÓPA-
VOGI
Dagur Garðarsson
BLS. 8

HÉR LIGGUR ENGINN Í LETI
Heilsuleikskólinn Urðarhóll
BLS. 10

KNÚSAR BÖRNIN TIL AÐ
GLEYMA STJÓRN MÁLUNUM
Ómar Stefánsson
BLS. 10



Er þak á þinni starfsemi?



Allir þurfa þak yfir höfuðið -
líka þitt fyrirtæki!

"Hefur þú kynnt þér kosti eignaleigu við fjármögnun atvinnuhúsnæðis? Með sérsniðinni ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu, höfum við hjá Lýsingu hjálpað fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum að koma þaki yfir sína starfsemi."

Sigurbjörg Leifsdóttir
Ráðgjafi, fyrirtækjasvið


LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
Glerárgötu 24-26
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

Fyrstir allra

Kópavogsbúum býðst tækifæri til þess að prófa nýja gagnageymslu Símans áður en hún kemur á almennan markað.

Síminn og Kópavogsbær hafa síðan í október á síðasta ári átt í samstarfi um að Síminn leiði Kópavogsbæ inn í framtíðina hvað varðar fjarskipta- og upplýsingatækni. Samkvæmt samningnum fá íbúar Kópavogsbæjar fyrstir tækifæri til þess að prófa ýmsa tækni frá Símanum áður en hún fer á almennan markað. Kópavogsbúar voru meðal annars þeir fyrstu sem fengu sjónvarp gegnum ADSL inn á sín heimili.

Nýjasta samstarf Kópavogs og Símans felst í því að íbúar bæjarins fá fyrstir allra tækifæri til þess að prófa nýja tækni frá Símanum sem kallast Safnið. Í gegnum það geta viðskiptavinir Símans geymt

gögnin sín miðlægt hjá Símanum og miðlað þeim með öruggum hætti. Kópavogsbúum býðst tækifæri til þess að nýta sér tæknina frítt í svokölluðum beta prófunum í fjórar vikur áður en hún kemur á almennan markað.

„Viðskiptavinir okkar eiga eftir að taka þessari nýjung fagnandi en með miðlægrri geymslu af þessu tagi getum við boðið upp á öruggt geymslusvæði fyrir mikilvæg gögn, eins og t.d. skjöl, tónlist og ljósmyndir.“ segir Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans.

Íbúar Kópavogs geta skráð sig í þjónustuna á vef Símans en þátttaka er takmörkuð. Þeir sem lenda í úrtaki eru látnir vita í tölvupósti.



Eva Magnúsdóttir upplýsingafulltrúi Símans. Kópavogur og Síminn eru í samstarfi um að leiða bæjarbúa inn í framtíðina í tæknimálum. FRETTABLAÐIÐ/GVA

Guðmundur frá Miðdal

Nú stendur yfir sýning á verkum Guðmundar frá Miðdal í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni, og Náttúrufræðistofu Kópavogs. Þar er að finna úrval olíumynda, vatnslitamynda og skúlptúra í eigu einkaaðila, stofnana og safna. Einnig eru sýndar þar allmargar og afar sjaldséðar grafíkmyndir ásamt fjölmörgum leirmyndum sem búnir voru til í Listvínahúsinu frá um það bil 1930 til 1956 en Guðmundur var brautryðjandi á Íslandi í þessum listgreinum. Íslensk náttúra



og mannlíf, Samar í Finnlandi, Grænland, Alpar og evrópskar borgir – allt þetta og meira til eru myndefni Guðmundar Einarssonar frá Miðdal (1895-1963) sem var einn af kunnari myndlistarmönnum landsins á sinni tíð.

VÖRUBÍLAVARAHLUTIR SCANIA, VOLVO OG MAN

G.T. ÓSKARSSON
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000
www.islandia.is/scania



Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bíla vegna hitavandamála?

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni. Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400



Bæjarlíf í blóma

Kópavogsbær er í örum vexti og er þar margt fallegt að sjá, meðal annars Fifuhvammssvæði sem hefur sögulegt gildi fyrir bæinn.

Kópavogur er næstfjölmennasta sveitarfélag landsins. Íbúum hefur fjölgað þar hratt undanfarin ár og byggð hefur stækkað í samræmi við það, þannig að segja má að bæjarlífið standi nú í blóma. Allt má finna í Kópavogi, hvort sem það er góð þjónusta, skólakerfi, menning, fallegt umhverfi og skipulag. Sumir hafa haft á orði að þarna séu að finna ein bestu fjölskylduverfi sem völ er á. Sömu leiðis eru mörg falleg svæði í Kópavogi, sum hver með mikla sögu að baki.

Fifuhvammssvegurinn í Kópavogi liggur eins og lífæð í gegnum bæinn alla leið frá Hafnarfirði og fram hjá Smáratorgi, undir Reykjanesbraut og upp í Sala- og Lindahverfið, þar sem hið eiginlega Fifuhvammssvæði er staðsett. Í jaðri þessa svæðis stendur gamall sumarbústaður. Sem er leifar frá svokölluðu sumarbústaðaskeiði í sögu bæjarins, og þar er einnig að finna söguminjar, líklega einhvern tímann frá því fyrir síðaskipti. Á leiðinni er margt skemmtilegt að sjá og var ljósmyndari sendur á vettvang til að fanga það helsta. Útkomuna má sjá á eftirfarandi myndum.

Íþróttafélagið Breiðablik er með íþróttahús í Dalsmára 5, sem nefnist Smárin. Á sumrin þegar hlýna tekur í veðri og sólin skín skært hefjast æfingar á útivellinum af fullum krafti, eins og sést á þessari mynd þar sem stúlkur í yngri flokki Breiðabliks spretta úr spori.



Það má með sanni segja að menningarlíf Kópavogsbæjar hafi tekið öran kipp á síðustu árum. Ekki nóg með að þar sé að finna listasafn, tónleikahús, bókasafn- og náttúrufræðistofu heldur er þar fjöldinn allur af útilistaverkum sem prýða bæinn. Eins og hér sést geta sannir listunendur verið á öllum aldri, en þessar stelpur fengu ekki nóg af þessu skemmtilega listaverki.



Þessi langi göngustigur virðist við fyrstu sýn engan enda ætla að taka. Hann var lagður upp úr 1990 og liggur frá Kópavogsdal upp í Digraneshlíðar. Stigurinn hefur verið fjölfarinn alveg frá því að hann var fyrst lagður og hefur hann einkum notið mikilla vinsælda hjá skokkurum, enda gott fyrir þol og vöðva að hlaupa upp bratta stiga.



Digraneskirkja í Kópavogsbæ þykir vera með fallegri kirkjum landsins en hún er hönnuð af Benjamíni Magnússyni arkitekt. Fyrsta skóflustunga að kirkjunni var tekin 27. mars 1993, en söfnuðurinn sjálfur hefur verið starfandi síðan 1971. Digraneskirkja var síðan vígð af Ólafi Skúla-syni, þáverandi biskupi Íslands, árið 1994.

Ert þú ekki örugglega með þitt kort?



- Kortin standa öllum félagsmönnum HK og Breiðabliks til boða og eru ókeypis
- Í hvert sinn sem greitt er með Blika- eða HK-korti rennur hluti fjárhæðarinnar til viðkomandi íþróttafélags
- Allir korthafar fá 2 fyrir 1 í Sambíóin á þriðjudögum
- Námsmenn með Blika- og HK-kort fá frí færslugjöld
- Kortin eru í senn debetkort/hraðbankakort, félagsskirteini og aðgöngumiði á heimaleiki



Þú getur sótt um Blika- og HK-kortið á www.spk.is



Erna Ómarsdóttir er einn þekktasti dansari Evrópu í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heimsfrægur dansari

Kópavogsbær tilnefndir heiðurlistamann Kópavogs árið 2006.

Erna Ómarsdóttir var tilnefnd á dögnum heiðurslistamaður Kópavogs árið 2006. Lista- og menningarráð Kópavogs sá um tilnefninguna en Erna, sem er danshöfundur og dansari, er yngsti listamaðurinn sem hlýtur þennan heiður hjá Kópavogsbæ en hún er 34 ára.

Einnig var þremur listamönnum veittur starfsstyrkur en þeir eru Martial Nardeau flautuleikari, Sunna Gunnlaugsdóttir djasspianisti og Kristín Sigfríður Garðarsdóttir myndlistarmaður. Jafnframt var veitt viðurkenning til framúrskarandi ungs listnema en hana

hlaut Guðný Jónasdóttir sem leikur á selló. Erna hefur verið tilnefnd og unnið til fjölda verðlauna fyrir list sína á undanförunum árum. Hún var valin einn besti ungi dansarinn af Ballet International 2002 og valin einn besti dansarinn 2003 sem og einn þeirra ungu danshöfunda sem vert væri að fylgjast með. Þá var hún tilnefnd til Benoit-dansverðlaunanna í Moskvu 2002. Erna hefur komið fram í öllum helstu avant-garde-leikhúsum Evrópu og víðar og unnið með danslistafólki á borð við Jan Fabre og Sidi Larbi Cherkoui.

Fréttir af skipulagsmálum

Kópavogur er ört stækkandi bæjarfélag. Þórarinn Hjaltason, bæjarverkfræðingur Kópavogs, spáir því að í Kópavogi muni 30.000 manns búa innan tveggja ára.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í Kópavogi undanfarin ár og ekkert lát er á framkvæmdunum. Á næstu tveimur árum gera bæjaryfirvöld í Kópavogi ráð fyrir því að 3.000 manna byggð muni rísa í bænum. Í Hnoðraholti, Smalaholti og Rjúpnahæð verður brátt úthlutað um 150 einbýlishúsalóðum og er gert ráð fyrir því að framkvæmdir þar hefjist á bilinu júní til október á næsta ári.

Um þessar mundir er bærinn að opna útboð í Kópavogstúnið vegna gatnagerðar. Framkvæmdir eru í þann mund að hefjast. Í Þingunum munu rísa allar gerðir íbúðarhúsa.

Framkvæmdir við heilsu-, íþrótt- og fræðasetur og knattspyrnuakademíuna munu hefjast á næstunni. Auk knattspyrnuhússins verður íþróttahús á svæðinu og gera bæjaryfirvöld í Kópavogi sér einnig vonir um að framhaldsskóli muni rísa þar á næstu árum. Ístak átti lágsta tilboð í útboðinu og segir Þórarinn Hjaltason bæjarverkfræðingur að skólfustunga verði tekin þar fljótlega.

Framkvæmdum við Gjána er um það bil að ljúka og laugardaginn 20. maí verður hún opnuð formlega aftur.

Af skólamála í bænum er það að fréttu að nýr leikskóli við Baugakór var vígður í síðustu viku og nú eru í gangi framkvæmdir við fyrsta áfanga Hörðuvallarskóla sem áætlað er að verði tekinn í notkun í haust. Heilmikil viðbygging við Vatnsendaskóla stendur sömuleiðis yfir.

Samningur við Hrafnistu var samþykktur í bæjarráði í síðustu viku. Áformað er að byggja þjónustumiðstöð sem verður bæði félagsmiðstöð á vegum bæjarins og



Framkvæmdir við Þingin í Vatnsendahverfinu.



Byggingalóðir undirbúnar í Kópavogi.

sjómannaðagsráðs. Hjúkrunaríbúðir munu rísa í hnapp í kring.

„Heilmikil byggð mun svo rísa í Lundarhverfinu á næstunni og einnig er byrjað á áfyllingu undir

bryggjuhverfið sem mun rísa vestur á Kársnesi,“ segir Þórarinn Hjaltason, en í nýja bryggjuhverfinu munu um 450 íbúðir rísa á næstu árum.

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR

Jeep CHRYSLER DODGE

BÍLJÖFUR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

CAFÉ MITSUBISHI VW Audi OILS nikkens

Réttingaverkstæði

Jóa ehf.

Dalvegi 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255
Fax 564 5254 • rettjoo@rettjoo.is • www.rettjoo.is

BÍLAMÁLUN
RÉTTINGAR

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

HJARTAR

Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.

- Réttum og málum allar tegundir bíla.
- Þjónustum öll tryggingafélögin.
- Útvegum bílaleigubíla.
- Tjónaskoðun.

Viðurkennt CABAS verkstæði

TOYOTA ÞJÓNUSTA

Smiðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is



Margrét á pallinum heima.

Kann vel við sig á sólpallinum

Margrét Björnsdóttir nýtur veðurblíðunnar og kyrrðarinnar í garðinum heima hjá sér. Margrét slappar vel af við bóklestur úti á pallinum.

Það er skammt stórra högga á milli hjá Margréti Björnsdóttur, vara-bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og formanni umhverfisráðs Kópavogs. Framundan eru bæjarstjórnarkosningar þar sem Margrét skiptar 6. sæti listans.

Pegar frítími gefst þá kann Margrét best við sig í góðu veðri á sólpallinum heima í garði. „Á pallinum heima getur maður slakað á og notið útiloftsins og kyrrðarinnar.“

Íslenska sumaríð er óútreiknanlegt og því festi Margrét kaup á útihitar

til þess að geta verið meira í garðinum en bara í mestu blíðunni. „Það er alveg rosalega huggulegt að sitja á góðum kvöldum bæði á haustin og sumrin úti í garði. Stundum um helgar þá byrja ég daginn á því að skella einhverju léttu á grillið úti á pelli, það er frábært.“

Margrét segist lesa mikið og á náttborðinu núna er bókin Á vængjum söngsins eftir Gylfa Gröndal þar sem Jónas Ingimundarson, listfrömuður frá Kópavogi, segir frá. „Svo eru náttúrulega allskonar sveitarstjórnar-

pappírar á náttborðinu mínu sem ég les líka.“

Náttúrulega þættir Davids Attenborough í Ríkissjónvarpinu eru í miklu upphaldi Margrétar. „Ég er voðalega hrifin af þáttunum hans. Ég er formaður umhverfisráðs og er mikill náttúruunnandi.“ Að endingu segist Margrét líkt og flestir aðrir stjórnmálamenn aldrei missa af fréttum í sjónvarpi og útvarpi. „Ég hlusta og horfi rosalega mikið á fréttirnar og annað fréttatengt efni. Þær eru það eina sem ég missi aldrei af.“



Sterkara samfélag – allir með

Við teljum þetta brýnustu verkefni næstu ára í Kópavogi:

Stórátak í málefnum aldraðra - þjónustuna heim • Meira fé til leikskóla - framúrskarandi skólar
Virkt samráð við íbúa í skipulagsmálum - endurskipuleggja Hamraborgina og Kársnesið
Íþróttir, tómstundir og listnám standi öllum börnum til boða • Öflugt menningar- og listastarf barna og unglunga - alþjóðleg listahátíð barna • Átak við uppbyggingu grænna svæða - frumkvæði í umhverfismálum • Fatlaðir búi við öryggi og lífsgæði • Fjölbreyttir möguleikar til íþróttar fyrir alla
Gott framboð lóða, sérþýli fyrir eldri borgara og leiguíbúðir • Atvinnumennska í listum - sviðslistahús
Ókeypis í strætó - Öryggi í umferð • Rafrænn Kópavogur - hraðari afgreiðsla mála
Trygg skólavist í framhaldsskóla - öflug endurmenntun



Fjölskylduhátíð
Samfylkingarinnar
í Kópavogi

Laugardaginn 20. maí kl. 13.00
við kosningamiðstöðina að Hamraborg 10

Hoppukastalar • Eldgleypar • Blöðrur
Grillaðar pylsur • Töfrasýning

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá; allir velkomnir!





af öllum Nettoline innréttingum
20% afsláttur
 til 1.júní.

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins.



ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

SÉRVERÐ Á VÖLDUM RAFTÆKJUM, ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR
 Á tilboðsdögum bjóðum eftirtalin raftækin á sérverði



Gerð 66-EX396 stál
 Keramikborð m/4 hi-light
 hellum, þ.a. 1 stækkanleg.
 Fjölvirkur 7 kerfa ofn.
 BxDxH = 60x60x85 cm
 Fullt verð kr. 112.200,-
Tilboðsverð kr. 67.300



Gerð 66-EX348 stál
 Gashelluborð m/4 brennum.
 Fjölvirkur 7 kerfa ofn.
 BxDxH = 60x60x85 cm
 Fullt verð kr. 101.400,-
Tilboðsverð kr. 60.800



Gerð 110-624 WH hvítur
 4ra kerfa ofn með tímastilli.
 Fullt verð kr. 34.800,-
Tilboðsverð kr. 20.900



Gerð 618-100 X stál
 7 kerfa ofn með Pyrolytic
 hreinsikerfi
 Fullt verð kr. 105.800,-
Tilboðsverð kr. 63.000



Gerð 410-820 MR stál
 8 kerfa ofn með spegiláferð
 Fullt verð kr. 60.000,-
Tilboðsverð kr. 36.000



Gerð 245-431 WH
 8 kerfa ofn með spegiláferð
 og hvítum ramma
 Fullt verð kr. 45.600,-
Tilboðsverð kr. 28.900



Gerð C-290 - Stál
 HxBxD=145x60x60 cm
 280 ltr. kællir
 Fullt verð kr. 54.400
Tilboðsverð kr. 33.900



Gerð F-245 - Stál
 HxBxD=145x60x60 cm
 205 ltr. frystir
 Fullt verð kr. 66.600
Tilboðsverð kr. 39.900



Gerð RF-315 - Stál
 HxBxD=173x60x60 cm
 229 ltr. kællir
 61 ltr. frystir
 Fullt verð kr. 80.700
Tilboðsverð kr. 59.900



Gerð RF-360 - Stál
 HxBxD=191x60x60 cm
 225 ltr. kællir
 90 ltr. frystir
 Fullt verð kr. 92.700
Tilboðsverð kr. 69.900



Gerð HMC-9624 stál
 Eyjuháfur 66x90 cm. Varanlegar
 fitusíur, kolsíur fylgja. 6 hraða
 mótör, hámarksafköst 750 m3/klst.
 Fullt verð kr. 64.600,-
Tilboðsverð kr. 39.900

Gerð 245-431 SS
 8 kerfa ofn með spegiláferð
 og stál ramma
 Fullt verð kr. 47.400,-
Tilboðsverð kr. 29.900

Allt að 40% afsláttur
 til 1.júní.

ELBA
 Ítölsku ELBA tækin eru falleg,
 fullkomin og vonduð

Snaigé



Við seljum allar Nettoline
innréttingar með

20% afslætti til 1. júní.

*Einnig 20% afsláttur af raftækjum þegar þau eru keypt
með eldhúsinnréttingu*

Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt, að leitun er að öðru eins

Innréttingatilboð

SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF

Eldhúsinnréttingar · Baðinnréttingar · Þvottahússinnréttingar · Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum

nettoline 
AUFVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

Virka daga kl. 9-18
Laugardaga 10 - 15

EKKI BARA INNRÉTTINGAR !
Við bjóðum einnig fullkomið úrval
vandaðra raftækja, Elba eldunartæki
og uppvottavélar og Snaigé kæli- og
frystiskápa

Velkomin í Fríform
- þar sem þú færð meira fyrir
peningana

 **Fríform**
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500



Hæsta hús landsins rís á Smáratorgi

Framkvæmdir við byggingu verslunar- og skrifstofubyggingu munu brátt hefjast. Húsið verður 78 metrar á hæð.

Hæsta hús landsins verður rísið í nóvember á næsta ári þegar að verklok við nýju verslunar- og skrifstofubygginguna á Smáratorgi eru áætluð.

Nú þegar hefur verið lokið við að grafa fyrir grunninum og um þessar mundir er verið að skoða tilboð í bygginguna sem bástur í útboðinu. Húsið sem hefur vinnuheit í Smáratorg verður á 20 hæðum sem hver verður um 800 fermetrar á stærð. Húsið mun vera 78 metra hátt og skáka því Hallgrímskirkju

um 6 metra. Undir húsinu verður stór bílakjallari sem mun sameinast bílakjallaranum undir Smáratorgi 1. Á fyrstu tveimur hæðunum verða verslanir og fyrir ofan þær verður skrifstofuhúsnæði á 18 hæðum. Að sögn framkvæmdastjóra Smáratorgs er mikil ásókn í húsnæðið og hefur þegar öllu verslunarhúsnæði verið úthlutað. Eins og sjá má á tölvumyndinni af byggingunni verður hún klædd úr gleri að utan og mun hún verða mikið kennileiti.



Tölvumynd af háhýsinu.



Ingibjörg er mikið í tölvunni þegar hún er heima.

Fjörugt og lifandi heimilislíf

Ingibjörg Hannesdóttir, frambjóðandi Samfylkingarinnar, segist nota tölvuna mikið og því sé vinnuherbergið uppáhaldsstaður hennar á heimilinu. Heimili hennar er undirlagt af fjölskyldu systur hennar og því er nóg að gera bæði á heimilinu og í vinnu.

Ingibjörg Hinriksdóttir er þjónustufulltrúi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og situr í stjórn Knattspyrnusambands Íslands. Ingibjörg, sem skipar 5. sætið á lista Samfylkingarinnar í Kópavogi, segir uppáhaldsstaðinn á heimili sínu vera fyrir framan tölvuna þar sem hún fær allar upplýsingar frá degi til dags. „Ég nota tölvuna mikið, bæði við að afla mér upplýsinga og uppfæra heimasíðuna mína svo dæmi séu tekin. Stundum sit ég fram eftir nóttu við tölvuna. Ég er nú samt ekki að spila neina tölvuleiki.“ Vinnuherbergi Ingibjargar er því mest notaða svæðið í íbúðinni.

Ingibjörg býr ein en heimilslífið

hefur verið fjörugt upp á síðkastið. „Fjölskylda systur minnar býr hjá mér um þessar mundir og því er heimilið alveg undirlagt af þeim.“

Þegar Ingibjörg er ekki inni í tölvuherbergi að vinna þá finnst henni gott að slaka á við lestur bóka og segir hún Laxness vera í uppáhaldi. „Ég grip nú alltaf í hann öðru hvoru og svo ferðast ég mikið með KSÍ og þá kaupi ég mér iðulega einhverjar góðar vasabækur til að lesa á dauðu tímum.“

Survivor-þættirnir á Skjá einum hafa undirlagt mánuðagskvöldin hjá Ingibjörgu undanfarin ár en nú segist hún vera að reyna að slíta sig frá þeim. „Þetta er alveg komið gott

enda eru þeir örugglega að sýna 15. þáttaröðina núna,“ segir Ingibjörg og hlær. Raunveruleikasjónvarp yfir höfuð er eitthvað sem Ingibjörg festist oft í, jafnvel þótt hún játi að margt af því sé kjánalegt. „Svo missi ég aldrei af fréttum, þær eru það eina sem ég vil ekki missa af í sjónvarpi.“

Það er ekki nóg með að annriki sé í heimilslífinu um þessar mundir, heldur stendur Ingibjörg í stórræðum í pólitíkinni. „Það er alveg brjáláð að gera í kosningabaráttunni hjá okkur í Samfylkingunni. Ég er í 5. sætinu sem er algjört baráttusæti, þannig að það er mikill hugur í mér.“

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

TOYOTA viðgerðaraðili *Almennar bílaviðgerðir*

Skemmuvegí 16 (Blá gata) • 200 Kópavogur • Sími 587 1350

BIFREIÐAVERKSTÆÐI FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smiðjuvegí 22 (Græn gata) • 200 Kópavogi

Sími: 567 7360 • www.bfo.is

SUBARU Þjónusta **HONDA** Þjónusta **NISSAN** Þjónusta

Atvinna óskast

Smáauglýsing óskar eftir tímabundnu starfi við auglýsingar. Mikil reynsla og góð meðmæli. Uppl í síma. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá



Bifreiðaverkstæði Dags Garðarssonar ehf. hefur verið staðsett á Smiðjuveginum í fimm ár.

Bílageirinn er í Kópavogi

Dagur Garðarsson og samstarfsmenn hans á samnefndu bifreiðaverkstæði eru ánægðir í Kópavogi. Bílageirinn er að hans sögn allur í Kópavogi.

Bifreiðaverkstæði Dags Garðarssonar ehf. hefur verið staðsett á Smiðjuveginum í fimm ár. Á verkstæðinu starfa að jafnaði tveir starfsmenn en í sumar eru þeir þrír á verkstæðinu.

Verkstæðið sinnir öllum almennum bílaviðgerðum og að sögn Dags Garðarssonar, eiganda verkstæðisins, er nóg að gera. „Það er mjög gott að vera með verkstæði í

Kópavoginum. Bílageirinn er allur í Kópavoginum þannig að þetta er mjög miðsvæðið. Stærstu varahlutaverslanirnar eru með útibú hérna rétt hjá þannig að það er líka mjög hagkvæmt fyrir viðskiptavinna að koma hingað.“

Dagur segir helstu kosti Kópavogs vera hvað hann sé miðsvæðið og stutt sé að nálgast varahluti.

Fólk komi úr öllum áttum á bifreiðaverkstæðið og segir Dagur að það einkoröist ekkert við Kópavogsbúa. „Kúnnarnir koma úr öllum hverfum höfuðborgarsvæðisins og þar sem það eru mörg verkstæði hérna í þyrpingu þá er nokkuð mikil samkeppni í gangi,“ segir bifvélavirkin Dagur Garðarsson um starfsemi sína.

Svefn & heilsa



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

SVEFN & HEILSA
GEGNIR
MIKILVÆGU
HLUTVERKI

VELDU ÞAÐ BESTA!

ALLT FYRIR GÓÐAN SVEFN OG BETRI HEILSU

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR



FRÁBÆR
STILLANLEG
RÚM Á
GÓÐU VERÐI



WALLHUGGER
Eitt með öllu!

IQ-CARE
HEILSUKODDAR



Svefnsófar



Verð frá 79.900.- stgr.

NÝTT Á ÍSLANDI

Veggrúm sem
sparar gólfpláss

Góð lausn í gestaherbergi,
stúdíóíbúðir, barnaherbergi.

Komið og kikið
á þessa nýjung

Chiropractic®



Sú besta

samkvæmt stærstu
samtökum kírópraktora í heimi



Svefnherbergis-
húsgögn



- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



REYKJAVÍK



AKUREYRI

Svefn & heilsa



Gerum tilboð
fyrir hótel og
gistiheimili

Verið velkomin
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

Nauðsynlegt að eiga lið í efstu deild

Framherjinn knái Marel Baldvinsson gekk nýverið til liðs við Breiðablik sem leikur í Landsbankadeildinni í knattspyrnu.

Breiðablik leikur í Landsbankadeildinni í sumar í fyrsta skipti í nokkur ár. Marel Baldvinsson, leikmaður Blika, segir að Kópavogsbúar standi vel við bakið á sínu liði í deildinni í sumar. „Það er náttúrulega erfiðara að gera sér grein fyrir áhuganum svona snemma á tímabilinu en maður hefur heyrt það frá fólki úti um allt hvað það sé gaman að við skulum vera komnir í efstu deild,“ segir Marel.

Rígurinn á milli Kópavogslíðanna tveggja er sterkur og segir Marel að leikmenn líðanna leggi sig mjög fram í viðureignum þeirra. „Það liggur við að liðin óski hvort öðru alls hins versta í baráttunni. Litlir guttar í HK-búningum hafa meira að segja lýst vanþóknun á mér fyrir það að vera Bliki. Það hefur einhver kennt þeim þetta,“

segir Marel en bætir því við að hann hagi sér ekki þannig.

Það eru aðallega stuðningsmenn Breiðabliks sem standa við bakið á þeim í Landsbankadeildinni en Marel segir að Kópavogsbúar mættu gjarnan sameinast meira til þess að standa við bakið á Blikunum. „Ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir bæjarlífið að hafa lið í efstu deild. Það væri bara til skammar ef svo væri ekki. Maður sér það líka alveg að ef vel gengur þá vekur það fólkíð í bænum til lífsins og stuðningur úr öllum hverfum bæjarins eykst.“ Breiðablik á flesta uppaldaleikmenn allra liða í Landsbankadeildinni í sumar og því eru leikmenn eflaust staðráðnir í því að vera bænum sínum eða að minnsta kosti bæjarhlutum sínum til sóma í sumar.



Það er alltaf líf og fjör á leikskólanum.

Hér liggur enginn í leti

Heilsuleikskóli hefur verið starfræktur í Kópavogi í tíu ár. Á leikskólanum fá börnin hollan mat og mikla hreyfingu í bland við listakennslu. Sex aðrir leikskólar hafa nú tekið upp sömu stefnu og Urðarhóll.

Urðarhóll í Kópavogi er fyrsti heilsuleikskólinn á landinu. „Leikskólinn hefur þá stefnu að leiðarljósi að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listir allt saman í gegnum leik,“ segir Unnur Stefánsdóttir, skólustjóri á Urðarhóli.

Til þess að fylgjast með árangri barnanna hefur leikskólinn útbúið svokallaða heilsubók barnsins. „Inn í heilsubókina skráum við tvisvar á ári. Við gefum ekki einkunnir en með þessu móti getum við fylgst með því hvort börnin ná þeim þroska sem þeirra aldurshópar á að ná. Börnin eru hjá okkur í átta tíma á dag og ef foreldrar þeirra fylgja sömu áherslum þegar heim er komið eiga þau að ná markmiðunum 100 prósent,“ segir Unnur.

Á Urðarhóli er ekki hefðbund-

inn morgunverður líkt og á öðrum leikskólum. „Klukkan 10 á morgnana hjóðum við upp á grænmeti og ávexti í staðinn fyrir hefðbundinn morgunmat eins og tíðkast á öðrum leikskólum.“

Í hádeginu fá börnin fisk tvo daga í viku og kjöt einn dag í viku. Þess á milli fá þau hollmeti eins og skyr. Suma dagana eru þó pitsur eða pítur í hádegismat.

Tvisvar í viku fara börnin í formlegan íþróttatíma í íþróttahúsi skólans sem Unnur segir að sé lítið en vel búinn. Þar tekur á móti þeim íþróttakennari sem kennir þeim mikilvægi hollrar hreyfingar í gegnum leiki. Á leikskólanum er lágmarks útvistartími einn klukkutími á dag en á sumrin og þegar vel viðrar er hann mun lengri. „Hér eru líka góðar gönguferðir vor, sumar

og haust þannig að hér fær enginn að liggja í leti.“

Börnin á Urðarhóli fara einu sinni í viku til listakennara þar sem þau fá undirbúning í tónlist, leiklist og myndlist. Í listatímunum reynir kennarinn að stuðla að því að krakkarnir skapi eitthvað sjálfir.

Heilsuleikskólinn hefur verið rekinn í 10 ár og nú hafa 6 aðrir leikskólar tekið upp sömu stefnu og þar af einn í Kópavogi. Urðarhóll er að sögn Unnar einn af stærstu leikskólum landsins með tæplega 150 börn en flestir aðrir leikskólar eru með 80-100 börn.

„Urðarhóll er ekki einkaskóli, hann er rekinn af Kópavogsbæ en við höfum fengið mikið frelsi til þess að þróa okkar hugmyndir sjálf. Kópavogsbær hefur alltaf staðið vel við bakið á okkur.“



Marel Baldvinsson leikmaður Breiðabliks.

FRÉTTABLAÐ/HÖRÐUR

Jónsi á konukvöldi HK

Söngvarinn Jón Jósep Snæbjörnsson úr hljómsveitinni Í svörtum fötum mun taka lagið eins og honum er einum lagið á konukvöldi HK í Fagralundi föstudagskvöldið 19. maí. Veislustjörn kvöldsins verður í höndum Guðríðar Arnardóttur og sumarið verður þema kvöldsins. Miðaverð er 3.000 krónur og er miðasala þegar hafin.



allt matur

Alla föstudaga

Knúsar börnin sín til að gleyma stjórnmalunum

Ómar Stefánsson, oddviti Framsóknarflokksins, nýtur sín vel fyrir framan sjónvarpið og tölvuna. Þegar hann vill gleyma stjórnmalunum sinnir hann börnunum sínum.

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi og oddviti framboðslista Framsóknarflokksins, getur ómögulega gert upp á milli uppáhaldsstaða á heimili sínu í Kastalagerðinu. „Þetta er góð spurning, það koma nú tveir staðir strax upp í hugann, annar er fyrir framan tölvuna og hinn er fyrir framan sjónvarpið,“ segir Ómar sem segist aðallega horfa á gamanþætti, íþróttir og fréttir. „Ég horfi líka gríðarlega mikið á veðurfréttir. Sérstaklega á ákveðnum árstímum. Þá get ég alls ekki misst af veðurfréttunum.“

Tölvun er líkt og hjá öðrum sem vilja vera í takt við tímann algjört þarfapening á heimili Ómars og eyðir hann sömuleiðis miklum tíma fyrir framan hana. Það eru sjaldan ról-egheit hjá oddvitanum og því er um að gera að nota tímann heima fyrir vel. „Þegar ég vil gleyma mér alveg og hugsa um eitthvað allt annað en vinnuna og stjórnmal þá knúsa ég börnin mín og leik við þau. Annars horfir maður bara á sjónvarpið.“

Bæjarfulltrúinn segist hafa yfirdrifið nóg að lesa í tengslum við



Ómar Stefánsson, oddviti Framsóknarflokksins, kann vel við sig heima.


vinnuna og því hefur það bitnað verulega á lestri í fristundum. „Já, lesturinn hefur minnkað mikið síðustu ár. Ég les nóg í vinnunni.“



Aðeins það besta fyrir baðherbergið



d line
Heimsklassa hönnun




ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is

Vinstri græn í Kópavogi

Fyrir fólk - Með fólk



Ólafur Þór Gunnarsson
Nr. 1 í Kópavogi
Kröftug rödd VG í bæjarstjórn

- Gjaldfrjálssir leikskólar strax
- Hættum allri gjalddöku í grunnskólum
- Bætt kjör starfsmanna bæjarins
- Heildstæða stefnu í öldrunarmálum með þátttöku eldri íbúa Kópavogs
- Kvenfrelsisstefnu fyrir Kópavog



- Stuðningur við fjölskyldur, besta forvörnin
- Hámark á bekkjarstærðir í leik- og grunnskólum
- 500 milljón króna stofnframlag til Sunnuhlíðar
- Gegnsæja stjórnsýslu -spilin á borðið
- Kópavogur verði fyrsta sveitarfélagið sem markar sér stefnu í geðheilbrigðismálum



Guðbjörg Sveinsdóttir
Nr. 2 í Kópavogi
Bærinn er samfélag, ekki fyrirtæki!

vinstri græn - hreinar línur

Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI



Megrún er stríð gegn heilbrigði

Mig langar til að fagna megrun- arlausa deginum um daginn sem vonandi hefur leitt einhverja til umhugsunar um að lífið á ekki að snúast um að vera grannur eða að tilheyra einhverju stöðluðu, óheilbrigðu formi, sem við vitum ekki einu sinni almennilega hvaðan kemur. Hugsaðu sjálfstætt og vertu þú sjálf(ur). Mælikvarðinn sem við skulum frekar líta til er hversu oft við verðum veik og hvort við getum starfað frá degi til dags án þess að vera alltaf búin á því. Flensur, kvef og kveisur eru oft dæmi um veikt ónæmiskerfi og lítil orka stundum dæmi um einhæfa fæðu.

Höfum augun opin fyrir líðan annarra

Velliðan byggist af stórum hluta á því að næra sig af ásetningu, eins og Guðni Robe Yoga frömuðu og lífskúntner kallaði fyrirlestur sem hann hélt um daginn. Ég fagna allri umræðu um heilsu og vanheilsu, því lífsgæði okkar minnka án heilsunnar og við erum að sjá stærri öfgar í báðar áttir. Fleiri með átraskanir af einhverju tagi. Anorexía og búlimía er orðið algengara vandamál og fjöldi fólks virðist hafa sterka tilhneingingu til hugsunarháttar sem einkennir slíka sjúklinga. Mikilvægt er að kynna sér einkennin, líta í eigin barm og til sinna nánustu. Þó er vissara að fara öllu með gát í að ákveða hvort hinir eða þessir séu með anorexíu. Hér er um lífshættulegan sjúkdóm að ræða og við þurfum að líta á hann sem slíkan. Við segjum til dæmis ekki um einstakling sem lítur illa út eða er sköllóttur að hann hljóti að vera með krabbamein!

Matur er dásamlegur

Að fara í megrun er eitt það óskynsamlegasta sem við

getum gert. Í rauninni vil ég að við hættum að nota þetta orð. Það á enginn að fara í megrun og enginn að tala um að fara í megrun. Það er bæði neikvæð og niðurdrepandi aðferð til að reyna að létta sig, sem oftast mistekst herfilega. Stöðrum aðeins við og reynum að breyta hugsunarhætti okkar. Þar er alltaf gott að byrja. Hugsum jákvætt um mat. Hann er auðvitað bara dásamlegur og veitir okkur mikla vellíðan, ásamt því að koma fólki saman. Svo er hann forsenda þess að við getum lifað og starfað. En það er hægt að van- og ofnýta allt sem er dásamlegt. Við þurfum því að velja fæðu, að stórum hluta, með næringu í huga, það er að segja sem góða orkuhleðslu. Þú veist það alveg og það þarf engan til að segja þér það að þér líður margfalt betur af næringarríkum mat. Ekki reyna að sannfæra þig um neitt annað. Gott er að plana sem flestar máltíðir fyrirfram, því þá eru minni líkur á skyndibita og að þú gleypir í þig það sem hendi er næst. Þess vegna er gott að velja sér fæðu með ásetningu; til uppbyggingar, vellíðunar, orkuaukningar og svo auðvitað líka til unnaðar og gleði.

Þegar öllu er á botninn hvolft, eru fáir ef einhverjir sem munu minnst líkamlegs atgervis okkar þegar við föllum frá. Við heyrum sem betur fer ekki eða lesur í minningargreinum: „Oh, hún var alltaf svo mjó og komst alltaf í gallabuxurnar af 15 ára dóttir sinni.“ Við minnumst fólks fyrir atorku þess, lífsgleði, framkvæmdavilja eða mann-gæsku. Það er það sem máli skiptir!

Fariði vel með ykkur,
Borghildur



Súperform á fjórum vikum

Námskeiðið Súperform á fjórum vikum hjá Goran Kristófer, íþróttfræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu eftir jólin. Ef þú vilt:

- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormóna jafnvægið
- Andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu, hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina, hvernig þú ferð á því að brenna meira og léttast.

Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki

- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigjð prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Karlar kl. 7:30
- Konur kl. 6:30, 10:00, 16:30 og 18:30 (17:30 á föstudögum)

Nýtt námskeið hefst 22. maí nk.

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.

N O R D I C A S P A



★ STJÖRNUFRÉTTIR ★ LÍFSSTÍLL ★ ALVÖRU FÓLK

3 RIÐA Í FINU



hér&nú kemur út alla fimmtudaga

Fyrsta flokks
íslenskur harðfiskur

GULLFISKUR
HOLLUSTA Í HVERJUM BITA

WANTURULEG
ORKA
80% PRÓTÍN

FÆST Í BÓNUS

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA
KL. 8-22

TIL BIRTINGAR NÆSTA
DAG ÞARF AÐ PANTA
FYRIR KL. 13.30

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

8-18
11-16



Ford F-150 Lariat, árg. 2004, ek. 43 þ. km, sjálfsk., leður, toppluga, 4 dyra, lengri pallur, góður hjóla og sleðabíll. V. 2.980 þ. Gott lán getur fylgt, lág útborgun. Opð til 21:00 í kvöld. S. 562 1717.



Ford Explorer Limited V8, árg. 2003, ek. 43 þ. km. 7 manna, sjálfskiptur, leður, toppluga, ofl. ofl. V. 3.280 þ. S. 562 1717.



MMC Pajero Sport DÍSEL, árg.1999, ek.149þ.km. beinsk, dráttarkúla, þjónustubók, V.:1290þ. S:562-1717



BMW 745 I-V8 árg. 2003 sjálfskiptur, ekinn 30 þ. km. Einn með öllu. Verð 6.950 þ. Uppl. í síma 567 4000.



BMW 318 IA STW árg. 2000 sjálfskiptur, ekinn 76 þ. km. Verð 1.680 þ. uppl. í síma 5674000



NISSAN ALMERA GX árg. 1998 beinskptur ekinn 97 þ. km. Verð 370 þ. uppl. í síma 5674000



Citroen C3 Comfort, árg. 2/2002, ek. 20 þ. km, sjálfskiptur. Álfelgur. V. 1.360 þ. S. 562 1717.



Dodge Durango SLT+ árg. 1999, ek. aðeins 67 þ. km, 7 manna, sjálfskiptur, leður, ofl. V. 1.380 þ. Mikill bíll fyrir sanngjamt verð. S. 562 1717.



Citroen C-3 Comfort, árg. 4/2004, ek. aðeins 22þ.km. SJÁLFSKIPTUR, Einn eigandi. V:1.340þ. S:562-1717



Dodge Caravan SE 3.3 árg. 1996 sjálfskiptur, ekinn 160 þ. km, sem nýr. Verð 790 þ. Uppl. í síma 567 4000.



JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO árg. 2005 sjálfskiptur ekinn 28 þ. km. Verð 3.100 þ. Góð kaup .uppl. í síma 5674000



DÍSEL RANGE ROVER VOGUE DÍSEL árg. 2003 ek aðeins 59 þ km Sjálfsk. Sjövarp,Leður, Toppluga ofl ofl..EDALEIN-TAK V 6.890. uppl. í síma 5674000



Subaru Legacy LUX, árg. 7/2005, ek. aðeins 9 þ. km, sjálfsk, leður, toppluga, ofl. V. 2.790 þ. Gott lán getur fylgt, lág útborgun. S. 562 1717.



Vantar bíla
á skrá
og á staðinn



Honda CRV, árg. 4/1999, ek.107þ.km, sjálfskiptur, CD V:890þ. möguleiki á 100% láni. S:562-1717



Jeep Grand Cherokee laredo 4.7 árg. 2000 sjálfskiptur, ekinn 111 þ. km. Verð 1.790 þ. Tilboð 1.650 þ. Uppl. í síma 567 4000.



Vantar bíla
á skrá
og á staðinn



TOYOTA HILUX DOUBLE CAB 38" árg. 2003 beinskptur ekinn 55 þ. km. Verð 3.670 þ. TILBOÐ 3370 þ. EINN TILBÚINN Á FJÖLL. uppl. í síma 5674000



Volvo S-60, árg. 2/2005, ek. aðeins 14 þ. km. sjálfsk, leður, álfelgur, ofl. V. 3.390 þ. Gott lán getur fylgt, lág útborgun. S. 562 1717.



Honda Accord "sport" árg. 1996, ek. 154 þ. sjálfsk., 17" felgur, spoilerkitt, V. 690 þ. Góðir lána möguleikar. S. 562 1717.



MMC Montero Limited, árg.2005, ek.9þ.mílur, sjálfskiptur, Leður, luga, 2 ára ábyrgð, V:4.150þ. S:562-1717



Nissan Double Cab 33" árg. 1999 beinskptur ekinn 119 þ. km. Verð 1.280 þ. Tilboð 990 þ. Uppl. í síma 567 4000.



NISSAN ALMERA SLX 1.6 árg. 1998 sjálfskiptur ekinn 128 þ. km. Verð 540 þ. 190 þ. út og yfirtaka á láni. uppl. í síma 5674000



BMW 540 IA árg. 1996 sjálfskiptur ekinn 183 þ. km. FRÁBÆRT EINTAK . Verð 1.790 þ. uppl. í síma 5674000




Toyota Rav4, árg. 11/2000, ek. 113 þ. km. sjálfskiptur, dráttarkúla, álfelgur, ofl. V. 1390 þ. S. 562 1717.




M. Benz ML320, árg. 2002, ek. 22 þ. mílur, sjálfsk, leður, luga, V. 3.700 þ. Tilboð 3.250 þ. S. 562 1717.




BMW 318IA, 2.0 Vél, árg.3/2004, ek.37þ.km. sjálfsk. Álfelgur, ofl. ofl. V:2.790þ. S:562-1717



Subaru Legacy 2.0 GL station árg. 2005 sjálfskiptur, ekinn 16 þ. km. Verð 2.290 þ. Góður bíll. Uppl. í síma 567 4000.



JEEP WRANGLER 2,5 árg. 1995 beinskptur ekinn 119 þ. mílur verð 680 þ. uppl. í síma 5674000



LAND ROVER DEFENDER árg. 2002 beinskptur ekinn 52 þ. km. Verð 2.280 þ. uppl. í síma 5674000

Dagskráin hefst kl. 22.30 og ætti enginn unandi leikhússports og skaupa að láta þetta tækifæri fram hjá sér fara. - khh



ÞJÓDLAGATRÍÐIÐ SLÓ Í GEGN Í SKAUPINU 1984 Edda Björgvinsdóttir, Gisli Rúnar Jónsson og Þórhallur Sigurðsson fóru á kostum.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

15 16 17 **18** 19 20 21

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

- 12.15 **Davíð Ólafsson** bassasöngvari og **Stefán Helgi Stefánsson** tenór halda hádegistónleika í sal í söngskólunum og myndlistargalleríinu **Animu** í **Ingólfsstræti 8**.
- 21.00 Dúettinn **Hundur** í óskílum riggar upp Eurovisionstemningu á **Næsta bar**.

LEIKLIST

- 22.30 Leikarar **Borgarleikhússins** endurskapa **Áramótaskaup** eftir pöntunum áhorfenda á **Hláturtíð**. Einstakt leikhússpunasport og nostalgia í bland.

FYRIRLESTRAR

- 12.00 **Ásta Ingibjartsdóttir** aðjúnkt fjallar um leiklist og tungumálakennslu á vegum Stofnunar **Vigdísar Finnbogadóttur**. **Lögberg**, stofa 102.

SÝNINGAR

- 15.00 **Tolli** sýnir ollumálverk í **Listasetrinu Kirkjuhvoli** á **Akranesi**.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

- 12.00 Ljósmyndarinn **Fríðrik Örn** sýnir í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** á 6. hæð í **Grófarhúsinu** við **Tryggvagötu**. Sýningum lýkur um helgina.

- Síðustu sýningardagar á **Holum Bolum** eftir **Indíönu Auðunsdóttur** í **Suðsuðvestri, Hafnargötu 22** í **Keflavík**. Sýningin stendur til 23. maí, nánari upplýsingar um opnunartíma má finna á www.sudsudvestur.is

LISTAHÁTÍÐ

- 02.00 Sýningin **Myrkverk og misindismenn - Reykjavík í íslenskum glæpasögum** verður opnuð í **Þjóðarbókhöðunni**. Fjölbreytt opnunardagskrá, **Katrín Jakobsdóttir** íslenskufræðingur ræðir um sýninguna, **Sigurður Halldórsson** og **Lars Graugaard** flytja tónlist, leikarar lesa úr þekktum glæpasögum og **Halldór Baldursson** myndlistarmaður leiðir gesti um sýningu á teikningum sínum sem unnar eru út frá skáldsögunni **Vetrarborginni** eftir **Arnald Indriðason**. Kynnir er **Laufey Einarsdóttir**.

- 17.00 **Finnbogi Pétursson** opnar sýningu í **Galleríi ið** við **Klapparstíg**.

- 19.00 **Benedikt Erlingsson** sýnir einleik sinn **Mr. Skallagrímsson** í **Landnámssetrinu** í **Borgarnesi**.

- 20.00 **Umbreyting - ljóð á hreyfingu**. Brúðsýning **Bernds Ogródniks** í **Kassanum** í **Þjóðleikhúsinu**. Leikstjóri er **Ágústa Skúladóttir**.

MÁLPIG

- 15.30 Þriðja **Söguping** verður sett við háttílega athöfn í **Hátíðarsal Háskóla Íslands**. **Steinunn Valdís Óskarsdóttir** borgarstjóri flytur ávarp og að því loknu heldur **Dr. Liz Stanley** prófessor við Edinborgarháskóla **Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.
Ótrúleg verð!!!
Sími: 565-5566
sturta.is

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksyning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

Hlíðaskóli 50 ára
Velunnurum Hlíðaskóla er boðið að skoða skólann
og njóta listviðburða laugardaginn 20. maí.
Skólinn verður opinn frá klukkan 10-15.
Skipulögð dagskrá verður í hátíðarsal klukkan 10:30 og klukkan 13.
Verið velkomin.



Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn. Sýnd í Operunni í maí og júní. Miðasala hafin

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

LAU. 20. MAÍ KL. 19 - **NOKKUR SÆTI LAUS**
SUN. 21. MAÍ KL. 15 - Aukasyning
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasyning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - **ÖRFÁSÆTI LAUS**
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - **ÖRFÁSÆTI LAUS**
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasyning
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - **NOKKUR SÆTI LAUS**

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18, þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Operuvefnum allan sólarhringinn



F A G N A Ð U R

„...skýr, hrein, falleg, fyndin sýning...“
Mbl., M.K.



Heineken®
DJAMMIÐ UM HELGINA:
PRAVDA
Fimmtudaginn 18. maí
ÚRSLITIN Í TRÚBADORAKEPPNI HÁSKÓLANNA
Heineken.is
Allt um djammíð

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**



Um helgina á Listahátíð

Miriam Makeba - Grand finale



örfá sæti laus!

Stórtónleikar í Laugardalshöll á laugardagskvöld

„Áhrifamesti flutningur sem ég hef orðið vitni að“ - *Guardian*

Laugardalshöll 20. maí kl. 21.00
Miðaverð: 5.500 / 5.000 kr.



Englasöngur á jörðu niðri



Búlgarski kvennakórinn Angelite á Listahátíð á laugardag og sunnudag kl. 16.00

„Kemst næst því að hlýða á englasöng á jörðu niðri“ - *Time Out, New York*

Hallgrímskirkja 20. og 21. maí.
kl. 16.00. Miðaverð: 2.800 kr.



Miðnætur músík



með **Benna Hemm Hemm** - stórhljómveit á laugardagskvöld

Þrumandi skemmtilegt glænytt prógramm

lön 20. maí kl. 23.30
Miðaverð 2.500 kr.

Sunnudagsmorgnar með Schumann



Flytjendur: **Ástríður Alda Sigurðardóttir** og **Richard Simm**

Efnisskrá: Sinfónískar etýður ópus 13, Fantasiestücke ópus 12
Kynnir: **Halldór Hauksson**

Ýmir 21. maí kl. 11 fyrir hádegi
Miðaverð: 2.300



Listahátíð í Reykjavík



www.listahatid.is

Miðasalan Bankastræti 2:

Opin virka daga kl. 12 til 18, um helgar kl. 12 til 16.

Sími 552 8588 - Miðasala á netinu á www.listahatid.is

Miðasala við innganginn hefst klukkustund fyrir viðburð

Sviðasulta yrði meira spennandi

[UMFJÖLLUN]


TÓNLIST

Hvernig á ég að lýsa þessu fyrir ykkur? Það er vissulega eitthvað heillandi við þá staðreynd að Pearl Jam sé enn að. Þeir eru búnir að vera gefa út plötur núna í um 15 ár og ekkert virðist stoppa sameiginlegan sköpunarkraft þeirra. Það er erfiðara verk en marga grunar að halda hljómsveit saman í svo langan tíma.

Pearl Jam hafa alla tíð verið frekar tregir við að spila sig sem rokkstjörnur. Vilja bara búa til plötur og fara svo á löng tónleikaferðalög um heiminn til að spila nýju lögin. Þeir hafa aldrei látið plata sig út í óþarfa glys og glamúr sem oft fylgir slíkri frægð. Þeir eru frekar andlitslaus hljómsveit sem er greinilega ekki vel við allar hliðar sviðsljóssins. Þeir halda sig því út af fyrir sig. Vegna þessa efast ég meira að segja um að margir geti nefnt fleiri liðsmenn Pearl Jam en Eddie Vedder söngvara. Hann er líka mjög fyrirferðarmikill í öllu sem hann gerir. Leikrænn söngstíll hans hefur lengi ónáðað mig en ég myndi þó aldrei láta hafa það eftir mér að hann væri lélegur söngvari, bæði raddsvið hans og kraftur eru vissulega aðáunarverð.

Pearl Jam er góð hljómsveit. Stundum finnst mér þeir þó einbeita sér örlítið of mikið að því að sýna að það sé enn rokkneisti í þessum gömlu beinum. Þeir rokka vissulega á þessari nýju plötu, á því leikur enginn vafi. Ég hefði vilja heyra þá einbeita sér betur að laglínunum og textum, það er án efa veikasti hlekkur þessarar plötu. Ég hefði vilja heyra fleiri lög eins og næstsiðasta lagið Come Back og færri eins og smáskífuna World Wide Suicide. Það lag gefur hárrétta mynd af plötunni. Frekar hefðbundin og óspennandi lagasmíð sem sýnir þó kraft sveitarinnar. Rokk snýst ekki um hversu mikinn kraft þú getur skapað, heldur hversu djúpt tónlistin sekkur inn í eyru hlustandans. Rokk hófst sem uppreisn, þó það sé að mestu orðið að lamaðri söluvöru í dag.

Pearl Jam á eflaust eftir að halda áfram að gera plötur eins og þessa sem er í rauninni ekki mikið hægt að setja út á heldur. En að sama skapi, eftir tíu ár, þegar við lítum aftur yfir feril Pearl Jam, mun þessi plata ekki skipta neinu máli. Hvorki í samhengi sveitarinnar eða tónlistarsögunni. Til þess er hún bara ekki nægilega góð né merkileg. Sveit-



PEARL JAM: PEARL JAM

NIÐURSTAÐA:

Nýasta afurð Pearl Jam á eftir að halda aðdáendum sáttum. Allir hinir eiga þó líklegast bara eftir að halda það áfram að sveitin hafi hætt fyrir áratug.

in er líklegast bara orðinn saumaklúbbur fyrir liðsmenn sem njóta þess að vera komnir á fimmtugsaldurinn. Hér er enginn uppreisn, gegn einu eða neinu. Bara tilfinningaríkt gól, fítonskraftur, háværir gítarar og keyrsla. Sú staðreynd að þeir hafi ekki getað fundið betra nafn á plötuna en nafn sveitarinnar er líka ágætis vísbending um hugmyndaleysið sem virðist ríkjandi. Já, og kóver-ið er hræðilegt.

Birgir Örn Steinarsson



SVONA Á AÐ GERA ÞETTA Stafagönguleiðbeinandiinn Halldór Hreinsson segir áhugasömum til á sta-

...og svo sveiflast st og stafurinn sveifl


Á laugardag var stafagöngudagur Íþróttasambands Íslands haldinn hátíðlegur á fjórtán stöðum á landinu. Stafaganga hefur verið að breiðast hratt út og nú stunda milljónir manns þessa íþrótt um heim allan. Íþróttin á rætur sínar að rekja til Finnlands þar sem þjálfarar gönguskiðamanna létu þá ganga um með stafina á sumrin þegar enginn var snjórinn, til þess að halda efri hluta líkamans í þjálfun. ÍsÍ stóð fyrir stafagöngudegi í fyrra þar sem íþróttin var kynnt gestum og gangandi og þjálfarar kenndu fólki réttu handtökin við stafina. Í ár var leikurinn endurtekinn og sveifluðu 450 manns stöfunum á laugardaginn í blíðskaparveðri. Myndirnar hér á síðunni eru allar teknar í Laugaraldalnum en eins og áður segir fór kennslan fram á fjórtán stöðum á landinu, meðal annars í Neskaupstað, á Þórshöfn, Akranesi, Laugarvatni, Akureyri og Selfossi.



RJÓMABLIÐA Stafagöngumenn fengu blíðskaparve



VINSÆL ÍÞRÓTT Stafaganga hefur verið að sækja í sig veðrið undanfarið en íþróttin er upprunnin í Finnlandi. Þar voru gönguskiðamenn látnir arka um með stafi að sumarlagi til að halda efri hluta líkamans í þjálfun.



Auglýsingastofla Guðrúnar Önnu

Ömissandi með
EUROVISION



VOGABÆR

Vertu viss um góða bragðið - njóttu Eurovision með Vogaidýfum



Þingudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

afurinn ast svo...



ður og skrefamæli að gjöf frá Kellogg.



GÓÐ HREYFING Rannsóknir hafa leitt í ljós að brennslan getur verið tuttugu prósentum meiri en í venjulegri göngu og stafanga styrkir líkamann að auki um allt að fjórutíu prósent meira en venjuleg ganga.



FERÐALÖG ERPUR ÞÓRÓLFUR EYVINDARSON SKRIFAR FRÁ TAÍLANDI

Saltvatnsceleb

Við erum á strönd í Tælandi. Sitjum í fjöruborðinu og borðum ananas í sneiðum sem er þar seldur í slíku ásigkomulagi. Eins og ugga er veifað telja þeir tugi og umkringja okkur hraðar en betlarar í Kambódíu. Fiskar í allskonar litum. Þeir stökkva upp úr vatninu eftir ananasinum, þeim fjölga og sumir þeirra eru svo lesblindir á fæði að þeir reyna að naga olnbogana sem nema við yfirborðið. Þeir eru ekki feimnir og þeir eru litríkir. Suma hitabeltisfiska getur maður auðveldlega snert. Ekki nema í stutta stund samt. Svo silast þeir áfram. Að sjálfsögðu silast hitabeltisfiskar. Það er ekki eins og einhver fjólublár meterslangur gúbbifiskur sé alltaf að missa af einhverju. En þeir geta alveg verið með æsing ef einhver ætlar að éta þá eða jafnvel bara til að hamast í

einhverju tilgangsleysi. Fiskarnir á þessari tælensku strönd stökkva upp úr eftir mat eins og ekkert væri sjálfsagðara. Í Asíu hef ég séð gullfiska stökkva hálfu upp úr vatni og ferskvatnsrisaskötur alla leið. Það tekur tíma að kenna hundi þetta, en hér eru bara einhverjir villtir skrautfiskar að leika listir sínar grimmt. Og þetta snýst ekki um tegundir því ég hef séð milljónir asískra gúbbifiska heima á Íslandi sem eru dauðslakir. Ég er þreyttur á þeim. Þeir gera ekkert nema... já ekkert. Bara alls ekkert. Íslenskir laxar stökkva til að komast upp árnar. Sem sagt í einhverjum rökraenum, auðskiljanlegum tilgangi. Ekki í góðu gríni upp á fegurð tilgangsleysisins. Nei. Íslenskir fiskar eru of kúl fyrir þannig skrípalæti. Ef maður væri í Nauthólsvík og einhver fiskur kæmi í nágrenni

við mann þá væri hann sennilega sjórekinn og sjálfdauður. Fiskurinn á Íslandi er þögla týpan. Sem sinnir sínu og segir ekkert. Fólkið er kannski eins og fiskurinn, kalt, einlitt. Íslendingar þá eins og lúður og ýsur. Og skyndilega eru karfar „ýkt megaböst exótískir“. Hvernig hljómar skýringin á því að íslenskir fiskar séu svona feimnir og félagslega þroskaheftir? Ánægjulegt atriði á ferðalögum er að skiptast á myntpeningum. Hluti af ferlinu er útskýringin á hvað kóngarnir, byltingarhetjurnar, trúarleiðtogarnir og uppfinningamennirnir heita og hafa gert til að komast á málminn. Mikil sagnfræði sem maður innþyrðir. Ég launa þeim síðan með líffræðikennslu og ég útskýri hvenær mikilmennið á íslensku krónunni hrygnir. Fáir valdamenn á



Íslandi eru þyngdar sinnar virði í loðnu, sem gefur íslenskum fiskum sérstöðu og mikilvægi. Celebstatus. Svo kannski eru ísfiskar ekki félagslega gallaðir og lítilfjörlegir heldur bara merkilegir með sig. Líð er slegið á mynt fyrir að gefa þjóð sinni eitthvað ómetanlegt. Eins og íslensk stjórnvöld hafa unnið í umhverfis-, orku-, utanríkis- og varnarmálum þá held ég að hrognkelsið á hundraðkallinum sé að gera þjóðinni töluvert meira gagn. Svo auðvitað stekkur hann ekki fyrir einhvern ananas.

Lambakjöt
ELDAMENNSKAN ER LAMB AÐ LEIKA VIÐ



Grill Kebab

600 g fituhreinsað lambakjöt, t.d. bögur eða lærisneiðar, skorið í u.þ.b. 2-3 cm bita.
1/2 dl ólífuolíu
safí úr einni sitrónu

1 msk. salvía, smátt söxuð
1/2 msk. óreganó (ferskt), saxað
Hoi Sin sósa (kinversk grillsósa, fæst í flestum búðum
3 msk. sesamfræ

Setjið kjötið í skál ásamt ólífuolíu, sitrónusafa, salvíu og óreganó og látið standa í u.þ.b. 3 klst.

Raðið kjötinu á pinna, penslið með Hoi Sin sósu og stráið sesamfræjum yfir pinnana. Grillið í u.þ.b. 8-12 mín. og snúið nokkru sinnum á meðan. Borið fram með t.d. kús-kús og salati.

www.lambakjot.is ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MAÐUR



> Saltaðu...

...matinn með gæðasalti. Villeroy og Boch í Kringlunni selur flotta kassa með sýnishornum af tíu salttegundum frá sjö löndum. Kassinn kostar kr. 2.190 og er tilvalin gjöf handa heimiliskokkunum.



matur & vín

maturogvin@frettabladid.is


MATGÆÐINGURINN OLGA SOFFÍA EINARSDÓTTIR STÍLISTI Í LONDON

Göldrótt sænsk krydd

Hvaða matar gætirðu síst verið án?

Parmaskinku því hún er svo bragðgóð og létt. Það er líka hægt að nota hana í svo margt.

Fyrsta minning um mat?

Heimatilbúnar franskar hjá mómmu sem voru algjört lostæti.

Besta máltíð sem þú hefur fengið?

Svartur þorskur á kúbönskum veitingastaði í London.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Lifur. Mamma reyndi að plata hana ofan í mig í með öllum ráðum þegar ég var krakki. Hún reyndi meira að segja að fela hana í hamborgurum! Hún ætlaði sér að koma þessu ofan í mann.

Leyndarmál úr eldhússkápnnum?

Sænsku kryddin mín sem ég fæ sérstaklega send. Ég get galdrað fram ótrúlegustu hluti með þeim.

Hvað borðar þú til þess að láta þér líða betur?

Ætli það sé ekki nammi og þá helst íslenskt súkkulaði.

Hvað áttu alltaf í ísskápnnum?

Parmaskinku og bjór.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?

Ég held það væri óvitlaust að taka hrísgrjón með sér. Það væri hægt að bragðbæta þau með ein-



hverju sem maður fyndi á eyggi.

Hvað er það skritnasta sem þú hefur borðað?

Þegar ég var að nýbyrjuð með manninum mínum gaf hann mér brauð með hræðu eggi og síróp. Mér fannst það mjög undarleg samsetning.



ÞRÚGUR GLEÐINNAR

> EINAR LOGI VIGNISSON

Dýrari og óvenjuleg Chile-vín

Undanfarnar vikur hafa staðið yfir Chiledagar í vinnubúðum og standa til 10. júní. Í síðustu viku fjallaði ég um vín í milliverðflokk. Nú ætla ég hins vegar að líta á dýrari vínin en í tilefni þemadaganna var settur saman glæsilegur sérlisti vína sem eingöngu verða fánleg þessa daga. Þrjú vín skera sig allnokkuð frá sökum verðs og stærðar. Það eru Casa Lapostolle Clos Apalta og Santa Rita Casa Real sem kosta 4.890 kr. og Montes Folly á 4.390 kr. Þetta eru flaggskip þessara frægu framleiðanda, risastór vín sem geta verið nokkuð lokuð við fyrstu kynni og höfða fyrst og fremst til þeirra sem hafa allnokkra þekkingu og áhuga á vínunum af dýrari sortinni. Önnur vín á listanum losa flest ríflega 2000 kallinn. Það er verð sem ætti ekki að stöðva neinn sem vill kynna sér sumt af því besta í vingerð Chile.

Casa Lapostolle á nokkur vín á listanum og þau sem mér líkar einna best eru merlot-vínin. Casa Lapostolle Merlot á 1.590 kr. er mjög góð kaup en Merlot Cuvee Alexandre á 2.290 kr. rís mun hærra og hefur verið margverðlaunað. Cabernet Sauvignon er útbreiddasta þrúga Chile og Santa Rita Medalla Real á 1.790 kr. er góður fulltrúi cabernet-hefðarinnar, þétt og mikið. Vinsælustu vínin hérlendis frá Chile koma frá Concha y Toro og Montes og vínin frá þeim eru ekki af lakari sortinni. Concha y Toro Terruño Sauvignon Blanc á 1.890 kr. virkar vel fyrir þá sem eru hrifnir af bestu sauvignon blanc vínunum frá Nýja heiminum. Enn hrifnari er ég af Concha y Toro Terruño (1.890 kr.) úr carmenere-þrúgunni sem er þjóðarþrúga Chile. Eiginlega ekki hægt annað en að kíkjá á þá þrúgu vilji menn komast að kjarna Chile. Rúsinan í pylsundanum er svo Montes Purple Angel sem kostar reyndar 2.990 kr. og er því komið hálfa leið í pris til risavínanna sem ég minnst á í byrjun. En þetta nýja vín hans Aurelio Montes er það glæsilegt að verðmiðinn verður að teljast býsna hagstæður. Vínin eru útlustuð nánar í prýðilegum bæklingi vinnubúðanna og vona ég að vínáhugafólk veiti betri vínunum frá Chile athygli en yfirgnæfandi meirihluti sólunnar hefur verið í einföldustu og ódýrustu vínunum.

VERT AÐ SPÁ Í

Nokkur óvenjuleg vín eru á boðstólum á Chile-dögum. Athyglisvert sætvin frá Concha y Toro og riesling frá Cousino-Macul. Hið jarðarberjablandaða freyðvín Fresita er á kynningarverði auk þess að vera í nýjum umbúðum. Rósavín úr cabernet sauvignon frá Santa Rita er líka sérlega skemmtilegt.



KJÖTKALL Ómar er afar hrifinn af kjöti en er einnig mjög ánægður þegar konan býr til pasta. Hún bjó um tíma á Norður-Ítalíu og kann því réttu handtökun þegar ítölsk matargerð er annars vegar.

Góða steik á grillið, takk!

Ómar Einarsson, eigandi ECC, er mikill kjötmaður og ef hann mætti ráða væru bara steikur í matinn á hans heimili. Sem betur fer er konan hans með aðeins breiðari matarsmekk.

„Já, ég verð að viðurkenna að ég er afar hrifinn af öllu kjöti og þá eru lamb og naut í miklu upphaldi,“ segir Ómar, sem vill helst hafa kjötið grillað enda flytur fyrirtæki hans inn amerísku Sizzle King grillin og því er mikið grillað á hans heimili. „Ég er reyndar líka mjög hrifinn af góðu pasta þar sem sósan er gerð frá grunni. Konan mín bjó um tíma á Norður-Ítalíu þannig að hún er snillingur í því að gera alvöru pastasósar og þá er parmesan-osturinn að sjálfsögðu ómissandi hluti af máltíðinni.“

Að sögn Ómars er það eigin konan sem sér um hina daglegu

eldamennsku en hann sér sjálfur um steikurnar og grillið. „Þegar fólk er komið með alvöru grill er ekkert því til fyrirstöðu að grilla allan ársins hring enda margir farnir að gera það,“ segir Ómar. Hann segist borða allan mat þó kjötið sé vissulega í upphaldi. „Konan er með mun breiðari matarsmekk en ég og eldar til dæmis oft fisk sem er afar þægilegt að elda og við erum að reyna að borða meira af.“

Ómar gefur lesendum Fréttablaðsins hér tvær uppskriftir að sumarlegum réttum. „Bakaða grænmetið hentar vel með hvaða mat sem er og hristingurinn er afar hressandi sem eftirrétur, ekki síst í sumar.“

meti sem fólki hagnast salt, pipar og rósmarín olíuolia

Allt grænmetið skorið niður í munnbita og sett í eldfast mót. Blandið saman 2 msk. af góðri olíuolia, smá salti, pipar og rós-marín. Hellið olíunni yfir allt grænmetið og bakið í minnst 30 mínútur við 200 gráður. Einnig er hægt að grilla grænmetið á grillinu, en þá er það sett á grillpinna og grillað í smá tíma. Takið grænmetið af pinnunum, setjið það í skál og hellið olíunni yfir og bætið jafnvel smá balsamediki út í. Algjört nammi.

LÉTT SUMARBLANDA
2 dl bíó vanillumjól
150 g frosin bláber eða jarðarber

Berin og mjólkín eru hræð saman í blandara og þá er kominn sumarlegur og hollur hristingur sem er tilvalinn sem eftirrétur. Drykkurinn er einnig góður á milli máli.

BAKAD GRÆNMETI

1 kúrbítur (zucchini)
2 papríkur, gul og rauð
1 rauðlaukur
1 eggaldín
Nokkrir sveppir og í raun hvaða græn-



Sérverslun með sjávarfang



GOTT Á GRILLIÐ



Humarhalar á tilboði verð 2.990 kr/kg



FYLGIFISKAR

Súdurlandsbraut 10 • sími 533 1300 • Skólavörðustígur 8

VEITINGASTAÐURINN GREIFINN, GLERÁRGATA 20, 600 AKUREYRI, S. 460-1600

Alltaf jafn vinsæll



Veitingahúsið Greifinn hefur unnið sér fastan sess í hjörtum Akureyringa, enda staður sem óhætt er að segja að höfði til allra. Staðurinn kappkostar að þjóna sem breiðustum hópi viðskiptavina og tekst það vel með sínum fjölbreytta matseðli. Staðurinn er byggður á amerískri hugmyndafræði þar sem hröð og góð þjónusta er höfð í hávegum. Staðurinn er reyklaus og afar fjölskylduvænn.

Matseðillinn? Það er hægt að fá allt á milli himins og jarðar á Greifanum, eins og pitsur, steikur, fiskrétti, pasta-rétti og tex mex rétti. Matseðillinn er endurnýjaður reglulega og matreiðslumennirnir fylgjast vel með því sem er að gerast.

Verð? Verðinu á Greifanum er yfirhöfuð stillt í hóf og er afar sanngjarnt. Hér er



vel hægt að fá góða máltíð undir 2.000 krónum.

Vinsælast? Pitsur staðarins eru alltaf jafn vinsælar en Greifinn býður einnig upp á ýmsa sértíllboð. Til dæmis er boðið upp á grillmatseðil sem er vinsæll á sumrin. „Blessuð sértu sveitin mín“ er heitið á matseðli

sem er uppfullur af alvöru steikum og gefur Greifinn ábót á 400 g steikurnar. „Hafið bláa hafið“ seðillinn er einnig afar girnilegur en þar er að finna ýmsa fiskrétti, meðal annars saltfisksu með eyfiskum saltfiski. Sérstakur matseðill er á boðstólum fyrir börnin.

- Kirsuberjatómatar eru smávxnir og sérlega bragðgóðir. Bragðið er sætt og afgerandi. Þeir henta mjög vel til að bragðbæta og skerpa salöt eða sem „grænmetisbitinn“ í nestisboxið.



- Þessir hefðbundnu sem allir þekkja – alltaf jafngóðir, hvort heldur sem er ofan á brauð eða til matargerðar, sjálfsgaður hluti af heimilishaldinu.



- Konfektitómatar eru mildir og sætir á bragðið, minni en hefðbundnir tómatar, en stærri og kjötmeiri en kirsuberjatómatar.

- Plómutómatar einkennast af góðu, kröftugu bragði, þeir eru kjötmiklir og henta því vel sem álegg og í hverskonar matreiðslu, tómatósúsur og pottrétti.



Íslenskir tómatar

TÓMATAR ERU HOLLIR OG LJÚFFENGIR, LITFAGRIR OG ÓMISSANDI Á MATBORÐIÐ.

ÍSLENSKIR GRÆNMETISBÆNDUR BJÓÐA NEYTENDUM UPP Á MARGAR TEGUNDIR SEM

AUKA FJÖLBREYTNINA OG MÖGULEIKANA. NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ PRÓFA ÞÆR ALLAR.

www.islenskt.is ljúffengar uppskriftir og fróðleikur



We might just make it. Did that thought ever cross your brain? Well, regardless I would rather take my chance out there on the ocean, that to stay here and die on this shithole island spending the rest of my life talking to a god damn

VOLLEYBALL!

Chuck Nolan er staðráðinn í að komast heim í hinni mögnuðu kvikmynd Cast Away þar sem Tom Hanks fór hamförum.



CANNES PÓRARINN ÞÓRARINSSON BLOGGAR FRÁ FRAKKLANDI

Ölstofan í Cannes

Jæja, nú er maður farinn að kannast við sig í Cannes. Búið að loka götum, allt troðið af fólki fyrir framan hátíðarhöllina og allir barir orðnir kjaftfullir. Barinn og veitingastaðurinn Le Petit Majestic er einn af föstu punktum í Cannes. Þetta er hálfgerð hliðstæða Ölstofunnar í Reykjavík en þarna sitja blaðamenn saman í lok dags og þústa eftir endalaust bíógláp og eltingarleiki við stórstjörnur. Englendirar eru áberandi þarna en samkvæmt hefðinni fór vitaskuld mest fyrir liðinu við Íslenska borðið í gær. Da Vinci lykillingur var sýndur blaðamönnum fyrir um kvöldið. Spennan í kringum myndina var slík að auk bókaðrar fjölmiðlasýningar á miðvikudagsmorgni var bætt við aukasýningu á þriðjudagskvöldinu. Þetta þótti nokkuð

djarft útspil hjá dreifingaraðilunum þar sem þeir sýndu myndina fyrir troðfullum sal af flugþreyttum og sjúkudum gagnrýnendum. Þetta gæti að einhverju leyti skýrt þá blendnu dóma sem myndin var að fá í gær en það var töluvert hrotið í Palais de Festival á meðan myndin rúllaði yfir tjaldið. Samræðurnar þróuðust hins vegar út á slíkar brautir að þær eru ekki eftirhafandi og óþrenthæfar með öllu. Þær voru samt skemmtilegar enda varla við öðru að búast þegar saman koma blaðamenn frá Morgunblaðinu, Fréttablaðinu, margreyndir Cannes-farar og Strákarnir Auðunn Blöndal og Ofur Hugi. Þetta var gott partið og ég á einhvern veginn bágt með að sjá það fyrir mér gerast hjá öðrum en Íslendingum að útsendarar

tveggja stærstu dagblaða þjóðarinnar og harðra samkeppnisaðila geti setið í mesta bróðerni yfir rósvæni og skipst á gamansögum. Það ber þó að hafa það í huga að það eru allir vinir í Cannes. Skammtdegisþunglyndi er ekki til í orðabókinni á Cannesjum og hvergi er þetta að vera. Þessi lífsgæði hafa þó þann ókost að villurnar eru að seljast á vel yfir 100 milljónum. Hátíðin sjálf virðist ætla að vera með rólegra móti í ár og myndirnar í keppinni um Gullpalmann eru færstar að vekja mikla athygli, í það minnsta enn sem komið er.

Pedro Almodovar lofar samt góðu með Volver og Ken Loach er alltaf vel þess virði að skoða. Da Vinci Code og X-Men 3 eru plássfrekar en inni á milli leytnast spennandi myndir sem maður verður einhvern veginn að finna sér tíma til þess að sjá. Stjörnurnar eru byrjaðar að streyma á staðinn. Samuel Jackson og Cillian Murphy spóka sig á götum og Monica Bellucci, sem á sæti í dómnefndinni ásamt Jackson, er búin að stilla sér upp fyrir myndavélmenn þannig að þetta er allt að koma.



bió

bio@frettabladid.is

Lífið er endalaus ráðgáta

Kvikmyndahátíðin í Cannes hófst í gær með frumsýningu The Da Vinci Code. Aðstandendur myndarinnar fylgdu myndinni vitaskuld úr hlaði og héldu blaðamannafund í hátíðarhöllinni í gær með leikstjóranum Ron Howard og aðalstjörnuna Tom Hanks í broddi fylkingar. Þórarinn Þórarinnsson sat fundinn þar sem Hanks sló á létta strengi og Ian McKellen stal senunni.

Þeir voru glaðhlakkalegir félagarnir Ron Howard og Tom Hanks (Robert Langdon) þegar þeir gengu í salinn en með þeim í för voru Frakkarnir Jean Reno (Bezu Fache) og Audrey Tautou (Sophie Neveu) og bresku úrvaleikararnir Paul Bettany (Silas), Ian McKellen (Leigh Teabing) og Alfred Molina (Aringarosa biskup). Þetta ágæta fólk fékk þó ekki mikið til málanna að leggja þar athyglin var öll á Howard og Hanks.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um Da Vinci lykillinginn enda hefur söguþráður hennar verið milli tannanna á fólki um árabíl og skáldsagan sem hún byggir á hefur selst í fjórutíu milljón eintökum úti um allan heim. Eftirvæntingin

eftir kvikmyndinni er því að vonum mikil og rétt eins og enginn þykir maður með mönnum nema að hafa lesið bókina munu fáir komast hjá því að sjá myndina. Þrátt fyrir útbreiðslu og vinsældir skáldsögunnar hvíldi mikil leynd yfir kvikmyndinni allt fram að frumsýningunni í gær. Howard sagði að þessi ákvörðun hefði ekki sist verið tekin þar sem hann vildi að þeir sem ekki hefðu lesið bókina geti notið myndarinnar og spennunnar í botn.

Spurningarnar sem Tom Hanks fékk voru margar hverjar undarlegar en leikarinn svaraði þeim öllum og gerði óspart að gamni sínu. Einhverjum blaðamanninum datt til dæmis í hug að bera leikarann saman við sjálfan Leonardo Da Vinci og benti á að sá síðarnefndi hefði gert sitt meistarastykki 51 árs og spurði í framhaldinu hvort Hanks teldi sig enn eiga sitt meistaraverk ógert. „Ja, ég hef þá eitt ár til að bæta úr því. Ég eignaðist nýlega réttinn á Scooby Doo 3 og tákist mér að gera þá mynd fyrir árslok er þetta komið.“

Syndlausar en hugsandi verur Eiginkona Hanks er kaþólsk og hann var inntur eftir því hvort ákvörðun hans um að leika í The Da Vinci Code hefði valdið þeim óþægindum og hvort hann hefði fundið fyrir þrýstingi fólks í söfnuðinum heima. „Nei, alls ekki. Samkvæmt þeim trúarskilningi sem við hjónin höfum og hún ólst upp

við hefur syndinni verið létt af okkur en ekki hæfileikanum til að hugsa. Ég tel að þessi mynd, eins og svo margar aðrar, geti gefið fólki tilefni til þess að skoða hug sinn og afstöðu þess til lífsins og alheimsins. Þetta er ekki heimildarmynd og ég held að engin kvikmynd, sérstaklega ekki ef hún er hugsuð sem afþreying, sé líkleg til þess að rugla fólk í ríminu.“ Ron Howard tók þráðinn upp þarna og sagði söguna vera þess eðlis að myndin myndi koma illa við einhverja. „Það er ekki spurning en mitt ráð til þeirra er einfaldlega þetta: Ekki fara á myndina ef þið teljið ykkur stafa ógn af henni. Bíðið aðeins og ræðið svo við aðra sem hafa séð myndina og takið svo yfirvegaða ákvörðun. Myndin á að vera afþreying og hún er ekki guðfræði. Hún vekur samt upp spurningar og ætti að fá fólk til að ræða þessi mál og þegar upp er staðið held ég að það sé alltaf jákvætt ef myndir hafa slík áhrif.“

Fundurinn hverfóist að mestu um mótmæli kaþólikka gegn myndinni og þau Óljósu mörk sem virðast vera í hugum fólks um hvað sé skáldskapur og hvað sögulegar staðreyndir þegar Da Vinci lykillingur er annars vegar. Howard og Hanks voru því beðnir um að svara því hvort þeir sjálfir tryðu því að Jesús Kristus hefði átt eiginkonu. „Ég var ekki á staðnum,“ svaraði Hanks að bragði, uppskar hlátur og þar með var málið afgreitt af hans hálfu. „Hver einn verður að komast að sinni niðurstöðu og ég ætla ekki að deila minni með ykkur. Áhorfandinn verður að upplifa myndina, hugsa um hana og tala um hana. Áhorfendur eru gáfaðir og mér finnst þeir oft vanmetnir vegna þess að þeir geta mjög auðveldlega komist að sjálfstærni niðurstöðu. Eitt af því sem bókinn undirstríkar og ég vona að myndin geri líka er að lífið er endalaus ráðgáta. Hugur okkar er eitt það mikilvægasta og merkilegasta sem okkur hefur verið gefið ásamt forvitni og þránni til þess að rannsaka og skilja hluti. Ég held að það stríði gegn náttúrunni að reyna að halda aftur af huganum og að mínu mati eru allir hlutir sem kynda undir samræður og eflir ímyndunaraflíð sé af hinu góða.“

Jesús var ekki hommi Ian McKellen, Alfred Molina og Paul Bettany sátu lengst af þöglir en fengu að láta ljós sín skína þegar



TOM HANKS, DAN BROWN OG AUDREY TAUTOU Myndin hefur þegar verið bönnuð á nokkrum stöðum í heiminum en kristnir menn telja innihald hennar vera guðlast.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þeir voru beðnir að lýsa því hvernig þessir árekstrar staðreynda og skáldskapar blasa við þeim. Molina reið á vaðið og sagði þá Howard og Hanks í raun vera búna að svara þessu. „Allir sem hafa keypt bókina gerðu það í skáldsagnadeildinni og allir sem sjá myndina munu horfa á skáldskap en ef myndin fær fólk til að kafa dýpra ofan í viðfangsefni myndarinnar þá er það hið besta mál. Ég held líka að allar þessar deilur og mótmæli séu stormur í vatnsglassi, eitthvað sem fjölmiðlar hafa magnað upp til þess að búa til safaríkur og spennandi fréttir. Það hefur eiginlega ekkert orðið úr þessu og fátt sem hægt er að festa hendur á. Einhverjar yfirlýsingar hafa verið gefnar út en það sem stendur eftir er að einhverjum mun mögulega ekki líka myndin. Lífið er bara þannig að það er slökkvari á öllu og hver og einn getur ákveðið það að fara ekki og sjá þessa mynd.“

Ian McKellen var öllu beittari og vakti mikla kátínu þegar hann notaði tækifærið og skaut á kaþólsku kirkjuna fyrir viðhorf hennar til samkynhneigðra en Kellen er sjálfur hommi og hikar ekki við að beita sér fyrir auknum réttindum samkynhneigðra. „Þegar ég las bókina trúði ég henni alveg og kann Dan Brown bestu þakkir fyrir að rugla svona í kollinum á mér. Ég vil líka endilega trúna því að Jesús hafi verið mannlegur. Ég veit að kaþólska kirkjan hefur átt í vandræðum með samkynhneigð og mér finnst þetta svo frábært þar sem þetta staðfestir að Jesús hafi ekki verið hommi.“ Kellen dró svo

þá ályktun að æsingurinn í kringum myndina tengdist fyrst og fremst snobbi. „Þegar bókinn kom út var enginn með þessi læti. Er það vegna þess að lesendum er treyst til þess að hugsa en fólk sem fer í bíó er heilalaust lið sem þarast verndar? Mér finnst vera svoltið snobbi í gangi í kringum þetta og ég trúi því að bíógæstir séu alveg jafn gáfaðir og lesendur og geti því vel gert upp hug sinn og á meðan þeir gera það geta þeir skemmt sér konunglega.“

Paul Bettany var í takt við landa sína tvo en hann hefur aldrei efast um að Da Vinci lykillingur sé skáldskapur. „Þegar Ron hringdi í mig og bað mig um að vera í myndinni notaði hann orðin „munkur“, „morðingi“ og „Da Vinci Code“ og ég sagði strax „já“. Þá spurði hann hvort ég hefði lesið bókina sagði ég „Já, auðvitað“ þó hefði ekki gert það. Ég rauk svo til og náði mér í bókina, ekki í guðfræðideildinni heldur skáldskapardeildinni, og las hana í tveimur lotum. Þetta er þannig bók að maður flettur henni hratt og getur ekki hætt. Í framhaldinu las ég ýmis guðfræðirit á meðan ég bjó mig undir hlutverkið og ég get sagt ykkur það að þau fá mann ekki til að fletta hratt. Þannig að það ætti að vera öllum ljóst að þetta er skáldskapur.“

Spáir ekki í vinsældir Gagnrýnendum og blaðamönnum gafst kostur á að sjá The Da Vinci Code í Cannes á þriðjudag og miðvikudag. Fyrstu dómarnir eru blendnir og Howard hefur meðal annars verið sakaður um að drepa niður það líf sem var í bókinni.

Howard segist þó ekki hafa áhyggjur af því hvernig myndinni reiði af í miðasögunni og kippir sér ekki upp við dómanna. „Ég hef ekki lesið neina dóma ennþá en sjálfsgagt eru einhver lýsingarorð í einhverjum þeirra sem maður vildi skipta út. Ég hef gert margar vinsælar myndir og er löngu hættur að reyna að spá í það fyrirfram hvernig myndirnar mínar eiga eftir að ganga. Ég vel verkefni vegna þess að efniviðurinn heillar mig og ég get hugsað mér að eyða einu og hálfu til tveimur árum í að segja þá sögu. Bókin er áberandi og margir hafa áhuga á henni þannig að ég vona svo sannarlega að hún muni ganga vel en ég vel mér ekki myndir með hliðsjón af því.“



LEIKHÓPURINN Þau voru nokkuð upplitsdjörf í leikhópnum úr Da Vinci lykilingnum sem frumsýnd var á Cannes í gær. Dómarnir eru endilega trúna því að Jesús hafi verið mannlegur. Ég veit að kaþólska kirkjan hefur átt í vandræðum með samkynhneigð og mér finnst þetta svo frábært þar sem þetta staðfestir að Jesús hafi ekki verið hommi.“ Kellen dró svo

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SMS LEIÐUR!
SENDU
JA FVC
Á NÚMERID 1900
OG VIÐ SENDUM
ÞÉR SPURNINGU
ÞÚ SVARA MED ÞVI
AÐ SENDA A, B EDA C.

PlayStation 2
THE DA VINCI CODE
DVD MYNDIR

THE DA VINCI CODE

Aðalvinningur er stórkostleg ferð til London á slóðir Da Vinci lykilsins í boði Iceland Express. Innifalið í ferðinni er flug, gísling og "Da Vinci Tour" um borgina. Að auk þá fær vinninghafi Da Vinci síma frá Sony Ericsson.

Aðrir vinningar: Sony Ericsson gsm símar • Bíómiðar fyrir tvo á Da Vinci • DVD myndir • Tónlistin úr myndinni • Da Vinci tölvaflakir • Varmingur tengdur myndinni • Fullt af Pepsi og enn meira af DVD og tölvaflakjum.

99 kr. skýtið. Vinningar afhendir í t Smáralind

HR HELENA
RUBINSTEIN



DEKRAÐU VIÐ AUGUN ÞÍN
MEÐ VÖNDUÐUM SNYRTIVÖRUM



HELENA RUBINSTEIN DAGAR Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI DAGANA 18. - 24. MAÍ



*meðan birgðir endast. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Kýstu lengri augnhár, fylltari varir, fallettri húð?

Sérfræðingur frá Helena Rubinstein velur réttu vörurnar fyrir þig, út frá þínum óskum og þörfum. Líttu við og fáðu fagmannlega aðstoð.

Glæsilegur kaupauki*, þessi flotta taska ásamt ýmis konar vöru að verðmæti frá 6.000 kr., fylgir þegar keyptar eru vörur fyrir 5.500 kr. eða meira frá Helena Rubinstein.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Fæst í snyrtivöruverslun Hagkaupa Kringlunni

Keppinautar Silvíu Nætur í kvöld

Undankeppnin í Eurovision verður í kvöld. 22 lönd keppa við Silvíu Nótt um að komast í úrslitin. Tíu lönd komast áfram. Íbúar allra landa sem taka þátt í keppninni í ár, auk Serbíu og Svartfjallalands sem dró lag sitt úr keppninni vegna ósættis um lagið heima fyrir, greiða lögnum atkvæði. Fréttablaðið leitaði álits á lögum keppinautanna hjá sex einstaklingum; áhugamönnum og fagmönnum.

1 ARMENÍA ANDRE

Elsa María „Lagið er dansvænt og þjóðlegt með sekkjapípum og trumbuslætti eins og hefur verið mjög júróheitt síðan Ruslana sigraði um árið. Mér finnst að þetta lag eigi fullan rétt á að komast í áfram í topp tíu.“. Einkunn: Flott.

Regína Ósk „Það er þjóðlegur stilli á laginu á móti popp-elementinu. Söngvarinn heillar mig ekkert sérstaklega en viðlagið er ágætt. Ég held að lagið komist ekki áfram.“



2 BÚLGARÍA MARIANNA POPOVA



Elsa María „Mariana Popova hlýtur að vera eldheit poppdrottning í Búlgaríu. Yfiringileg powerballaða og ég fíla það. Það er þó segin saga að þeir sem stíga númer tvö á svið hafa aldrei riðið feitum hesti frá keppninni.“. Einkunn: Í lagi og plús fyrir dramatík og jóðl.

Regína Ósk „Mér finnst þetta ekki skemmtilegt lag og of mikil aust-ræn áhrif. Heilmikið er að gerast í myndbandinu við lagið, magadans, loftfímleikar, bert fólk og ég veit ekki hvað. Held það nái ekki langt.“

3 SLÓVENÍA ANZEJ DEŽAN

Elsa María „Hann Anzej Dezan er jafn góður söngvari og hárið á honum er hræðilegt. Hádramatískt Evrópu-froðudanslag með grátandi fiðlum og pianóskólum og er það ekki einmitt það sem maður vill heyra? Mér finnst þetta með betri lögum í þessari keppni, með hækkun sem gæti fengið hvern sem er til að missa vitið.“. Einkunn: Topplag. Ég væri mjög sátt við þetta sem sigurlag.

Regína Ósk „Ég held að þetta lag komist ekki áfram. Söngvarinn



fer yfir strikið í öllu sem hann gerir. Viðlagið er ágætt en ég er sjálf ekki hrifin af svona íbiza-takti.“

4 ANDORRA JENNIFER



Elsa María „Hún Jennifer syngur á frummálinu og fær feitan plús í kladdann fyrir það. Mér finnst þetta

mjög flott lag, eitthvað svo tímalaut og stórt.“. Einkunn: Flott - en ég er hrædd um að Jennifer missi af lestinni inn í aðalkeppnina fyrir að vera ekki steriótípískt suður-evrópskt krútt.

Regína Ósk „Mér finnst þetta hreinn viðbjóður frá upphafi til enda. Mjög gamaldags lag, röðin leiðinleg og myndbandið ómurlagt. Kemst pottþétt ekki áfram.“

5 HVÍTA-RÚSSLAND POLINA SMOLOVA



Regína Ósk „Ég hlakka til að sjá þetta atriði á sviðinu, það er hvernig hún ætlar að fara að því að syngja lagið og dansa svona eins

og brjálæðingur. Mér finnst samt einhver skemmtileg stemming frá áttunda áratugnum í laginu. Gæti komist upp úr undanúrslitum“.

Reynir Díván Angelika Agurbash reyndi að kaupa sér sæti í úrslitum í fyrra en sem betur fer án árangurs. Polina Smolova tekur við keflinu í ár (og vonandi seðlaveskinu) og syngur lagið Mum, að mér heyrst á ensku. Fínt viðlag en heldur pirrandi. Verður þó í baráttunni um sæti í úrslit.

6 ALBANÍA LUIZ EJLLI

Elsa María „Hahahaha!!! Þetta er auðvitað bara dásamlega hallærislegt. Og eitthvað svo innlegt, gamlir karlar að dansa með dúska á skónum. Lagið er í einu orði sagt leiðinlegt og ég gæti ekki fyrir mitt litla líf haft það eftir. Ég segi samt að svona lög gefa keppninni aukíð skemmtanagildi því þetta verður brandari kvöldsins“. Einkunn: Lélegt - farðu heim.



Heiða „Lagið er í meðallagi gott og útsetning ágæt. Mætti vera flutt á ensku. Vona að atriðið á sviðinu verði flott því unnt er að gera flotta sýningu út frá laginu“.

7 BELGÍA KATE RYAN

Elsa María „Hið fullkomna júróvisjónlag. Ég lærði það strax við fyrstu hlustun. Minnir á ótal sænsk júróvisjónlög, sem er auðvitað gullinn gæðastimpill. Þetta er mjög sumarlegt lag og býður upp á ísrúnt á blæjubíl. Lagið missir samt dampinn í brúnni, það gæti haft eitthvað að segja þó það nái sér hressileg upp í lokin. Ég sé fyrir mér sprengingar og glimmer á sviðinu við þetta lag. Ef það fer ekki áfram og lendir í topp 3 á lokakvöldinu, þá er ég hætt“. Einkunn: Topplag - má vinna mín vegna.



Heiða „Minnir á eitthvað með bresku stelpubandi. Nokkuð svalt og grípandi. Ætti að komast í aðalkeppnina“.

8 ÍRLAND BRIAN KENNEDY



Kristín Eva „Írar eru með lag á hugljúfu nótnum. Ekki viss um að hann nái flugi í keppninni en aldrei að vita, vonandi kemst hann í aðalkeppnina“. Einkunn: Í lagi.

Fríðrik „Ekta ballaða og gæti komið á óvart. Lagið er hugljúft og ef hann flytur það vel gæti allt gerst en ég held að það fari margir sem fíla ekki væmnina að pissa meðan þetta lag er flutt.“

9 KÝPUR ANNETTE ARTAMI



Kristín Eva „Drepleiðinlegt lag en þeim tekst að draga athyglina frá því með því að þjóða upp á mjög svo fleginn kjól og barmmikla söngkonu“. Einkunn: Lélegt.

Fríðrik „Já, ókei. Minnir mig á dívuna frá Hollandi í fyrra. Hún er góð söngkona en lagið er soldið úti um allt. Ef Kýpur verður ofarlega þá er það út af söngkonunni.“

10 MÓNAKÓ SÈVERINE



Kristín Eva „Sykursætt og fjörugt lag en er ekki að gera sig fyrir mig og ég hef trú á að það tynist í fjöldanum. Of venjulegt og sker sig ekkert úr“. Einkunn: Slakt

Fríðrik „Rólegrir með banjóið. Guð, nei. Þegar hér er komið við sögu er fínt að fara inn í eldhús og fylla á snakkskálina.“

11 MAKEDÓNÍA ELENE



Fríðrik „Flott rödd. Þetta lag er líka mjög sexí og gæti gert fína hluti! Já ég spái þeim ofarlega.“

Reynir „Síðustu árin hefur Makedónía átt öruggan miða upp úr forkeppninni - en líka öruggan miða til baka þar sem lögin þeirra hafa ekki staðist samkeppnina á laugardeginum. Í ár er það Elena Risteska sem kemst áfram með lagið Ninanajna. Það sem er óvenjulegt er að lagið er verulega gott og verður líklega inni á topp 10 í úrslitunum.“

ÁLITSGJAFAR




REYNIR EGGERTSSON er einn af helstu sérfræðingum landsins í Eurovision. Hann var meðal annars dómari í spurningakeppni Sjónvarpsins um keppnina. Einnhverjir segja að Reynir fylgist betur með stigakeppninni en lögnum sjálfum, sem hann fylgist þó sérlega vel með.



KRISTÍN EVA ÓLAFSDÓTTIR er nemandi í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands. Síðustu árin hefur hún fylgst af mikilli athygli með Eurovision. Enda er keppnin troðfull af tísku, litum og öðrum straumum sem fara um Evrópu.

BORGARLEIKHÚSIÐ



LEIKTU ÓBORGANLEGA
FYRIR FYNDIÐ
MIG! LEIKARAR LEIKA EFTIR PÖNTUN
PÍN UPPÁHALDSATRIÐI
ÚR ÁRAMÓTASKAUPUNUM.

Í KVÖLD KLUKKAN 22.30
MIÐAVERÐ 1.000 KR.

12 PÓLLAND ICH TROJE



mixuð í eitt. Það koma reyndar ágætis kaflar í laginu. Þarna eru menn að reyna að fiska hjá yngri kynslóðinni með því að hafa rapp í miðju lagi sem er bara ekki að gera sig og enginn fellur fyrir.“
Einkunn: Lélegt.
Friðrik „Nei guð. Fyrir utan hvað karlsöngvararnir eru vondir þá er lagið glatað. Botninn.is.“

Reynir „Hrærigrautur sem ég er ekki alveg að ná, eins og samansafn af nokkrum lögum sem eru

13 RÚSSLAND DIMA BILAN

Kristín Eva „Þarna er poppstjarna og augnakonfekt á ferð með frábært eurovisionlag. Vonandi verður hann eins góður á sviðinu og hann er í myndbandinu. Áfram Rússland!“ Einkunn: Topplag.
Friðrik „Mér finnst þetta mjög flott lag og hann er bara flottur enda heitur í heimalandinu um þessar mundir. Rússar gera góða hluti í ár.“



14 TYRKLAND SIBEL

Kristín Eva „Þetta er frábær skemmtun og kryddar keppnina. Veit ekki hvað skal segja um lagið en myndbandið er svo hallærislegt að það er eiginlega komið í hring og orðið flott! Hún vinnur á og það verður gaman að sjá hana á sviðinu.“ Einkunn: Flott.
Friðrik „Æi, nei, mér finnst þetta leiðinlegt. Maður verður þreyttur á fyrsta viðlagi. Þú á Tyrkland í ár.“



15 ÚKRAÍNA TINA KAROL



Kristín Eva „Þetta er alveg týpískt eurovisionlag, engin áhætta þarna. Fellur undir sama flokk og Mónakó.“ Einkunn: Slakt.
Friðrik „Ég fíla þetta lag! Ruslana „the blond version“, Viðlagið grípur og maður fer að hrista sig og skaka. Úje..! Jájá.“

16 FINNLAND LORDI

Heiða „Þetta er væntanlega þyngsta rokk sem hefur verið flutt í Eurovision og mér finnst tímabært að rokka svolítið í keppninni. Ég spái Finnum góðu gengi.“
Reynir „Finnar er sú þjóð sem hefur verið með lengst án þess að sigra,



og hafa í raun bara náð 6. sætinu. Í ár taka þeir enn einn sénsinn með þungarokkshljómsveitinni Lordi og laginu Hard Rock Hallelujah. Þetta er mjög grípandi og melódískt lag og mér finnst það æðislegt og vona að það vinni! Að Íslandi undanskildu auðvitað!

17 HOLLAND TREBEL TRIO

Reynir „Sitjandi stelpugrúppan Treble flytur lagið Amambanda fyrir Hollendinga. Þínu krúttlegt en aðallega bara leiðinlegt og kemst ábyggilega ekki áfram! Eða hvað?“
Heiða „Það vantar allt ris í lagið og það er ekki vænlegt til vinnings en ég hlakka til að sjá atriðið á sviðinu.“



Hin húsvíska **ELSA MARÍA JAK-OBSDÓTTIR** er mikill aðdáandi keppinnar. Hún vinnur í Kastljósinu og sá því á eftir Sigmari Guðmundssyni til Aþenu. Hennar tímu mun þó væntanlega koma, enda er hún með Eurovision á hreinu.



FRÍÐRIK ÓMAR lenti í þriðja sæti í forkeppninni hérna heima. Hann er mikill Eurovision-aðdáandi og topptónlistarmaður, sem hefur sungið margar tegundir tónlistar. Það gerir Friðrik að úrvalsdómara um þátttakendurna í ár.

18 LITHÁEN LT UNITED



Reynir „Litháen hefur verið með í keppninni í nokkur ár og aldrei náð góðum árangri - hvort sem þeir hafa sent gott lag eða slæmt. Í ár senda þeir fótboltalagið We Are the Winners með LT United sem mér finnst mjög fyndið og vona að fá stig - en gott lag getur það varla talist!“
Heiða „Þetta lag er nokkuð grípandi en um leið hæfilega stolið og ekki mikil lagasmíð. Ég held þetta fari ekki í aðalkeppnina en verður eflaust áhugavert atriði.“

19 PORTÚGAL NONSTOP



Reynir „Viðlagið er ágætlega grípandi en stelpurnar í Nonstop virðast ekki vera sérstaklega sterkar söngkonur. Skásta framlag Portúgala síðan 1996 en það er þó ekki tákni um gæði.“
Heiða „Þetta er að mínu viti of gamaldags og svona útsendingar og lög hafa runnið sitt skeið í keppninni en aftur á móti er aldrei að vita hvað gerist.“

20 SVÍPJÓÐ CAROLA



Reynir „Fyrir 23 árum, 1983, tók Carola þátt í Evróvisjón í fyrsta skipti og lenti í 3. sæti með laginu frábæra „Frámling“. 1991 kom hún aftur og sigraði þó tæpt væri með laginu „Fångad av en stormvind“. Svíar lentu óvenjulega neðarlega í fyrra með drepleiðinlega laginu „Las Vegas“ og þurfa því að berjast um pláss í úrslitunum í ár. Carola er því mætt aftur með lagið Invincible og enn sterkari vindvél - eða ætti maður að segja ROK-vél, maður á helst von á að Carola og botoxið fjúki af sviðinu! En upp stígatöfluna hlýtur hún að fjúka - hvort sem hún vinnur eða ekki!“
Heiða „Carola er geggjuð söngkona og lagið grípandi. Þetta er

ekta Eurovisionlag og ég held að það hljóti að komast áfram í aðalkeppnina.“

21 EISTLAND SANDRA




Reynir „Eistar eru í kántrísveiflu með sænsku viðlagi þetta árið. Kemst ábyggilega í úrslit.“
Kristín Eva „Algjör lumma hjá Eistum. Ósmekklegt myndband fram úr hófi og það heldur engri athygli hjá mér. Það þarf mikið að breytast svo þetta nái í gegn. Held ég hlusti frekar á málningu þarna.“

22 BOSNIA HERZEGOVINA HARI MATA HARI



Reynir „Mest grípandi rólega lagið í keppninni heitir Lejla og er samið af sama höfundi og samdi lagið frá Serbíu og Svartfjallalandi fyrir tveimur árum sem lenti í 2. sæti. Söngvarinn heitir Hari Mata Hari og á eftir að gera góða hluti í Aþenu. Mjög smart og fallet!“
Regina Ósk „Þetta lag er sér á báti. Ekkert dæmigert Eurovision glamúr og glys. Söngvarinn er mjög góður og lagið er mjög fallet. Kemst pottþétt áfram.“

Lokaútkall í næstu viku



Verð á mann

34.900 kr. í viku*

49.900 kr. í 2 vikur

*Netverð á mann á ofangreinda áfanga- og gjististaði. Verð er óháð fjölda í íbúð, en lágmarksfjöldi í íbúð er 2. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Ef bókað er á skrifstofu eða símleidis bætist við 2.000 kr. bókunar- og þjónustugjald á mann.



Bókaðu strax á www.urvalutsyn.is

www.urvalutsyn.is



Fínir bílar



→ 2.190 þ.

Hyundai Trajet

Nýskr. 01.2005, 2000 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 17 þ.



→ 7.600 þ.

LAND ROVER RANGE ROVER

Nýskr. 07.2002, 4400cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 43 þ.



→ 2.750 þ.

LAND ROVER RANGE ROVER

Nýskr. 01.2001, 4000 cc.
4 dyra, sjsk., ekinn 88 þ.



→ 7.300 þ.

PORSCHE CAYENNE

Nýskr. 04.2003, 4500 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 54 þ.



→ 4.690 þ.

VW TOUAREG

Nýskr. 07.2003, 3200cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 52 þ.



→ 3.590 þ.

VOLVO V70 TURBO

Nýskr. 07.2004, 2000cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 28 þ.

bíla B&L
land
notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230



ATRÍÐIÐ AÐ VERÐA KLÁRT Pau Silvía Nótt, Peppe og Romario sýndu góða takta á sviðinu í Grikklandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Silvía fullkomin á sviði

Silvía Nótt fór hnökralaust í gegnum rútínuna sína á síðari æfingunni í O.A.K.A-höllinni í Aþenu í gær, vann salinn á sitt band, eftir að Grikkirnir púðu á hana í byrjun atriðsins. Hún átti slæma fyrri æfingu og æfði því undir handleiðslu Selmu Björnsdóttur strax eftir hana.

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson lagahöfundur var sáttur við frammistöðu dívunnar. „Þetta er Silvía, þetta er það sem hún gerir. Hún gerir mann hræddan stundum en svo býr hún yfir leyndarmáli. Það er eins og hún geti togað í einhverja spotta. Enn er ein æfing eftir og við eigum bara eftir að sjá atriðið verða skemmtilegra.“ Þorvaldur segir atriðið enn vera að þroskast. „Það er alltaf eitt-hvað sem þarf að laga. Hlutir í bakvinnslu og lúkki. Það verður neglt á lokaæfingunni á morgun.“ Silvía lét falska tóna og óánægjuköll Grikkja í höllinni á fyrri æfingunni ekki á sig fá.



DROTTNINGIN Í GRIKKLANDI Smá tíma tók að finna bílinn sem flutti Silvíu á brott. Hún veifar hér eins og drottningin.

Þegar blaðamaður Fréttablaðsins náði í skottið á ofurstjórnunni

var ekki annað að heyra á henni en að æfingin væri eingöngu undanfari þess sem koma skyldi í kvöld. „Æfingin var æðisleg. Hvað sem ég geri er æðislegt. Eg gæti skitið á sviðið og samt unnið keppnina,“ sagði Silvía rétt áður en einkabíreið hennar flutti hana á æfingu með Selmu Björnsdóttur. Gamlir taktar gerðu vart við sig og Silvía hefur greinilega ekki látið mót-lætið fara í taugarnar á sér. „Þau elska mig.“ Spurð af hverju gekk svona illa, þegar hún yfirgaf höllina stuttu eftir atriðið, svaraði hún á íslensku. „Bíddu, er ekki allt í lagi.“ Það eru fyrstu íslensku orð hennar í langan tíma. Silvía svaraði ekki þegar hún var spurð hvort hún væri ennþá veik, en Romario sagði að hún væri með hita. Fjölmargir fylgdust með Silvíu á skjám úr fjölmiðlaherbergi hallarinnar. Menn brostu út í annað og hvöttu hana áfram. Hún hefur



GÓÐ STEMNING Fin stemning var í íslenska hópnum baksviðs og menn vissir um að atriðið smelli þegar mest á reyni.

ekki misst athyglina eða hörðustu aðdáendurna hér í Aþenu, þrátt fyrir skilningsleysi fjölda Grikkja á persónu hennar. Hún er orðin landsfræg hér í Grikklandi og er beðin um eiginhandaráritanir hvert sem hún fer.

RENAULT
VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

www.renault.is

Með bílinn handa þér

Kangoo



Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.540.000

Verð frá kr. 1.236.947 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 23.297

Fjármögnunarleiga kr. 18.712 án vsk.

Trafic



Renault Traffic dci100 dísel

Verð frá kr. 2.330.000

Verð frá kr. 1.871.485 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 35.248

Fjármögnunarleiga kr. 28.311 án vsk.

Master



Renault Master

Verð frá kr. 2.640.000

Verð frá kr. 2.120.048 án vsk.

Fjármögnunarleiga kr. 39.966

Fjármögnunarleiga kr. 32.102 án vsk.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkórðu með 20% útborgun með og án/vsk.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



HIPP HURRA! Á þjóðhátíðardaginn klæðast normenn „bunad“ og skella sér í skrudgöngu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Norsk hátíð

Norðmenn búsettir á Íslandi héldu í gær upp á þjóðhátíðardag sinn, 17. maí, í Reykjavík með pompi og prakt. Þjóðin er þekkt fyrir mikið fjör á þessum degi í heimalandi sínu og þar skipa langar lúðra-veitaraskrudgöngur stærstan sess í hátíðarhöldunum.

Hér á landi hefur dagurinn verið haldinn hátíðlegur síðan 1934 og hefur dagskráin að miklu leyti snúist um það að gleðja börnin. Í gær var að sjálfsgöngu boðið upp á hefðbundna skrudgöngu þar sem Skólahljómsveit Kópavogs sá um tónlistina. Fólk mætti þrúbúið til hátíðarhaldanna þrátt fyrir þungan himin og arkaði frá Norræna húsinu í Dómkirkjunna. Að messu lokinni var aftur farið í Norræna húsið og um kvöldið var boðið upp á veitingar á sumarhúsi Nordmannsaget í Heiðmörk.

Hátíðarhöldin í Noregi gengu einnig vel ef frá er talið dauðsfall í skrudgöngu í Kristianssand. Þar varð einn lúðrarsveitarmaðurinn bráðkvaddur. Hann var 70 ára gamall og hafði spilað með lúðrasveitinni í 60 ár.

Heather og Paul hætt saman

Bítillinn fyrrverandi Sir Paul McCartney og eiginkona hans Heather Mills ætla að skilja eftir fjögurra ára hjónaband. Breska ríkisútvarpið BBC og dagblaðið The Daily Mirror greindu frá þessu í gær.

McCartney og Mills, sem er fyrrverandi fyrirsæta, giftu sig í júní árið 2002 og eignuðust dótturina Beatrice ári síðar. Þau hittust fyrst í kringum góðgerðarstarf Mills sem hún hóf eftir að hafa misst annan fót sinn í mótorkhjólaslysi árið 1993. Hjónaband McCartney og Mills var stormasamt og rifust þau oft. Þjuggu þau hvort í sínu húsi undir það síðasta.

McCartney var kvæntur Lindu

Eastman á árunum 1969 til 1998 þegar hún lést úr brjóstakrabbameini. Var því haldið fram að þau hefðu aðeins sofið hvort í sínu lagi eina nótt á meðan á hjónabandinu stóð.

Eignir McCartney eru metnar á rúma 100 milljarða króna. Mills lét eitt sinn hafa það eftir sér að McCartney hefði neitað boði hennar um að skrifa undir hjónabandsáttmála til að vernda auðæfi sín. Talið er að Mills fái fjórðung eignanna eftir að skilnaðurinn gengur í gegn.

MCCARTNEY OG MILLS Fjögurra ára hjónaband Paul McCartney og fyrirsætunnar fyrrverandi Heather Mills er á enda. MYND/AP



Trommar Mason?

Nick Mason, fyrrverandi trommu-leikari Pink Floyd, verður með Roger Waters, fyrrum forsprakka hljómsveitarinnar, á tónleikum sem haldnir verða í Frakklandi 14. júlí. Einnig er búið að staðfesta að Mason verði á tónleikum Waters í Hyde Park í London.

Verið er að vinna í því að fá Mason til að spila með Waters í Egilshöll hinn 12. júní og eru góðar líkur á að hann komi hingað og trommi þegar platan Dark Side of the Moon verður flutt í heild sinni.

Miðasala á tónleikana fer fram á midi.is, í verslunum Skífunnar í Reykjavík og í BT á Akureyri og Selfossi. Miðaverð er 8.900 á svæði A og 7.900 á svæði B, auk miðagjalds.



ROGER WATERS Fyrrum trommari Pink Floyd mun hugsanlega spila með Waters í Egilshöll 12. júní.

FRÉTTIR AF FÓLKI

París Hilton, hótelfingur og partíljón, lenti í miklum hremmingum á mæðradaginn. Hún var að kaupa gjafir fyrir móður sína og var þeim öllum stolið fyrir utan heimilið hennar. París keypti einungis vörur frá Dior fyrir móður sína, **Kathy Hilton**, og var andvirk þeirra tæp milljón íslenskra króna.



Hilton er nýbúin að fá hlutverk í nýrri rómantískri gamanmynd sem kallast „Hottie and the Nobbie“ en fyrirsætan þreytti frumraun sína á hvíta tjaldinu í myndinni „House of Wax“ sem frumsýnd var á síðasta ári.

Nicole Kidman hefur nú gert trúlofun sína við tónlistarmanninn **Keith Urban** opinbera. Þau mættu saman á góðgerðarkvöldverð á vegum UNIFEM-samtakanna og bar Kidman hring á fingri sér. Hún staðfesti trúlofunina einnig við blaðamenn og sagði að hún hefði aldrei annars komið í fylgd kærasta á svona viðburð. Leikkonan fagra var áður gift leikaranum **Tom Cruise** og eiga þau saman tvö ættleidd börn.

Söngvarinn og hjartaknúsarinn **Robbie Williams** ætla að stofna sértrúarflokk tileinkaðan geimverum. Segist hann dreyma um geimverur á hverri nóttu og er hann með kenningu þess eðlis að þær séu á leiðinni til að bjarga jörðinni frá náttúruhamförum. Ekki hefur söngvarinn þó tíma til að helga sig geimverum eins og er því hann er nýbúinn að ganga til liðs við gömlu félagana í Take That sem eru á tónleikaferðalagi um Bretland í sumar.

Hollywood-leikararnir Ewan McGregor og **Colin Farrell** hafa báðir samþykkt að leika í nýjustu mynd **Woody Allen**. Í myndinni, sem enn hefur ekki fengið neinn titil, leika Farrell og McGregor bræður sem snúast gegn hvor öðrum og verða óvinir. Farrell sóttist mjög eftir því að fá að leika tónlistarsnillinginn **Bob Dylan** í mynd sem byggð verður á ævi Dylans en varð að sjá eftir því hlutverki til Heath Ledger.



speedo

NÝJAR VÖRUR FRÁ SPEEDO

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

Nýtt í bíó

„Mission: Impossible III byrjar sumarið með pomp og prakt og inniheldur allt sem góður sumarsmellur hefur uppi að bjóða, þrálgóðan hasar og fantagóða skemmtun.“
 ★ ★ ★ ★ 1/2
 - S.U.S. XFM

M:I-III
 AGGERDIN ER HAFIN
FYRSTA STÓRMYND SUMARSINS ER KOMIN!

CRY WOLF
 ÚLFUR... ÚLFUR...
 ENGIN TRÚIR LYCARA - ÞÓTT HANN SEGI SATT!
 ÞAU BJUGGU TIL MORÐINGJA SEM SNERIST GEGN ÞEIM...!
 MAGNADUR SPENNUTYLLIR SEM FÆR HÁRIN TIL AÐ RÍSA!
 VÍSIR

BANDIDAS
 EFTIRSOFTUSTU BANKARÆNINGJAR VILTJA VESTURSINS ERU MÆTTIR
 FRÁBÆR GRÍNSPENNUMYND FRÁ SNILLINGNUM LUC BESSON

RAUDHETTA
 SÝND MEB ISLENSKU OG ENSKU TALI
 Birgitta Haukdal fer á kostum sem Raudhetta í íslensku talsetningunni

THE DA VINCI CODE
 FRUMSÝNING Á MORGUN!
 FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA Í FULLUM GANGI
 HEIMSRUMSÝND 19. MAÍ · NÁNAR Á BIO.IS

THE HILLS HAVE EYES
 ★ ★ ★ ★
 - SV - MBL
 - O.O.H. - DV
 - LIB. - TOPPS.IS
 STRANGLAGA BÓNHUÐ INNAN 16 ÁRA DYRAVERÐUR YÐ SALINNI!

ISÓLD 2
 ★ ★ ★ ★
 - JVP Blaðið
 - VJV, Topp5.is
STARSTA MYND ÁRSINS
 SÝND MEB ISLENSKU OG ENSKU TALI

PRIME
 500 KR.

INSIDE MAN
 ★ ★ ★ ★
 - SV, MBL
 - LIB, Topp5.is

LUCKY NUMBER SLEVIN
 ★ ★ ★ ★
 - LIB, Topp5.is

SMÁRA BÍÓ	REGNBÖGINN	LAUGARAS BÍÓ
SÍMI 564 0000	SÍMI 551 9000	SÍMI 462 3500
MISSION IMPOSSIBLE 3 kl. 6, 9 og 11 B.I. 14 ÁRA	BANDIDAS kl. 6, 8 og 10 B.I. 10 ÁRA	CRY WOLF kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
M:I-3 SÝND Í LÚXUS kl. 6 og 9	CRY WOLF kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA	SKROLLA & SKELFIR Á SALTKRÁKU kl. 6
CRY WOLF kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA	RAUDHETTA M/ENSKU TALI kl. 6, 8 og 10	INSIDE MAN kl. 8 B.I. 16 ÁRA SÍDASTA SÝNING
RAUDHETTA M/ENSKU TALI kl. 4, 6 og 8	RAUDHETTA M/ISLENSKU TALI kl. 6	RAUDHETTA M/ISL. TALI kl. 6
RAUDHETTA M/ISLENSKU TALI kl. 4 og 6	PRIME kl. 5.45 og 8	LUCKY NUMBER SLEVIN kl. 10.20 B.I. 16 ÁRA SÍDASTA SÝN.
PRIME kl. 8	THE HILLS HAVE EYES kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA	
THE HILLS HAVE EYES kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA		
ICE AGE 2 M/ENSKU TALI kl. 4		
ISÓLD 2 M/ISLENSKU TALI kl. 4 og 6		

400 kr. í bíó!
 Eldir á allar stígarir í Regnboginn markar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓJS - allt á einum stað

www.laugarasbio.is

Gómsætt og krúttlegt Tuttugu lög tilbúin til upptöku

TÓNLIST

UMFJÖLLUN

Tónleika yfirkrúttisins Joönnu Newsom hafði verið beðið með mikilli eftirvænting enda forvitnilegur viðborður hér á ferð. Fyrst á fjalar Frikirkjunnar steig Slowblow og virtist hljómsveitin njóta sín vel með fjóra strengja-hljóðfæraleikara í lágstemmdri kirkjunni. Skilaði sveitin sínu verki vel þrátt fyrir að hafa stoppað stutt við.



JOANNA NEWSOM, SMOG OG SLOWBLOW TÓNLEIKAR Í FRÍKIRKJUNNI

Joanna Newsom spilaði bæði af alúð og krafti, hélt vel athygli fólks en leyfði því einnig að slaka á. Minnisstæðir tónleikar og upphitunaratriði Smog var auka rúsína í miðju pylsunnar.

sátu aftast áttu því margir hverjir erfitt með að berja tónlistarmennina augum, sem er alltaf þínu leiðinlegt. Í orðinu tónleikar eru gert ráð fyrir tvennu, tónum og leik. Tónlistin skiptir að sjálf-sögðu mestu máli en túlkun flytjanda, hreyfingar og innlifun gegna einnig veigamiklu hlutverki.

Túlkun Joönnu var nefnilega hreint út sagt mögnuð, þar sem hún sat og plokkaði hörpuna af mikilli ákefð. Í leiðinni söng hún með öllum sínum blæbrigðum sem erfitt er að útskýra, barnsleg en á tímum nokkuð ásækin. Saman náðu hin sérstaka rödd Joönnu og einbeittur hljóðfæraleikur hennar að dáleidda tónleikagesti. Eitt laganna hét Peach, Plum, Pear og var í senn losta-fullt, angurvært og framsækið. Mörg önnur lög Joönnu voru einnig í þeim dúr. Uppklappslagið hennar var þó sérstaklega afslappað þar sem rödd Joönnu rann ljúft í gegn.

Tónleikarnir voru ekki langdregnir þrátt fyrir að hafa staðið yfir í samtals um þrjú klukkutíma enda var dagskráin vegleg og gómsætt. Joanna stóð að sjálf-sögðu upp úr en Smog sá svo sannarlega um að lyfta tónleikunum upp á enn hærra plan. Ekkert annað en yndisleg upplifun á sjarmerandi tónleikastað.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Lítið hefur heyrst frá rokk sveitinni Mínus síðustu mánuði. Mínus gaf út verðlaunaplötuna Halldór Laxness árið 2003 og var dugleg við tónleikahalð í kjölfarið. Síðustu misseri hafa þeir Krummi, Frosti og félagar hins vegar haldið sig til hlés og samið nýtt efni auk þess að semja tónlistina fyrir kvikmyndina Strákarnir okkar í félagi við Barða Jóhannsson.

„Það eru tuttugu lög tilbúin og við erum bara að bíða með að taka þau upp,“ segir Frosti Logason, gítarleikari Mínus. „Við erum þessa dagana að leita okkur að upptökustjóra, við munum ekki vinna þessa plötu með Bibba, svo við erum að svipast um eftir rétta manninn,“ segir Frosti, sem telur allt eins líklegt að erlendur upptökustjóri verði fyrir valinu. Ekki hefur verið ákveðið hvenær næsta plata sveitarinnar kemur út.

MÍNUS Leitar að upptökustjóra fyrir næstu plötu sína.



KEIRA KNIGHTLEY Hefur gengið til liðs við Kabbalah-söfnuðinn en þar hittir hún meðal annars fyrir Madonna.

Knightley í Kabbalah

Breska leikkonan Keira Knightley er gengin til liðs við hinn umdeilda söfnuð Kabbalah. Leikkonan hefur sést opinberlega með þrjónað rautt armband sem verndar safnaðarmeðlimi frá hinu illa auga. Knightley leikur í Dead Man's Chest sem er framhaldsmynd af Pirates of the Caribbean en henni hefur verið spáð miklum vinsældum í sumar. Knightley hefur oft og mörgum sinnum kvartað undan ágangi fjölmiðla enda hefur leið hennar upp á stjörnuhimininn verið lygileg síðan Knightley sló í gegn í kvikmyndinni Bend í like Beckham. Knightley virðist því þarna hafa fundið sér einhvern gríðastað en þekktar leikkonur á borð við Demi Moore og Elizabeth Taylor eru safnaðarmeðlimir. Poppdrottningin Madonna er þó vafalítið ötulasti talsmaður safnaðarins en hún þreytist seint á að mæra þessa fornu gyðingatrú.



Havnevik í Höllinni

Norska söngkonan Kate Havnevik hefur bæst í hóp þeirra sem munu koma fram á tónlistarhátíðinni Reykjavík rokkar sem fer fram í Laugardalshöll dagana 29. júní til 1. júlí. Mun Kate koma fram ásamt David Gray, Ampop og Hjalmmum hinn 1. júlí.

Kate hefur meðal annars unnið mikið með norsku sveitinni Röyksopp og samdi með henni tvö lög á plötunni The Understanding. Fyrsta plata Kate, Mel-anhton, kom nýverið út erlendis og hefur hlotið mjög góðar undirtektir. Hér heima kemur hún út um miðjan júní.

Á meðal gesta á plötunni er María Huld úr Amiinu, Valgeir Sigurðsson og Guy

Sigsworth sem hefur meðal annars unnið með Björk og Madonna. Lög Kate hafa verið notuð í sjónvarpsþáttum eins og Grey's Anatomy, The O.C. og The West Wing og því ljóst að hér er á ferð rísandi stjarna.

Rétt áður en Kate kemur hingað til að spila með átta strengja-leikurum og hljómsveit mun hún hita upp fyrir Sigur Rós á tónleikum í Oslo Spektrum þriðjudaginn 27. júní.

Forsala miða á Reykjavík rokkar hefst á fimmtudag kl. 11 í verslunum Skifunnar, BT Akureyri og Selfossi og á midi.is.

KATE HAVNEVIK Norska söngkonan kemur fram á tónlistarhátíðinni Reykjavík rokkar.

Benford á Sirkus

Danstónlistarmaðurinn Douglas Benford mun þeyta skífum á Sirkus í kvöld. Á morgun klukkan 17.30 verður hann síðan í Smekkleysubúðinni.



DOUGLAS BENFORD Danstónlistarmaðurinn Douglas Benford þeytir skífum á Sirkus í kvöld.

Benford hefur meðal annars gefið út sjö plötur undir nafninu SI-CUT.DB síðastliðin fimmtán ár. Benford, sem býr í London, hefur á farsælum ferli sínum unnið með St. Etienne, Scanner og Granny og gefið út á vegum Warp og Ministry of Sound.



HJÁLMMUR Spila með Ampop, Kate Havnevik og David Gray.

<p>FRUMSÝNING</p> <p>TIM ALLEN</p>  <p>SHAGGY DOG</p> <p>Tim Allen (The Santa Clause/Toy Story) skiptir um ham í grívoliðburði ársins. Fráber fjölskylduskemmtun frá Walt Disney</p> <p>ÁLFABAKKA</p> <table border="1"> <tr><td>THE SHAGGY DOG</td><td>KL. 3:40-5:50-8:30-10:40</td><td></td></tr> <tr><td>MISSION IMPOSSIBLE 3</td><td>KL. 3:30-6-8-10:40</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>MISSION IMPOSSIBLE 3 VIP</td><td>KL. 5:30-8-10:30</td><td></td></tr> <tr><td>SCARY MOVIE 4</td><td>KL. 4-6-8-10:10</td><td>B.I. 10</td></tr> <tr><td>FAILURE TO LAUNCH</td><td>KL. 4-6-8-10:10</td><td></td></tr> <tr><td>FIREWALL</td><td>KL. 6-8:15-10:40</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>LASSIE</td><td>KL. 4</td><td></td></tr> </table> <p>ÁLFABAKKI S: 587-8900</p>	THE SHAGGY DOG	KL. 3:40-5:50-8:30-10:40		MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 3:30-6-8-10:40	B.I. 14	MISSION IMPOSSIBLE 3 VIP	KL. 5:30-8-10:30		SCARY MOVIE 4	KL. 4-6-8-10:10	B.I. 10	FAILURE TO LAUNCH	KL. 4-6-8-10:10		FIREWALL	KL. 6-8:15-10:40	B.I. 16	LASSIE	KL. 4		<p>VIP</p>  <p>FRÁ J.J. ABRAMS, HÖFUNDI ALIAS OG LOSTI</p> <p>MISSION IMPOSSIBLE 3</p> <p>ABGERÐIN ER HAFIN</p> <p>V.J. TOPPIS</p> <p>H.S. FRETTLABÍÓ J.P.R. BÍÓ</p> <p>KEFLAVÍK</p> <table border="1"> <tr><td>THE SHAGGY DOG</td><td>KL. 8-10</td><td></td></tr> <tr><td>MISSION IMPOSSIBLE 3</td><td>KL. 8-10:20</td><td>B.I. 14</td></tr> </table> <p>AKUREYRI</p> <table border="1"> <tr><td>THE SHAGGY DOG</td><td>KL. 8</td><td></td></tr> <tr><td>MISSION IMPOSSIBLE 3</td><td>KL. 8-10:20</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>SCARY MOVIE 4</td><td>KL. 10</td><td>B.I. 10</td></tr> </table> <p>AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170</p>	THE SHAGGY DOG	KL. 8-10		MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 8-10:20	B.I. 14	THE SHAGGY DOG	KL. 8		MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 8-10:20	B.I. 14	SCARY MOVIE 4	KL. 10	B.I. 10	<p>Fjórir og síðastir á milli af þrileiknum</p>  <p>SCARY MOVIE 4</p> <p>Þú færð samtök sem þú hefur alltaf óskað eftir!</p> <p>KRINGLUNNI</p> <table border="1"> <tr><td>MISSION IMPOSSIBLE 3</td><td>KL. 5:30-8-10:40</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>SYND Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ</td><td></td><td></td></tr> <tr><td>THE SHAGGY DOG</td><td>KL. 5:50-8-10:10</td><td></td></tr> <tr><td>THE INSIDE MAN</td><td>KL. 5:30-8-10:40</td><td>B.I. 16</td></tr> </table> <p>THE DA VINCI CODE</p> <p>FORSALAN Á THE DA VINCI CODE ER Í GANGI!</p> <p>KRINGLAN S: 588-0800</p>	MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 5:30-8-10:40	B.I. 14	SYND Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ			THE SHAGGY DOG	KL. 5:50-8-10:10		THE INSIDE MAN	KL. 5:30-8-10:40	B.I. 16	 <p>FRÁ J.J. ABRAMS, HÖFUNDI ALIAS OG LOSTI</p> <p>MISSION IMPOSSIBLE 3</p> <p>ABGERÐIN ER HAFIN</p> <p>TIM ALLEN</p>  <p>SHAGGY DOG</p> <p>HÁSKÓLABÍÓ</p> <table border="1"> <tr><td>THE SHAGGY DOG</td><td>KL. 6-8-10</td><td></td></tr> <tr><td>MISSION IMPOSSIBLE 3</td><td>KL. 6-8-10</td><td>B.I. 14</td></tr> <tr><td>SCARY MOVIE 4</td><td>KL. 6</td><td>B.I. 10</td></tr> <tr><td>FIREWALL</td><td>KL. 8:10</td><td>B.I. 16</td></tr> <tr><td>V FOR VENDETTA</td><td>KL. 5:40</td><td>B.I. 16</td></tr> </table> <p>KVIKMYNDAKLÚBBUR ALLIANCE FRANCAISE</p> <p>LE COUPERET (ÖXIN) KL. 10:20</p> <p>HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919</p>	THE SHAGGY DOG	KL. 6-8-10		MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 6-8-10	B.I. 14	SCARY MOVIE 4	KL. 6	B.I. 10	FIREWALL	KL. 8:10	B.I. 16	V FOR VENDETTA	KL. 5:40	B.I. 16
THE SHAGGY DOG	KL. 3:40-5:50-8:30-10:40																																																																	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 3:30-6-8-10:40	B.I. 14																																																																
MISSION IMPOSSIBLE 3 VIP	KL. 5:30-8-10:30																																																																	
SCARY MOVIE 4	KL. 4-6-8-10:10	B.I. 10																																																																
FAILURE TO LAUNCH	KL. 4-6-8-10:10																																																																	
FIREWALL	KL. 6-8:15-10:40	B.I. 16																																																																
LASSIE	KL. 4																																																																	
THE SHAGGY DOG	KL. 8-10																																																																	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 8-10:20	B.I. 14																																																																
THE SHAGGY DOG	KL. 8																																																																	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 8-10:20	B.I. 14																																																																
SCARY MOVIE 4	KL. 10	B.I. 10																																																																
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 5:30-8-10:40	B.I. 14																																																																
SYND Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ																																																																		
THE SHAGGY DOG	KL. 5:50-8-10:10																																																																	
THE INSIDE MAN	KL. 5:30-8-10:40	B.I. 16																																																																
THE SHAGGY DOG	KL. 6-8-10																																																																	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 6-8-10	B.I. 14																																																																
SCARY MOVIE 4	KL. 6	B.I. 10																																																																
FIREWALL	KL. 8:10	B.I. 16																																																																
V FOR VENDETTA	KL. 5:40	B.I. 16																																																																

Fyrsta plata Morðingjanna

Pönksveitin Morðingjarnir hefur sent frá sér sína fyrstu plötu. Hún heitir Í götunni minni og hefur að geyma tólf lög sem Morðingjarnir hljóðrituðu síðasta haust í Væðustofunni. Dreifing er í höndum 12 Tóna.

Morðingjana skipa þeir Atli Erlendsson, sem spilar á bassa, Haukur Viðar Alfreðsson gítarleikari og söngvari, og Helgi Pétur Hannesson lemur húðir. Allir eru þeir fyrrum liðsmenn Dáðadrengja, sem vann Músíktilraunir Tónabæjar fyrir þremur árum.

Hljómsveitin Morðingjarnir var stofnuð í júlí í fyrra þrátt fyrir að drögin að henni höfðu verið lögð löngu áður. „Við fórum út í pönkið vegna þess að enginn af okkur hlustaði á pönk að neinu ráði. Við fórum að tékka á því og okkur fannst það svo skemmtilegt að við ákváðum að þarna væri komin prýðisgóð afsökun fyrir því að stofna hljómsveit,“ segir Haukur Viðar. „Það er líka svo auðvelt að spila pönk að við ákváðum bara að gera það, enda kunnum við ekki að spila þungarokk.“

Að sögn Hauks ætluðu þeir félagar fyrst að taka plötuna upp lifandi í einum rykk. „Við ætluðum að gera þetta fyrir okkur en síðan vatt þetta upp á sig og við ákváðum að fara í stúdíó og vorum farnir að hugsa um að gefa út.



MORÐINGJARNIR Pönksveitin Morðingjarnir hefur gefið út sína fyrstu plötu, sem ber heitið Í götunni heima.

Þetta ferli fór lengra en það átti að gera upphaflega,“ segir hann.

Morðingjarnir hafa verið iðnir við tónleikahald síðustu mánuði og munu halda því áfram samhliða

útgáfunni. Útgáfutónleikar vegna nýju plötunnar verða haldnir þann 27. maí á Grandrokki. Einnig munu Innvortis og Hölt hóra koma fram.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leik- og söngkonan Jennifer Lopez er ekki kona einsömul ef marka má fréttir bandaríska slúðurtímaritsins In Touch. Orðrómurinn fór af stað þegar Lopez aflýsti tónleikaferð sinni án nokkurra skýringa. Samkvæmt heimildum In Touch er Lopez komin

þrjá mánuði á leið og talnaglöggir spekingar hafa því reiknað það út að barnið komi í heiminn um jólin. Lopez er gift leikaranum Marc Anthony en þetta yrði hennar fyrsta barn.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild



Laganám í Háskóla Íslands: Metnaður, gæði og árangur.

Allar upplýsingar í síma 525 4386 og á www.hi.is. Umsóknarfrestur er til 6. júní.

Zappa Plays Zappa farin af stað

Tónleikaferðin Zappa Plays Zappa, þar sem lög hins látna tónlistarmanns Frank Zappa eru flutt, er hafin.

Fyrstu tónleikarnir voru haldnir í Heineken Music Hall í Amsterdam á mánudagskvöld. Eftir þessa tónleika tekur við ferð um alla Evrópu og lýkur henni á Íslandi með tónleikum hinn 9. júní.

Tónleikarnir í Amsterdam tókust vel og komust færri að en vildu. Frank Zappa átti það til að halda mjög langa tónleika og hefur Dweezil sonur hans erfð þann eiginleika frá föður sínum því tónleikarnir stóðu yfir í rúma þrjá tíma. Þótti gítarleikarinn Steve Vai meðal annars fara á kostum.

Miðasala á tónleikana Zappa Plays Zappa í Laugardalshöll fer fram í Máli og menningu Laugavegi, Pennanum á Akureyri, Hljóðhúsinu á Selfossi, Hljómvali í Keflavík, Tónspili í Neskaupstað og á citycentre.is. Miðaverð er 4.900 kr. í stæði og 5.900 í sæti.



FRÁ TÓNLEIKUNUM Gítarleikarinn þekkti, Steve Vai þótti fara á kostum á tónleikum í Amsterdam.

gefðu þér godan tíma

– bruggaður úr íslensku byggi

léttbjór



Ísland nálgast 100. sætið

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er komið niður í sæti númer 99 á styrkleikalista FIFA. Liðið heldur áfram að hríðfalla niður listann, en Ísland hefur fallið um tvö sæti frá aprílmánuði og sjó sæti á þessu ári.

sport
sport@frettabladid.is

VALSMENN SKAMMAST SÍN FYRIR UMGJÖRÐINA HJÁ STELPUNUM: SKULDINNI SKELT Á MISSKILNING

Kvennalið Vals beðið afsökunar

Fréttablaðið greindi í gær frá skammtarlegri umgjörð Valsmanna í kringum leik kvennaliðs félagsins og Stjórnunar á Valbjarnarvelli en í stuttu máli voru engir starfsmenn frá félaginu klárir fyrir leik, engin vallarklukkan var til staðar, réttur bolti var heldur ekki á staðnum og svona mætti lengi telja. „Við erum ekki á heimavelli lengur og aðstöðuleysið er að há okkur. Við lentum í hremmingum með skiltin okkar sem fóru á vitlausan stað og svo var einhver mis- skilningur með sjálfbóðaliðana. Þetta er afsökun en samt ekki góð,“ sagði Pétur Stefánsson, framkvæmdastjóri knattspyrnuedeildar

Vals. „Okkur þykir ekki skemmtilegt að hafa byrjað tímabilið svona hjá stelpunum. Auðvitað er þetta ekki boðlegt. Þetta mun ekki koma fyrir aftur og verður búið að laga fyrir næsta leik. Þetta er dónaskapur í okkur í garð allra þeirra sem koma að leikjunum. Við erum búinir að biðja stelpurnar afsökunar í gegnum meistaraflokksráð kvenna.“

Eins og málið væri ekki nógu neyðarlegt fyrir Val ráku glöggir lesendur valur.is augun í að á heimasíðu félagsins sama dag og leikurinn fór fram var Valur að auglýsa eftir sjálfbóðaliðum á heimaleiki karlaliðsins. Ekki var minnst á að

vantaði sjálfbóðaliða hjá kvennaliðinu en eins og segir að framan var ekki einn starfsmaður til taks í upphafi leiks. „Við erum með nægt fólk í kvennastarf- inu og það er meira umstang í kringum karlaleikina og þess vegna vorum við að óska eftir fólk í kringum karlaleik- ina,“ sagði Þurý Björk Björgvínsdóttir, formaður heimaleikjanefndar Vals, spurð af hverju ekki var auglýst eftir fólk á kvennaleikina. Eðlileg spurning í ljósi þessa svars er hvar þetta fólk var eigin- lega á þriðjudag? „Þetta voru í raun bara mistök því við eigum fólk til að sinna þessum leikjum. Það varð misskilning- ur sem leiddi til þessara mistaka. Við höldum að ákveðið fólk ætlaði að mæta sem síðan mætti ekki. Þetta kemur ekki fyrir aftur.“

> Arnór á leið í bæinn?

Hinn 18 ára gamli hornamaður Þórs og einn allra efnilegasti leikmaður DHL- deildarinnar, Arnór Þór Gunnarsson, er hugsanlega á förum frá félaginu og á leið í bæinn.

Arnór stundar nám á Akureyri sem hann getur aðeins klárað á höfuðborgar- svæðinu og er það því í raun ekki spurning hvort heldur hvenær hann flytur suður. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þrjú lið borið viðvarnar í Arnór, þar á meðal Valur og Íslandsmeistarar Fram, en hann á eitt ár eftir af samningi sínum við norðanliðið. Arnór var langmarka- hæsti leikmaður Þórs í vetur með 172 mörk í 25 leikjum.



Í STJÖRNUNA? Haraldur er hér ásamt Kjartani Ragnarssyni, formanni handknattleiksdeildar Fram, er hann gekk í raðir Framara.

Miklar hræringar í handboltanum síðustu daga:

Haraldur á leið til Stjórnunnar?

HANDBOLTI Spurningar hafa vaknað um framtíð línumannsins Haraldar Þorvarðarsonar hjá Íslands- meisturum Fram eftir að Einar Ingi Hrafnsson gekk til liðs við félagið úr Aftureldingu. Sú saga hefur gengið að Haraldur sé á óskalista Stjórnunnar úr Garðabæ en sjálfur segist Haraldur ekki hafa heyrt frá Stjórnnumnum þó hann hafi heyrt þennan orðrom um að liðið hafi áhuga á honum.

„Ég er samningslaus en stefni á að vera áfram hjá Fram. Það er fínt að hafa samkeppni og svo

verður gríðarlegt álag vegna Meistaradeildarinnar. Það eru spennandi verkefni fram undan hjá Fram en ég neita því ekki að ef lið munu hafa samband við mig mun ég skoða það,“ sagði Haraldur.

Þorsteinn Rafn Johnsen, formaður Stjórnunnar, vildi ekkert tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær en sagði að markmið næsta vetrar væru skýr. „Við ætlum að vinna deildina,“ sagði Þorsteinn.

- egm

Vildum hætta á toppnum

Þeir Stefán Arnaldsson og Gunnar Viðarsson hafa ákveðið að leggja dómara- flautuna á hilluna. Félagarnir hafa verið meðal bestu dómaraþara heims undanfarið ár og er ákvörðunin mikið áfall fyrir íslenskan handbolta.

HANDBOLTI Stefán og Gunnar hafa dæmt ógrynni leikja, bæði hér heima og erlendis. Eftir að hafa dæmt í mörg ár mynduðu þeir eitt besta dómaraþara í heimi þegar þeir tóku saman árið 1999 og hafa allar gótar þá dæmt leiki í Evrópukeppnum, á Heims- og Evrópumótum sem og á Ólympíuleikum í Aþenu árið 2004.

„Þetta markar ákveðin tíma- mót en ákvörðunin átti sér eðlilegan aðdraganda, það hlaut að koma að þessu fyrr en síðar. Við erum búnir að dæma nánast allt sem hægt er að dæma og því fer þetta að renna alltaf í sama farinu. Þetta starf útheimtir ótrúlega mikla vinnu og fjarveru frá fjölskyld- unni. Þetta er orðið gott í bili,“ sagði Stefán við Fréttablaðið í gær.

„Við vildum hætta á toppnum, ef svo má segja, áður en við förum að síga til baka. Þannig viljum við ekki láta minnst okkar. Við kveðjum mjög sáttir og þetta hefur verið stórkostlegur tími. Það er hægt að segja að það séu forrétt- indir að fá að vera svona lengi á meðal þeirra bestu,“ sagði Stefán sem þurfti að hugsa sig vandlega um áður en hann tók út það besta úr ferlinum.

„Það er mjög erfitt að draga eitthvað eitt út úr öllum þeim stór- leikjum sem við höfum dæmt. Það er gömul og ný klisja að Ólympíu- leikarnir séu alltaf stærsta mótið, og það gæti staðið upp úr. Það var mjög gaman að fá að dæma í Aþenu, ég hefði alls ekki viljað missa af því tækifæri,“ sagði Stefán, sem segir að þeir hafi lent í mörgum skrautlegum atvikum.

„Það sem við minnumst einna helst er að þegar við vorum að dæma á móti í Kína. Þegar við rákum menn útá í tvær mínútur



GUNNAR VIÐARSSON OG STEFÁN ARNALDSSON Besta dómaraþara landsins, og eitt það besta í heimi, hefur ákveðið að hætta. Þeir félagar sjást hér að störfum á Ólympíuleikum í Aþenu árið 2004.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

stilltu þeir sér upp fyrir framan okkur, hneigðu sig og báðust afsökunar á ensku. Það var ansi skrautlegt og eitthvað annað en það sem maður heyrir aðeins oftar, þetta kom okkur algjörlega í opna skjöldu,“ sagði Stefán.

Handboltaunnendur á Íslandi kvarta mikið yfir dómargæslunni á leikjum en mjög fáir dómaraþara eru til staðar. Stefán hefur áhyggjur af þessari þróun. „Dómargæslunni hefur fleytt lítið fram enda er endurnýjunin lítil. Það vantar dóm- ara til starfa auk þess sem vinnu- umhverfið og viðhorfið mætti klár-



lega vera betra,“ sagði Stefán, sem vonast til allsherjarátaks hvað handboltinn á Íslandi varðar.

„Það þurfa allir að leggjast á eitt við til að lyfta handboltanum í heild sinni upp á herra plan, og þá kemur dómargæslan að sjálfsögðu með. Þeir sem eru í forsvari fyrir handboltahreyfinguna þurfa að taka á málinu. Það væri til dæmis hægt að markaðssetja þetta alveg upp á nýtt en það þarf að finna ein- hverjar leiðir. Handboltnn er að verða undir samanborið við aðrar íþróttir,“ sagði Stefán Arnaldsson.

hjaltil@frettabladid.is

Framarar byrjaðir að versla fyrir kvennaliðið:

Matuzeviciute í raðir Fram

HANDBOLTI Fram fer mikinn á leikmannamarkaðnum þessa dagana og eftir stöðugar fréttir af karlaliði félagsins er stjórinn farin að vinna í kvennaliðinu og fyrsti leikmaðurinn, og tæplega

sá síðasti, sem liðið fær fyrir næsta tímabil er markvörðurinn Kristina Matuzeviciute sem leikið hefur með Haukum síðustu ár. Hún gerði tveggja ára samning við félagið.

- hbg

OPNA BLÁA LÓNIS MÓTIÐ
Laugardaginn 20. maí 2006.
Hámarks fargi: karlar 24, konur 28.
Þrjár keppnir í einu mót, höggleikur með og án fargi, og punktkeppni

Verðlaun: í öllum flokkum
1. sæti: Flugfararbil fyrir tvo til Evrópu.
2. sæti: Flugfararbil fyrir einn til Evrópu.
3. sæti: Vörubrétt.

Nándarverðlaun:
6.3, 8, 13, og 16. braut. Vörubrétt.
Alla keppendur fá teiggiöfl.

Ræst verður út frá kl. 8:00 – 15:00
Skráning á golf.is og í síma 421-4103

ICELANDAIR BLUE LAGOON ICELAND GS

MESTA ÚRVAL LANDSINS
AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM

VIÐ TÖKUM VAGNINN ÞINN STRAX UPPÍ NÝJAN GÆÐI OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!

ARNAR KRISTÍN
www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720

Leikur Vals og FH um helgina:

Mafían mætir á eðalvögnum

FÓTBOLTI Stuðningsmenn FH eru fyrir löngu orðnir þekktir fyrir að vera þeir bestu á landinu. Kjarninn í hópi þeirra er stuðningsmannaklúbbur liðsins sem kallar sig Mafíuna. Þeir ætla nú að toppa sjálfa sig á sunnudaginn þegar FH heimsækir Valsmenn á Laugardalsvelli klukkan 20.00.

Mafían hefur leigt fjóra eðalvagna sem hún ætlar að fylla af fólk og mæta með stæl á þjóðar- leikvanginn. Tveir eðalvagn- anna verða svartir og tveir hvítir og ætla Mafían að merkja þá FH í bak og fyrir. Meðal annars mun fáni Mafíunnar blakta á húddum bílanna og verður vænt-



STUÐNINGSMENN FH Ætla að hvetja lið sitt áfram sem aldrei fyrr á sunnudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖDDI

anlega mikil stemning hjá Mafíunni fyrir leikinn. - hþ



STUÐNINGSMENN JUVENTUS Ekki kátir með stöðu mála enda gætu þeir þurft að fylgja liði sínu á leiki í neðri deildunum á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Juventus horfir fram á harðar refsingar:

Juventus gæti verið dæmt niður úr efstu deild

FÓTBOLTI Ítalíumeistarar Juventus eru í verri málum en sýndist í fyrstu. Ekki nóg með að orðspor félagsins hafi beðið hnekki heldur gæti félagið nú verið dæmt niður um deild, sem myndi kosta félagið 120 milljónir evra auk þess sem megnið af leikmönnum liðsins myndi væntanlega fara.

Eftir að upptökur á milli Moggi og Pierlugi Pairetto, starfsmanns ítalska knattspyrnusambandsins, láku út varð fjandinn laus. Pairetto er ábyrgur fyrir því að velja dómara á leiki í Serie A deildinni og ræddu þeir saman um hvaða dómara ættu að vera á leikjum Juventus; Moggi setti fram sínar óskir sem vitanlega rættust. Símtölin voru hleruð og tekin upp. Þegar upptökunum var lekið í fjölmiðla fór málið að vinda upp á sig.

Juventus hefur nú boðað til neyðarfundar á morgun þar sem allir stærstu hluthafarnir verða

kallaðir saman til að ræða framtíð félagsins. Þar sem öll stjórnin hefur sagt af sér mun Carlo Sant'Albano, stjórnarformaður Ifil, stærsta hluthafans í Juventus, taka að sér að stjórna hlutunum á fundinum.

Hlutabréf í Juventus hafa tekið stóra dýfu eftir atburðarásina en þau hafa fallið um 40 prósent og því hefur markaðsgildi félagsins lækkað um 109 milljónir Evra. Ifil á 62 prósent í Juventus og því hefur fyrirtækið tapað miklum fjármunum.

Þrátt fyrir allt hefur Fabio Capello, stjóri liðsins, gefið loford um að fara ekki en hann hefur verið orðaður við mörg lið, þá sér í lagi Real Madrid. „Ég sé enga ástæðu til að fara þaðan sem mér líður vel. Ég ætla að vera áfram hjá Juventus, ég er orðinn mjög tengdur félaginu og tel mig heppinn að fá að stýra liðinu,“ sagði Capello. - hph



Frí sólgleraugu

í þínum styrkleika (gler og umgjörð) ef þú kaupir gleraugu með styrkleika hjá okkur.



augastaður

færir þér nýja sýn!

Gjáin, Kópavogi • JI-húsið, Hringbraut, Reykjavík • Apótekarinn, Akureyri

EIGUM ALLTAF



Klettháls

VW Golf Highline 4Motion 2.0

beinsk. árg. 03 ek. 52.000
verð áður 1.690.000 kr. verð 1.390.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **21.218 kr.** í 60 mán.*




Klettháls

VW Passat 1.8T

beinsk. árg. 01 ek. 88.000
verð 1.350.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **32.749 kr.** í 36 mán.*



Klettháls

VW Golf Sportline 2.0

sjálfsk. árg. 05 ek. 3.000
verð 2.850.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **34.339 kr.** í 78 mán.*



Klettháls

VW Bora Highline 1.6

beinsk. árg. 05 ek. 10.000
verð 1.790.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **21.591 kr.** í 78 mán.*



Klettháls

VW Golf Highline 4Motion 2.0

beinsk. árg. 03 ek. 143.000
verð 1.190.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **18.177 kr.** í 60 mán.*




Klettháls

VW Bora Highline 1.6

beinsk. árg. 03 ek. 41.000
verð 1.450.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **22.131 kr.** í 60 mán.*



Klettháls

VW Passat 2.0

sjálfsk. árg. 04 ek. 18.000
verð 2.290.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **29.631 kr.** í 72 mán.*



Klettháls

VW Bora Highline 1.6

beinsk. árg. 02 ek. 56.000
verð 1.330.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **22.207 kr.** í 60 mán.*

Bílaþing Heklu er rétti staðurinn til að finna góðan notaðan Volkswagen

590 5760



Opið mánudaga til föstudaga 10-18 • Laugardaga 12-16

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Kylfingum kennt að horfa á golf

Golfsamband Íslands undirritaði í vikunni samning við KB banka um að mótarið sambandsins muni í sumar heita KB banka mótarið. Stefnt er að því að fá fleiri áhorfendur á vellina til að fylgjast með.

GOLF „Það er mjög gott fyrir íþróttahreyfinguna að sjá að okkar fyrirtæki eru til í að styðja við okkar afreksfólk. Við erum einnig að leggja áherslu á samfélagslegan þátt með þessu en með því að ná sterkum afreksmönnum erum við að auglýsa Ísland í heild sinni. Ég vona að þetta samstarf nýtist bankanum einnig á mjög jákvæðan hátt,“ sagði Hörður Þorsteinson, framkvæmdastjóri Golfsambandsins, eftir að samningur við KB banka voru undirritaðir í Viðey á þriðjudag. GSÍ og KB banki hafa verið í samstarfi síðan 2001 en þá hét bankinn reyndar Búnaðarbankinn.

„Samstarf okkur við KB banka hefur verið mjög ánægjulegt og skemmtilegt, þeir hafa sérstaklega verið að styrkja okkur í barna- og unglíngastarfinu sem hefur gengið vel. Þeir hafa verið með okkur í fimm ár og báðir aðilar vita að hverju þeir ganga, sem er mjög vænlegt,“ sagði Hörður, hæstánægður með samninginn.

Bankinn ætlar að halda áfram því verkefni að auka áhuga á golfi meðal yngra fólks og sem dæmi



SAMNINGAR UNDIRRITAÐIR Ingólfur Helgason frá KB banka tekur í höndina á Herði Þorsteinssyni eftir að samningarnir höfðu verið undirritaðir í Viðey. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

verða golfkynningar fyrir byrjendur fastur liður á hverju móti og lögð verður áhersla á að vera með fjölbreyttar og skemmtilegar þrautir fyrir ungri kynslóðina. Þar verður meðal annars boðið upp á

að hitta í skotmörk, púttar og kynast reglum íþróttarinnar undir handleiðslu golfkennara.

„Við ætlum að reyna að skapa betri umgjörð fyrir hinn almenna kylfing og bjóða upp á margvís-

legar kynningar og skemmtanir samhliða mótunum. Svo ætlum við að reyna að fá kylfinga til að mæta og horfa á mótin. KB banki ætlar að auglýsa mótariðina vel og við ætlum að leggja áherslu á að það sé gaman að horfa á gott golf. Það vantar ekki fólk sem stundar golf en við ætlum að kenna því að mæta og horfa á golf.“

KB banka mótariðin samanstendur af sex mótum á jafn mörgum golfvöllum. Fyrsta mótið verður 27.-28. maí á Garðavelli á Akranesi en hin mótin verða í Vestmannaeyjum, Leirunni, Urriðavelli, Grafarholtsvelli og svo verður lokamótið á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði. Stigahæstu kylfingunum verður boðið að taka þátt í móti á vegum KB banka og Ícelandair á Turnberry í Skotlandi í byrjun október.

„Það er mikið að gerast í íslensku golfi, allir vellir fullir af fólki og við getum ekki annað en verið mjög ánægðir með uppganginn hér á landi. Nú þarf bara að virkja fólk til að mæta og horfa á mótariðina okkar,“ sagði Hörður Þorsteinson. elvar@frettabladid.is



JUSTIN GATLIN Taldi sig hafa bætt heimsmetið en jafnaði það bara þegar upp var staðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Neyðarleg mistök í Katari:

Bætti ekki heimsmetið

FRJÁLSAR Bandaríkjamadurinn Justin Gatlin sló heimsmetið í 100 metra hlaupi í síðustu viku á frjálsíþróttamóti í Katari. Það hélt hann í það minnsta. Gefið var upp að Gatlin hefði hlaupið á 9,76 sekúndum og þar með bætt heimsmet Asafa Powell sem var 9,77 sekúndur.

Tíminn sem Gatlin náði var nákvæmlega mældur 9,766 en mótshaldarar gerðu þau mistök að gefa upp 9,76 þegar að sjálfsögðu hefði átt að námunda í 9,77. Mistökkin hafa því verið leiðrétt og Gatlin ku ekki vera kátur. - hbg

Gylfi Einarsson:

Ég ætla að berjast áfram

FÓTBOLTI Gylfi Einarsson, leikmaður Leeds á Englandi, hefur ítrekað það að hann vilji ekki yfirgefa Leeds. Gylfi sagði við Fréttablaðið í vikunni að hann íhugaði að fara að láni frá félaginu en eftir nánari umhugsun ber hann þær sögur til baka.

„Það stendur ekki til að ég sé á förum. Ég hef verið ósáttur með hversu lítið ég hef spilað en ég er staðráðinn í því að vinna vel í mínum málum í sumar og stefni á að vera áfram hjá Leeds á næsta tímabili, enda nýbúinn að framleggja samninginn minn um tvö ár,“ sagði Gylfi.

„Mér líður vel hjá Leeds og ég vona að ég geti hjálpað liðinu að komast upp um deild. Draumur minn væri að komast upp í úrvalsdeildina og spila þar á meðal þeirra bestu með Leeds,“ sagði Gylfi Einarsson. - hph



BARRY BONDS Á leiðinni niður eftir að hafa verið grýttur af kastara í miðjum leik. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Barry Bonds:

Grýttur af kastara

HAFNABOLTI Hataðasti íþróttamaður Bandaríkjanna, Barry Bonds, á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir. Bonds, sem er sakaður um mikla steranotkun til fjölda ára, skráir sig í sögubækurnar með næsta heimahafnarhlaupi og enginn kastari í deildinni hefur áhuga á að verða maðurinn sem sá til þess að hann nái þeim áfanga. Russ Springer, kastari Houston, gaf tóninn þegar hann kastaði boltanum ekki að Bonds heldur í hann og það af fullu afli.

Fyrsti boltinn sigldi rétt framhjá baki Bonds og fékk Springer þá advörun hjá dómaramanum. Springer lét ekki segjast og kastaði næstu fjórum boltum í Bonds og hittu tveir þeirra beint í mark.

Dómarinn rak Springer og hjálpara Houston af velli í kjölfarið. Það segir sína sögu að allir 35 þúsund áhorfendur vallarins stóðu upp og klöppuðu fyrir þeim félögum. - hbg

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

TUCSON

2.0L bsk. 142. hö
Kr. 28.233 á mánuði

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftþúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framlöndu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki

**STÓRI
HM LEIKURINN**



Langar þig að upplifa stærsta íþróttaviðburð í heimi?

Þú kemst í pottinn með því að reynsluaka Hyundai hjá B&L, borða á McDonalds eða fara inn á Icelandair.is

- ✓ 4 VIP miðar á úrslitaleikinn í HM 9.júlí
- ✓ 2 miðar á leik í undanúrslitum
- ✓ 2 miðar á leik í 16-liða úrslitum
- ✓ 2 miðar á leik Brasilíu og Króatíu í F-riðli
- ✓ 10 helgarferðir fyrir tvo með Icelandair
- ✓ 400 máltíðir frá McDonalds
- ✓ 500 Hyundai HM-leiðurboltar



Með þínum banda þer



HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



CARLOS Er þekktur fyrir sín þrumuskot og góða sóknarhæfileika en hefur verið gagnrýndur fyrir varnartilburði sína.

NORDICPHOTOS/AFP

Kaupæði Chelsea:

Carlos næstur inn á Brúnni?

FÓTBOLTI Brasilíumaðurinn Roberto Carlos hefur greint frá því að Englandsmeistarar Chelsea vilji fá sig til Englands. Wayne Bridge fer líklega til Fulham þar sem hann var í láni frá jólum og þá gæti Asier Del Horno farið aftur til Spánar eftir að hafa mistekist að festa sig í sessi hjá liðinu.

„Það er ekki búið að skrifa undir neitt en þeir hjá Real sögðu mér að Chelsea vildi fá mig. Ég þarf að tala við Real þar sem ég er enn sammingsbundinn félaginu auk þess sem forsetakosningar eru í gangi. Ég veit ekki hvað gerist ef Real vill ekki að ég fari, en það yrði erfitt að fara þaðan eftir öll þessi ár,“ sagði Carlos, sem hefur áður sagt að hann dreymi um að spila á Englandi.

Hinn 33 ára gamli Carlos er öllum knattspyrnuunnendum að góðu kunnur, ekki síst fyrir frábærar aukaspurnur. Spænskir fjölmiðlar greina frá því að Carlos muni skrifa undir tveggja ára samning við Chelsea og ljúka ferlinum á Englandi.

- hph

Dimitar Berbatov:

Til Tottenham í sumar

FÓTBOLTI Tottenham og Bayer Leverkusen hafa komist að samkomulagi um 10,9 milljón punda kaupverð á búlgarska landsliðsframherjanum Dimitar Berbatov. Hann hefur þegar samið við Tottenham og mun formlega skrifa undir samninginn 1. júlí.

„Ég er mjög ánægður með að ganga til liðs við Tottenham. Liðið er að byggja upp og hefur marga frambærilega unga leikmenn innan sinna raða. Stjórnin og starfsfólkið heilla mig líka og ég get ekki beðið eftir því að spila á Englandi,“ sagði þessi öflugur framherji, sem skoraði 21 mark í 34 leikjum í Þýskalandi á tímabilinu.



ZLATAN Gæti leyst Shevchenko af fari hann til Chelsea.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Framherjamál AC Milan:

Shevchenko út en Zlatan inn?

FÓTBOLTI Umboðsmaður sænska framherjans Zlatans Ibrahimovic hefur staðfest að hann hafi áhuga á því að ganga til liðs við AC Milan. Framtíð Juventus er í upplausn en stjórnarmenn félagsins eru sakaðir um mútur.

„Skipti yfir til Milan eru lausn sem leikmaðurinn myndi ekki hafa neitt á móti,“ sagði Mino Raiola, umboðsmaður Zlatans, við ítalska fjölmiðla í gær en hann gæti orðið einn af fjölmörgum leikmönnum til að yfirgefa herþúðir gömlu konunnar í sumar.

„Undir venjulegum kringumstæðum myndi Juventus aldrei selja Zlatan til AC Milan, en það á hins vegar ekki við núna. Við erum hættir viðræðum um nýjan samning við Juventus í bili. Milan er eitt af fáum liðum sem hefðu efni á Zlatan og dýrnar myndu galopnast ef Andriy Shevchenko færi,“ sagði Raiola en Úkraínumaðurinn gæti verið á leiðinni til Chelsea.

- hph

Ég vil biðja áhorfendur afsökunar

Íslenska kvennalandsliðið tapaði í gær fyrir því hollenska með fjögurra marka mun í æfingaleik sem var hluti af undirbúningi liðsins fyrir mikilvæga leiki gegn Makedóníu um sæti á Evrópumeistaramótinu.

HANDBOLTI „Þetta var einfaldlega slakur handboltaleikur, eins og leikurinn á þriðjudag var góður,“ sagði Stefán Arnarson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins, eftir að það tapaði 21-25 fyrir Hollandi í æfingaleik í Garðabænum í gær. Þjóðirnar mættust kvöldið áður í Laugardalshöllinni og þá vann Ísland með eins marks mun en í gær var leikur liðsins ekki eins góður.

„Hollensku stelpurnar voru ekki að spila þennan leik vel en voru samt skárri en við. Ég vil bara biðja áhorfendur afsökunar á því hvað þetta var slakur leikur. Við þurfum að bæta alla þætti í leik okkar, það sýndi sig í þessum leik. Við getum spilað miklu betur en þetta,“ sagði Stefán.

Íslenska liðið byrjaði leikinn illa og Holland komst fljótt í 5-1. Þá tók Stefán leikhé og hægt og bitandi komst liðið inn í leikinn, náði að jafna og komst í fyrsta sinn yfir 13-12 en þannig var staðan í hálfleik. Mikil jafnræði var með liðunum í upphafi seinni hálfleiks en svo fór allt í sama farið og í upphafi leiksins. Holland náði



UNDIR Í BARÁTTUNNI Ágústa Edda verður hér undir í baráttunni gegn hollensku vörninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

mest fimm marka forystu og vann á endanum 25-21.

„Þessi leikur einkenndist af mistökum á báða bóga og ónákvæmum sendingum hvað eftir annað, aðeins meira hjá okkur. Það fór eiginlega með þetta. Á köflum vorum við að spila þetta sémilega en undir lokin fór þetta í tómt rugl hjá okkur. Við vorum ekki alveg tilbúnar í byrjun og öryggið sem var í leiknum á þriðjudag var ekki til staðar,“ sagði Ágústa Edda Björnsdóttir en hún var næstmarkahæst í íslenska liðinu með fimm mörk en Hrafnhildur Skúladóttir skoraði sex. Helga Torfadóttir var í markinu nær allan leikinn og varði fjórtán skot.

Næsta verkefni íslenska liðsins er að fara til Hollands þar sem aðrir tveir æfingaleikir verða leiknir gegn þessu liði. Þessir leikir eru lokaundirbúningur Íslands fyrir tvo mikilvæga leiki gegn Makedóníu í lok þess mánaðar og byrjun júní. Sigurvegarinn úr þeim viðureignum tekur þátt í Evrópumeistaramótinu sem fram fer í Svíþjóð í desember.

elvar@frettabladid.is

Í hvaða sæti verður Ísland?

SMS

leikur

FREYJU

Taktu þátt

Til að giska á sæti Íslands sendir þú SMS skeytið **SÆTI ÍSLANDS** ásamt númeri þess sætis sem þú heldur að Ísland lendi í. SMS skeytið sendir þú á númerið 1900. SMS-ið þitt gæti t.d. litið svona út **STAU 3** en þá telur þú að Ísland verði í 3 sæti. Svo svarar þú léttari spurningu um Eurovision og ert þá kominn í pottinn.

Verður þú sannspár?

Sá sem hittir á endanlegt sæti Íslands fær glæsilegan vinning. **FERÐ FYRIR FJÓRA TIL KRÍTAR MEÐ ÚRVAL ÚTSÝN**

Glæsilegir aukavinningar

- Þrjár ferðir til Krítar fyrir tvo með Úrval Útsýn
- Fatnaður frá ZO-ON Iceland
- Fullt af bíomiðum
- Freyju Staur
- Raftingferðir með rafting.is

Allir sem taka þátt eiga von á að vinna glæsilegan aukavinning, **8. HVER VINNUR.**

Dregið í beinni á Rás2 úr réttum innsendum skeytum 22 Maí.

99kr SMS-ið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. Ef fleiri en einn hittir á rétt sæti verður dragið um aðalvinninginn. Leik líkur 18-20.maí kl 19:00. SMS skeytið eftir það eru ógild. Vinningar afhendir í BT Skettunni Rvk.

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Meistaradeild Evrópu:

BARCELONA-ARSENAL 2-1
0-1 Sol Campbell (37.), 1-1 Samuel Eto'o (77.), 1-2 Juliano Belletti (81.).

Lið Barcelona: Valdés; Oleguer (71. Belletti), Marquez, Puyol, Van Bronckhorst; Edmílson (45. Iniesta), Deco, Van Bommel (61. Larsson); Giuly, Eto'o, Ronaldinho.

Lið Arsenal: Lehmann; Eboue, Toure, Campbell, Cole; Hleb (85. Reyes), Fabregas (74. Flamini), Silva, Ljungberg, Pires (20. Almunia); Henry.

Vináttulandsleikur í handbolta:

ÍSLAND-HOLLAND 21-25

Mörk Íslands: Hrafnhildur Skúladdóttir 6/4, Ágústa Edda Björnsdóttir 5, Guðbjörg Guðmannsdóttir 4, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 1, Harpa Eyjólfssdóttir 1, Rákel Dögg Bragadóttir 1, Sólveig Kjærnested 1, Hanna Stefánsdóttir 1, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1.

Varin skot: Helga Torfadóttir 14, Berglind Íris Hansdóttir 4.

Úrslitaleikurinn í gær:

Aldrei færri innfæddir

FÓTBOLTI Aldrei hafa verið eins fáir leikmenn í byrjunarliði í úrslitaleik Meistaradeildarinnar sem eru frá sama landi og félögin sem leika til úrslita. Alls léku fimm „innfæddir“ leikmenn leikinn í gær.

Sol Campbell og Ashley Cole voru einu ensku leikmennirnir í byrjunarliði Arsenal og aðeins Victor Valdes, Oleguer og Carles Puyol eru spænskir af þeim leikmönnum sem skipuðu byrjunarlið Barcelona. Arsenal jafnaði um leið met Liverpool frá því í fyrra en þá voru Steven Gerrard og Jamie Carragher einu „innfæddu“ leikmenn liðsins.

- egm

Barcelona sigraði í frábærum leik

Barcelona sigraði Arsenal í úrslitum Meistaradeild Evrópu í gærkvöldi, 2-1. Leikurinn var frábær skemmtun og bauð upp á allt sem þrýða skal góðan fótboleik - glæsileg mörk, rautt spjald og ótrúlega dramatik.

FÓTBOLTI Margir leikmenn Arsenal felldu tár eftir leikinn í gær enda hafði hetjuleg barátta þeirra í heilar sjötíu mínútur, allt frá því að markverðinum Jens Lehmann hafði verið vikið af leikvelli strax á tuttugustu mínútu, engan árangur borið. Barcelona tryggði sér sigur í Meistaradeild Evrópu í annað sinn í sögunni á hálfleik þegar þeir Samuel Eto'o og Juliano Belletti skoruðu tvö glæsileg mörk en áður hafði Sol Campbell komið Arsenal yfir.

Leikurinn á Stade de France í París í gær stóð svo sannarlega undir þeim væntingum sem gerðar höfðu verið til hans. Thierry Henry gaf tóninn að því sem koma skyldi strax á þriðju mínútu leiks-



VÍTI Jens Lehmann sést hér brjóta á Samuel Eto'o á 20. mínútu. NORDICPHOTOS/AFP



Á STALL MED MARADONA Þrátt fyrir að vera aðeins 25 ára gamall hefur Ronaldinho nú unnið nánast allt sem hægt er að vinna og er þar með kominn í hóp bestu fótboldamanna sögunnar. Hér kyssir Ronaldinho bikarinn góða eftir leikinn í gær. NORDICPHOTOS/AFP

ins þegar hann fékk dauðafæri í vítateig sem Victor Valdés varði vel í markinu. Arsenal hóf leikinn af miklum krafti og var mun sterkara framan af. Á tuttugustu mínútu dró þó til tíðinda þegar Lehmann fékk að líta rauða spjaldið fyrir að brjóta á Eto'o þegar hann var sloppinn í gegn.

Einum fleiri tóku leikmenn Barcelona öll völd á vellinum en komust lítt áleiðis gegn mjög öguðum varnarleik Arsenal. Á 37. mínútu var Barcelona refsað fyrir hugmyndaskortinn í sókninni þegar Sol Campbell kom Arsenal yfir með frábærum skalla eftir aukaspyrnu Henrys.

1-0 FYRIR ARSENAL Allt ætlaði um koll að keyra þegar Sol Campbell kom Arsenal yfir í leiknum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Eins og við var að búast jókst pressa Barcelona stöðugt eftir markið en eins og áður átti liðið erfitt með að brjóta sér leið í gegnum vörn Arsenal. Liðið færði sig sífellt fram á völinn en Arsenal beitti stórhættulegum skyndisóknum sem hefðu vel getað skilað marki. Eftir að Frank Rijkaard setti Henrik Larsson og Juliano Belletti inn á um miðjan síðari hálfleik breyttist leikurinn hins vegar svo um munaði.

Larsson átti stærstan þátt í jöfnunarmarki Eto'o á 76. mínútu og fjórum mínútum síðar lagði hann upp mark fyrir Belletti sem reyndist sigurmark leiksins. Mörkin skrifast að nokkru leyti á Manuel Almunia, sem leysti Lehmann af í markinu, en fram að mörkunum tveimur hafði hann átt mjög góðan leik. Ótrúlegur viðsnúningur á mögnuðum fótboleik en svo virtist sem kraftar tíu leikmanna Arsenal væru einfaldlega á þrotum.

- vig

Henry lét hafa eftir sér eftir leik að Hauge hefði dæmt með Barcelona:

Dómarinn sinnti ekki starfi sínu

FÓTBOLTI Strax eftir leikinn í gær ásaði Thierry Henry, sóknarmaður Arsenal, dómarmann Terje Hauge um að hafa dæmt með Barcelona í leiknum. „Ég get ekki einu sinni sagt til um hvort dómarmann hafi verið í búningi Barcelona því það var sífellt verið að sparka mig niður. Kannski maður læri að láta sig detta fyrir næstu viðureign. Maður reiknar með því að dómarmann sinni sínu starfi en að mínu mati gerði þessi það ekki,“ sagði Henry en bætti við: „Við getum verið stoltir af frammistöðu okkar.“

Skúrurinn Jens Lehmann sagðist hafa vitað að hann fengi rauða spjaldið strax og hann hefði brotið á Eto'o á 20. mínútu leiksins. „Ég bjóst við því að verða rekinn út af en ég vissi að leikurinn væri samt ekki búinn. Strákarnir börðust hetjulega en við gerðum órlítill mistök og var refsað harðlega fyrir þau,“ sagði Lehmann. Freddie Ljungberg sagði úrslit-



VONBRIGÐI Thierry Henry var ekki ánægður með Terje Hauge, norskan dómara leiksins í gær. NORDICPHOTOS/AFP



FRÁBÆRT LIÐ Barcelona er vel að sigrinum í Meistaradeildinni komið enda hefur liðið spilað frábærlega allt tímabilið. NORDICPHOTOS/AFP

in hafa verið gríðarleg vonbrigði. „Við stjórnuðum leiknum á löngum köflum þrátt fyrir að vera manni færri. Það er virkilega svekkjandi að þeir hafi náð að skora þessi mörk því við hefðum vel getað unnið þennan leik. Svo vorum við talsvert betri þann tíma sem bæði lið voru fullskipuð,“ sagði sá sænski.

Arsene Wenger sagði eftir leik að nú væri það á dagskránni að

reyna að sannfæra Henry um að vera áfram hjá liðinu.

„Augnabliks einbeitingarleysi og við töpum leiknum, mér fannst Barcelona ekki vera að ógna neitt af viti og dómarmann hafði of mikil áhrif. Ég hef fulla trú á því að við munum komast aftur í þennan úrslitaleik. Ég er með sterkt lið í höndunum sem samanstendur af ungum og gríðarlega efnilegum leikmönnum,“ sagði Wenger. - egm

Pitstop – vörubíladekk

Ótrúlegt tilboð á mjög góðum NÝJUM HANKSUGI vörubíladekkjum 315/80 R22,5 á 9" breiðum stálfelgum.

Við gerum þér
**SÚPER
TILBOÐ**

Aðeins krónur
34.200 + vsk
tilbúin undir bílinn
á felgum.



Við eigum einnig fjölmargar aðrar stærðir af nýjum vörubíladekkjum frá Michelin, Hanksugi og Kormoran og sóluð vörubíladekk frá Vulkan á frábæru verði.

Vörubílaþjónusta Pitstop er í Dugguvogi



Við höfum einnig á boðstólum frábær dekk frá Taurus undir dráttar- og vinnuvélar Mjög góð dekk á góðu verði!



Pitstop – gæðavara á frábæru verði

Gæðakaffi, nettengd tölva, tímarit og blöð – fyrir þig meðan þú bíður.
– þjónusta í fyrirrúmi.

pitstop

Fólksbíladekk
Jeppadekk

Við gerum þér
**SÚPER
TILBOÐ**



Dugguvogi 10 (v/Sæbraut) • 104 R.vík • S: 568 2020 og Hjallahrauni 4 • 220 H.fj • Sími 565 2121

Umbreyting

Ljóð á hreyfingu

Höfundur, brúður, leikmynd og tónlist: Bernd Ogrodnik

„Sannleikurinn um okkur sjálf“

„Þetta er sýning sem ég gæti hugsað mér að sjá aftur. [...] ...falleg, en um leið nærgöngul sýning. [...] ...snilldarlega góður brúðuleikari og brúðusmiður. [...] ...sýningin situr í manni lengi vel eftir að henni lýkur.“

Fbl., S.S.

„Undur einfaldleikans“

„Ótrúlegt að sjá hvernig persóna og ævintýri, gleði og sorg spretta nánast upp úr engu, verða til úr hendi, nokkrum fingrum, einni slæðu. [...] Þvílík hreyfingalist.“

Mbl., M.K.



Vörðufélagar fá miða á allar sýningar á Umbreytingu á aðeins kr. 2.100 (fullt verð 2.700)!

Næstu sýningar: Í kvöld fim. 18/5, fös. 19/5, lau. 20/5, sun. 21/5.

Listahátíð í Reykjavík

2016
hátíðin
12. maí - 2. júní



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„When you give up your dream, you die.“

Svar: Nick úr Flashdance frá 1983

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON HEFUR FYLGST MEÐ JÓA OG GUGGU

Listin að halda aftur af sér

Fréttaskýringaþátturinn Kompás hefur fylgst með morfíníklunum Jóa og Guggu undanfarnar þrjár vikur. Í fyrsta þætti eru þau í ræsinu en vilja leita sér hjálpar; í öðrum þætti berja þau árangurslaust að dyrum hjá heilbrigðisstofnunum en í þriðja þætti fá þau athvarf hjá Guðmundi í Byrginu. Fyrsta ljósglætan í þættinum er hins vegar slökkt eftir sjö daga bindindi þegar þau skreppa í bæinn og „lenda í hassi og ritalíni“.

Oft má taka hattinn ofan fyrir djörfum efnistöfum Jóhannesar Kristjánssonar, umsjónarmanns Kompás, og meðreiðarsveina hans. Þættirnir um Jóa og Guggu veita svo sannarlega sláandi og núturlaga innsýn í líf langt leiddra morfíníkla og



JÓI Frásögnin af morfíníklunum Jóa og Guggu veitir sláandi innsýn í núturlagan heim.

því miður er ekki hægt að hugga sig við að tilfelli skötuþjúanna umræddu sé einsdæmi á Íslandi.

Hitt er öllu verra hvernig frásögnin er matreidd og ýmsum brögðum kvikmynda-listarinnar beitt til að að hámarka áhrifin og dramatíkina. Steininn tók úr í þriðja þætti þegar sagan af þarinn er dregin saman í stuttu myndskaiði; kvalafullur og svitastorkinn niðurtúr kallast á við keleri í Byrginu þar sem framtíðin virðist blasa björt við, en undir hljómar lagið „Hurt“ í tilfinningaþrungnum flutningi Johnny Cash.

Stundum er ágætt að hafa í huga að minna er meira og að tilfinningaklám af þessu tagi endurspeglar ekki sérstaklega mikla virðingu fyrir viðfangsefninu.




▶ 22.15
Drama

AÐÞRENGDAR EIGINKONUR




▶ 22.30
Gaman

HOW I MET YOUR MOTHER



▶ 21.45
Spenna

RÁÐGÁTUR



▶ 20.30
Gaman

EVERYBODY HATES CHRIS



▶ 19.40
Umræða

HRAFNAPIING



6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Martha 10.20 My Wife and Kids 10.40 Alf 11.05 3rd Rock From the Sun 11.30 Whose Line Is it Anyway?

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Home Improvement 4 13.30 Two and a Half Men 13.55 Sketch Show 2 14.20 Eldsnöggt með Jóa Fel 14.50 Wife Swap 15.35 Tónlist 16.00 Barnatími Stöðvar 2 16.25 Með afa 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons

17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Fyrstu skrefin – lokapáttur (e)

7.00 Ísland í bítið 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi 11.40 Brot úr dagskrá

16.20 Íþróttakvöld 16.35 Mótorsport 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Matti morgunn 18.20 Fréttir, íþróttir og veður

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Home Improvement 4 13.30 Two and a Half Men 13.55 Sketch Show 2 14.20 Eldsnöggt með Jóa Fel 14.50 Wife Swap 15.35 Tónlist 16.00 Barnatími Stöðvar 2 16.25 Með afa 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 19.30 Bernie Mac (6:22) 20.00 Friends (6:23) 20.30 Splash TV 2006 (e) 21.00 Smallville (1:22) (Arrival) Fimmta þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville.

17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttaréttir/Veðurréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisfréttir – fréttaviðtal. 13.00 Íþróttir/lífstill 13.10 Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. 14.00 Fréttavaktin eftir hádegi 17.00 Fimmfréttir 18.00 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður

19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva – Forkeppni Bein útsending frá forkeppninni í Áþenu þar sem Sívía Nótt syngur lagið Congratulations.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag 19.30 Strákarnir 20.05 Meistarinn (22:22) 20.50 Bones (4:22) (Bein) Nýr hörkuspennandi bandarískur sakamálaþáttur.

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 19.30 Bernie Mac (6:22) 20.00 Friends (6:23) 20.30 Splash TV 2006 (e) 21.00 Smallville (1:22) (Arrival) Fimmta þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville.

19.00 Frasier 19.30 Game tívi 20.00 Family Guy

▶ 19.40 Hrafnaping Hrafnaping er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar 20.10 Þetta fólk (Fréttaljó) Nýr og óvenjulegur spjallþáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur blaðakonu og heims-hornafakkara. Í þættinum tekur hún fyrir eitt land og freistar þess að veita okkur innsýn í framtíð heim. Ekki hefur hún þó sjálf í hyggju að uppræða okkur ein og óstudd – þótt margfróð sé og velsigld – heldur er meginmarkmiðið að kalla til góða gesti sem hafa þekkingu á viðkomandi landi og geta frætt okkur sem heima síttum um menningu þess og sögu.

21.15 Sporlaust (13:23) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

21.35 Life on Mars (8:8) (Líf á Mars) Hér eru á ferð breskir þættir sem slegið hafa rækilega í gegn í heimalandinu á síðustu vikum.

▶ 21.45 X-Files (Ráðgátur) Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.

▶ 20.30 Everybody Hates Chris Árið 1982 verður Chris 13 ára, en hann er elstur þriggja systkina. Hann dreymir um að vera töff unglungur, en verður fyrir sífelliðu aðkasti í skólanum eftir að fjölskyldan flytur í nýtt hverfi. Frábærir grínþættir sem eiga stóð í raunveruleikanum.

21.00 Courting Alex Glæný gamanþáttaröð sem fengið hefur frábæra dóma. 21.30 Everybody loves Raymond 22.00 C.S.I.: Miami Horatio Cane fer fyrir hópi réttarrannsóknafólks sem rannsakar snúin sakamál 22.50 Jay Leno

22.00 Tiufréttir ▶ 22.25 Aðþrengdar eiginkonur (39:47) (Desperate Housewives II) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

▶ 22.30 How I Met Your Mother (17:22) (Svona kynntist ég móður ykkar) Marshall finnst Barney haga sér asnalega á vinnustaðnum sínum. Ted líður illa yfir að hafa þegið nokkrar gjafir af Victoriu en ekki gefið henni neitt.

22.30 Extra Time – Footballers' Wife Í þessari þáttaröð er fjallað um Aniku, systur Tanyu Turner. Ef ykkur fannst Tanya vera slæm, bíðið þá þar til þið sjáið Aniku.

22.00 C.S.I.: Miami Horatio Cane fer fyrir hópi réttarrannsóknafólks sem rannsakar snúin sakamál 22.50 Jay Leno

21.00 Fréttir 21.10 60 Minutes 22.00 Fréttir Fréttir og veður 22.30 Hrafnaping

23.10 Lífsháski (41:49) 23.55 Dagskrárlök

23.35 American Idol 23.55 Black Cadillac (Str. b. bönum) 1.25 Huff (B. bönum) 2.15 Halloween: Resurrection (Str. b. bönum) 3.40 Darklight (B. bönum) 5.05 The Simpsons 5.25 Fréttir og Ísland í dag 6.30 Tónlistamyndbönd frá Popp TÍVÍ

23.25 Splash TV 2006 (e)

23.35 America's Next Top Model V (e) 0.25 Frasier – 1. þáttaröð (e) 0.55 Top Gear (e) 1.45 Östóðvandi tónlist

23.15 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnaping/Mikla-braut



6.00 Life or Something Like It 8.00 Wild About Harry 10.00 Butch Cassidy and the Sundance Kid (e) 12.00 Foyle's War 2 14.00 Life or Something Like It 16.00 Wild About Harry 18.00 Butch Cassidy and the Sundance Kid (e) 20.00 Foyle's War 2 (Stríðsvöllur Foyles 2) Christopher Foyle er rannsóknarlögregluáður í Hastings á Suður-Englandi í seinni heimsstyrjöldinni. 22.00 Liberty Stands Still (Svipt frelsi) Spennumynd með Wesley Snipes um völdugan erfingja skotopnaverk-

smiðju. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 Saw (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 From Dusk Till Dawn 2: Texas (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Liberty Stands Still (Stranglega bönnuð börnum)

Dagskrá allan sólarhringinn.

6.00 101 Craziest TV Moments 7.00 Mary-Kate & Ashley 8.00 E! News 8.30 Celebrity Friends Gone Bad 9.00 The Soup 9.30 Style Star 10.00 The E! True Hollywood Story 11.00 Hot Love Gone Bad 11.30 10 Ways 12.00 E! News 12.30 Style Star 13.00 50 Best Chick Flicks: Sex, Cries & Videotape 15.00 50 Cutest Child Stars: All Grown Up 17.00 Hot Love Gone Bad 17.30 Number One Single 18.00 E! News 18.30 10 Ways 19.00 The E! True Hollywood Story 20.00 101 Most Awesome Moments in Entertainment 21.00 The Soup 21.30 Number One Single 22.00 Gastineau Girls 22.30 Gastineau Girls 23.00 101 Most Awesome Moments in Entertainment 0.00 The Soup 0.30 10 Ways 1.00 The E! True Hollywood Story 2.00 Guilty

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalan

kr. 23.099 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Vertu á öruggasta bílnum*
Vertu á flottum bíl
Veldu Renault



Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, vindkljúfasett.

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

Bílasamningur miðast við 70% lánslutfall í 84 mánuði.



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Evróvisjón

RÚV kl. 19.00

Forkeppni söngvakeppninnar

Loksins er komið að því sem Íslendingar hafa beðið eftir í heilt ár. Forkeppni Evróvisjón er á dagskrá RÚV í kvöld þar sem fulltrúi Íslands, Sívía Nótt, mun stíga á svið og heilla eða hrella evrópska áhorfendur. Forkeppnin er sýnd í beinni útsendingu sem hefst klukkan 19.00. Alls keppa 23 þjóðir í undanúrslitum og munu tíu stigahæstu þjóðirnar halda áfram í úrslitin á laugardaginn. Spennandi verður að fylgjast með framlagi Íslands í ár enda er stórstjarnan Sívía Nótt umdeild bæði hér á landi sem og úti í hinni stóru Evrópu. Búast má við að Sívía Nótt, eða Sívía Night Superstar eins og hún kallar sig ytra, eigi eftir að vekja athygli með litríkri og sjálfsmiðaðri sviðsfrankomu sinni. Hvort sem framlagið fellur í góðan jarðveg í Evrópu eða ekki er keppnin engu að síður hin mesta skemmtun.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

1	6	2	4	9	7	5	8	3
3	8	9	5	6	1	4	2	7
5	4	7	3	8	2	1	6	9
9	5	1	8	7	6	3	4	2
6	2	4	9	3	5	7	1	8
7	3	8	2	1	4	9	5	6
4	9	6	7	5	8	2	3	1
8	7	5	1	2	3	6	9	4
2	1	3	6	4	9	8	7	5

2	8		3			5		
								6
			4			8		
		7	2			4		8
	6		7		5		9	
1		9			8	2		
		8			3			
7								
		6			1		8	2



▶ 21.00

Raunveruleiki

SÆNSKU NÖRDARNIR



Samfylkingin | Reykjavík 2006

Borgarstjórnarkosningar 27. maí

Góðar fréttir fyrir ungt fólk

Eftir gríðarlegan árangur undanfarinna ára blasa tækifærin við í Reykjavík. Samfylkingin áformar byggingu 800 stúdentaíbúða við Hlemm og í Vatnsmýrinni. Auk þess viljum við byggja upp öflugan leigumarkað.

Gjaldfrjálsir leikskólar, kortagreiðslur í Strætó, kraftmikið íþróttastarf, skemmtilegur miðbær, Airwaves, Reykjavík Loftbrú - allt eru þetta mál sem Samfylkingin setur á oddinn.

Dagur B. Eggertsson er borgarstjóraefni Samfylkingarinnar

Með verkum sínum hefur Dagur sýnt að hann er maður framtíðarinnar í Reykjavík



7.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs 7.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs 7.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs 8.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs

18.00 Íþróttaspjallið
18.12 Sportið

18.30 Skólahreysti 2006 (Undankeppni 1)
19.30 US PGA í nærmynd (Inside the PGA) Vikulegur fréttapáttur.

20.00 Gillette HM 2006 sportpakinn
20.30 Leiðin á HM 2006 (Destination Germany)

▶ 21.00 Sænsku nördarnir (FC Z) Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið? Þeir eru þjálfaðir af topp þjálfara í þrjá mánuði og að lokum mæta þeir besta liði Svíþjóðar.

21.55 Saga HM (1986 Mexico) Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Mexíkó árið 1986.

23.20 Meistaradeild Evrópu 1.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 9.05 Laufskálinn 9.45 Leikfimi 10.13 Litla flugan 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit 12.20 Fréttir 12.45 Veður 12.50 Dánarfregnir og augl. 13.00 Vitt og breitt 14.03 Útvarpssagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Fallegast á fóninn 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá 18.00 Fréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.27 Sinfóniútónleikar 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Útvarpsleikhúsið 23.10 Hlaupanótan

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútvarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútvarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 19.30 Músík með Heiðu Eriks 21.15 Konsert 22.10 Saga Pink Floyd 23.05 Popp og ról

BYLGIJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bituð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bituð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



HRÓSIÐ

...fær dansparið Karen Björk Björgvinsdóttir og Adam Reeve sem hafa unnið til fjölda verðlauna í samkvæmisdönsum fyrir hönd Íslands. Þau hafa nú ákveðið að hætta keppni og einbeita sér að dansþjálfun og sýningum.

Helgin okkar...

Morgunverðurinn: Café Roma við Rauðarárstíg er opnað snemma dags alla daga vikunnar. Þetta er sætt bakarískaffihús þar sem þú getur notið nýjustu dagblaðanna yfir kaffi og bakkelsi og svo geturðu kippt brauði með þér heim til að eiga með síðdegiskaffinu. Þráðlaust net á staðnum.

Tónlistin: Ástralinn Jack Johnson er að gera afar góða hluti. Nýjasti diskurinn hans er algjör snilld en hann heitir In Between Dreams. Drengur þessi býr á Hawaii þar sem hann stundar brimbretti á milli þess sem hann semur þessa ljúfu tónlist sem kemur öllum í gott skap.



Hreyfingin: Sumarið er tíminn til þess að prófa eitthvað nýtt svo Fréttablaðið stingur upp á því að fólk prófi svífængjaflug í sumar. Fisfélag Reykjavíkur stendur fyrir námskeiði í íþróttinni. Sjá nánar inni á www.fisflug.is

Deكريð: Franska verslunin L'Occitane á Laugavegi var að taka inn nýja líkamsvörulínu sem er samsett úr grænu te og jasmínu og ilmar guðdómlega. Í línunni er að finna ilmvatn, líkamskrem, baðtöflur, líkamsúða, sápu og fljótandi ilmkerti. Umbúðirnar eru í seiðandi austurlenskum stíl og afar fallegar. Ferskleiki franska sumarins skilar sér hér beint í æð í gegnum jasmínu-ilminn.



Heimasíðan: Kíkið inn á www.ikea.com en þar er að finna hana Önnu sem er sérlegur ráðgjafi fyrirtækisins. Anna svarar hvaða spurningum sem er þótt hún sé reyndar hrifnust af spurningum sem tengjast Ikea. Spurningarnar eru einfaldlegar slegnar inn í þar til gert box og netstúlkan Anna svarar manni um leið.

Viðburðurinn: Stærsti kvennakór landsins, Léttsvéit Reykjavíkur, blæs til tónleika í Langholtiarkirkju á föstudagskvöld. Kórinn er nýkominn frá Kúbu og verður tónlistarprogrammið eitthvað litað af þeirri ferð. Einnig er tilvalið að kíkja við í Eurovisonpartíi Páls Óskars og Rásar 2 á Nasa á laugardagskvöld.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 óskiptu 6 hæð 8 sægur 9 yfir rúm 11 frá 12 flott 14 smápeningar 16 nafnorð 17 fjór 18 tunnu 20 golf áhald 21 gort.

LÖBÉTT

1 líkamshluti 3 í röð 4 sendir 5 dýrahljóð 7 skemmtun 10 frostskemdir 13 bein 15 eyja 16 lík 19 tveir eins.

LAUSN

nár, 61 un.
7 samkomu, 10 kal, 13 ríf, 15 krít, 16
LÖBÉTT: 1 hals, 3 lm, 4 loftnet, 5 ur, 6 dm, 20 tí, 21 raup.
LÁRÉTT: 2 öllu, 6 ás, 8 mor, 9 lak, 11

ÁSTRÓS LILJA EINARSDÓTTIR: KOMIN MEÐ NÓG AF STJÖRNUSTÆLUM

Snýr baki við Silvíu Nótt

„Dropinn sem fyllti mælinn var fjarvera Silvíu Nætur á bensínstöð Esso við Ártúnshöfða nú á dögnum, þar sem addáendur hennar voru samankomnir í þeim tilgangi að fá nýja geisladiskinn hennar áritaðan. Þarna var fjöldi manns samankominn, en sorglegast var að sjá yngstu kynslóðina standandi þarna eins og strandaglópar með tårin í augunum og reiðar mæður að róa þau. Þetta fólk beið klukkutímum saman til að berja hana augum,“ segir Ástrós Lilja Einaradóttir, stofnandi og eigandi einnar stærstu addáendasíðu Silvíu Nætur, www.silvianott.com, sem nú hefur verið lokað fyrir fullt og allt. „Við vorum búin að fá nóg af latalátunum og stjörnuastælunum svo ákveðið var að leggja síðuna niður.“ Í tilefni af lokun síðunnar sendu aðstandendur hennar frá sér yfirlýsingu þar sem fram komu ástæður lokunarinnar. „Til að byrja með voru stjörnuastælarnir skemmtilegir enda tilgangurinn með gráinu en hún fór langt yfir strikið. Gránið hefur súrnað og er langt frá því að vera fyndið lengur. Silvíu var í okkar huga ein hjartasta von landsins og frægðarsól hennar reis óvenju hratt en við áttum ekki von á því að þetta færi út í einhverja vitleysu,“ undirstrikar Ástrós. „Þá hefur hegðun hennar í Grikklandi valdið okkur miklum áhyggjum. Þarna á hún að vera landi sínu og þjóð til fyrirmyndar en er okkur til háborinnar skammar í raun. Fólk er almennt hneykslað og skilur ekkert í framkomu hennar. Ég fékk tölvupóst síðast í dag frá fökillum Grikkjum sem sögðust sár-móðgaðir yfir dónaskapnum í henni. Rétt áður en við lokuðum síðunni hafði fjöldi manns samband við okkur, foreldrar og aðrir, og tjáðu okkur vonbrigði sín með háttarni hennar sem væri komið yfir öll velsæmismörk. Ungar stúlkur fylkjast um stjörnuna og herma eftir öllu sem hún gerir. Þegar fúkyrði fjúka af vörum stjörnuastælu í sífellu, taka þær þetta auðvitað upp. Það þykir foreldrum að vonum slæmt. Og nú segist hún aðeins tala ensku jafn-




ÁSTRÓS LILJA EINARSDÓTTIR Síðan hefur nú verið lögð niður vegna þess að Silvíu Nótt hefur að hennar mati farið yfir strikið.

vel þótt hún sé að tala við Íslendinga. Ætli ungir íslenskir addáendur taki ekki líka upp þessa vitleysu og leggi móðurmálið á hilluna,“ spyr Ástrós alvarleg í bragði. „Við tökum ekki lengur þátt í þessum sirkus. Vefsíðan okkar hefur verið mikið ævintýri. Hún varð stærri en okkur óraði fyrir og óx mun hraðar en við gerðum nokkri sinni ráð fyrir. Á þeim þremur mánuðum sem síðan hefur verið opin hafa nánast 20.000 manns lagt leið sína hingað. Þetta hefur verið einstaklega skemmtilegt og ég vil nota tækifærið og þakka þeim þúsundum addáenda Silvíu Nóttar sem hafa stutt okkur og eins þeim fyrirtækjum sem hafa sýnt okkur stuðning. Að reka addáendasíðu

kostar bæði mikla fyrirhöfn og pening og þar er ekki auðvelt að loka henni. En fyrir okkur er þetta ævintýri á enda. Við vonum að karakterinn Silvíu Nótt, sem Ágústa Eva leikur, taki sig saman í andlitinu,“ segir Ástrós að lokum og leggur áherslu á orð sín. Í tilefni af undanþekppi í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem sjónvarpað verður í kvöld, er rétt er að vekja athygli á því að samkvæmt könnun á vegum Neytendasamtakanna er Ísland í fjórða sæti af þeim 26 löndum sem skoðuðu voru, hvað varðar hæsta verð á SMS-skeytum og símaatkvæðum í þáttökulöndunum. Aðeins Grikkir, Rúmenar og Spánverjar greiða herra verð.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ófari Eypórs Arnalds eru mörgum netverjum hugðarefni þessa dagana. Bloggarinn dr. Gunnar skrifar á heimasíðu sína, this.is/drgunni, að bæði Eypór og morfinfíklarnir Jói og Gugga í Kompásbáttunum afsaki „aumingjaskapinn“ í sér á einfaldan hátt, Jói og Gugga kenni „fíklinum í sér“ um en Eypór kenni „dómgreindarleysi“ um það að hann ók ölváður á ljósastaur. „Það er alltaf best að kenna öðrum um, sérstaklega er gott að finna upp „sjúkkdóm“ til að klína öllu á. Þegar leti verður skilgreind sem sjúkkdómur verð ég fyrstur í röðinni með resept,“ skrifar Dr. Gunnar, sem situr reyndar ekki auðum höndum þessa dagana því hann er að semja söngleik sem áformað er að frumsýna í byrjun næsta árs.



Sögusagnir hafa verið í gangi um það að sjónvarpsþulpan Elly Ármannsdóttir áformi að gefa út nýtt helgarblað innan tíðar. Í samtali við Fréttablaðið staðfesti Elly að hún hefði undanfarið kannað landslagið og rætt við fjárfesta um að koma að verkinu. Elly segir þó að engra tíðinda sé að vænta af málinu fyrr en í haust í fyrsta lagi. Þangað til einbeitir hún sér að fyrirtæki sínu, Spámaður.is, og þulustörfum hjá Sjónvarpinu.



Íslendingar í Kaupmannahöfn bíða nú spenntir eftir að nýtt kaffihús Friðriks Weissappel og félagar verði opnað á Austurbrú. Eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrir skemmtu er þar um að ræða annað útibú frá The Laundromat Café, en hið fyrra hefur notið mikilla vinsælda. Friðrik segir að litilsháttar tafir hafi orðið á framkvæmdunum undanfarið. Stefnt er að því að kaffihúsið verði opnað eftir rétt rúman mánuð.



Vinsældir Andra Snæs Magnússonar og Draumalands hans þykja með öflíkindum. Andri hefur ferðast víða undanfarið og haldið fyrirlestra um efni bókarinnar. Þannig var hann á Húsavík á þriðjudag og mættu um 90 manns til að hlýða á rithöfundinn. Það þykir þó nokkuð þar á bæ og segja heimamenn að helmingi færri hafi sótt fund Halldórs Ásgrímssonar á sama tíma í bænum. - hdm



www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Fyrir hornið...
Sími: 565-5566
sturta.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

NÝR STÓR
HUMAR
GRILLPINNAR
SIGIN GRÁSLEPPA

FISKBÚÐIN
HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

EUROVISION GUNNHILDUR GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR FRÁ GRIKKLANDI

Söng Congratulations í grísku sjónvarpi

Aldrei hef ég notið eins mikillar fjölmiðlaathygli og hér í Grikklandi. Hinar ýmsu sjónvarpsstöðvar hafa beðið mig að gefa álit á keppanda sínum og aðbúnaðinum hér í Grikklandi. Ung grísk sjónvarpskona frá sjálfstæðu sjónvarpsstöðinni Antenna 1 vatt sér að mér þar sem ég drakk pepsi af stút og horði á Önnu Vissi, gríska keppandann, æfa á sviði. Ég rétt náði að kyngja áður en ég var beðin um að syngja íslenska Eurovision-lagið. Var þjóðinni ekki til sóma þar sem ég gaulaði Congratulations í tóntegund sem lagið hefur aldrei heyrst í áður. Var síðan beðin um að dæma frammistöðu Önnu Vissi. Frábær, svaraði ég. Hvað gat ég annað sagt eftir endalausn misskilning grískra fjölmiðla á orðum Silvíu Nætur. Var beðin að

syngja lag Önnu. Sá mér væntan leik að koma mér undan því. Hældi Önnu fyrir frábera hæfileika og sagðist alls ekki geta fetað í fótspor hennar. Stoppuð af fréttamanni Andorra. Hann vildi vita hvernig ég taldi að öskubuskunni Jenny myndi ganga í keppninni. „Rosalega vel,“ sagði ég, þrátt fyrir að muna ekkert sérstaklega eftir laginu. Sagði þó að ég teldi tæpt að hún næði úr undanúrslitunum en bætti henni þar snögglega í hóp Silvíu Nætur og sagði svo erftitt að segja. „Evíntýrin gerast enn,“ aulaði ég út úr mér. Beðin að segja hvernig mér líkaði aðstaðan hjá Grikkjunum. „Aldrei verið betri,“ svaraði ég sveiköld, þrátt fyrir að vera í fyrsta sinn í keppninni. Það er engin lygi. Aldrei séð það verra.



SILVÍU NÓTT Hefur verið á fullu síðastliðna daga við að finpússa atriðið.

STILLANLEGT OG ÞÆGILEGT



TEMPUR TILBOÐSDAGAR Í MAÍ



HEILSUKODDAR

Yfir 30.000 læknar, sjúkráþjálfarar og kíró-praktorar um heim allan mæla með Tempur heilsukoddanum, þar á meðal á Íslandi.



HEILSUDÝNUR

Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á. Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði.



STILLANLEG RÚM

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér.



BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

Að flytja flugvöll

Mikil umræða er nú um Reykjavíkurlugvöll. Rætt er um að flytja hann og byggja íbúðarhúsnæði í staðinn. Ég persónulega þoli ekki þennan flugvöll. Mér finnst fáránlegt að hafa flugvöll við hliðina á miðbæ. Þegar hádegisvélin frá Akureyri kemur til landingar hrekkur sonur minn stundum upp af hádegisblundi sínum, því líkur er gnýrinn. Úti í garði þarf ég líka stundum að gera hlé á máli mínu meðan flugmaður klárar landingu. Óskjuhlíðin er einn minn upphaldsstaður í Reykjavík. En þar er oft ógjörningur að vera vegna hávaða frá flugvöllinum.

ÞAÐ er auðvelt að finna þessum flugvelli allt til foráttu. Hann er ljótur og leiðinlegur og hávær og mengunin frá honum er mikil. Þannig að, burt með hann, bara! Eða hvað? Hóum í nokkra röska kalla og látum þá fletta upp malbikinu og henda flugbrautunum eitt-hvað upp í sveit. Varla kostar það svo mikið. Eða hvað? Ég hef ekki hugmynd. Líklega hleypur það á einhverjum hundruðum milljarða. Hver veit? Ég man ekki einu sinni hvort milljarður er hundrað milljónir eða þúsund.

EN flugvöllurinn er hérna. Hann er öskrandi staðreynd. Einhver gerði einhvern tíma afdrifarið mistök. En ég hef það stundum á tilfinningunni að ég búi í olíuríki. Í allri umræðu um þennan flugvöll er eins og við eigum svo mikla peninga að við vitum ekki hvað við eigum að gera við þá.

AMMA mín kallaði svona hugsunarhátt „flotræfilshátt“. Það er líð sem slær um sig en er í raun með allt niður um sig.

VIÐ getum ekki rekið barnaspítala sómasamlega en við viljum flytja flugvelli landshorna á milli eins og að drekka vatn. Er ekki allt í lagi? Finnst okkur virkilega skipta meira máli að hafa glæsilegt og notalegt í kringum okkur en að hugsa vel um þau okkar sem eru veik?

FLUVÖLLURINN er vandræða-finnngálkn í ásjónu Reykjavíkur og truflun. Ég yrði manna glaðastur að sjá á eftir honum. En eigum við virkilega peninga til að flytja hann? Og eru það peningar sem við þurfum ekki að nota í annað?

ÉG er til í að sætta mig við flugvöllinn ef það þýðir að við getum þá byggt og rekið almennilegan spítala. Ég get sætt mig við hávaðann ef ég fæ í staðinn almennilega hjúkrun ef ég veikist og verð ekki látinn bíða lengi og liggja svo fáværur frammi á kuldalegum gangi.

0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða nú ekkert fyrir takmarkalaus notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1**.

Auðvelt að skipta.

Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is og skráðu þig og þína.

Mánaðargjald heimasíma er 1.340 kr.

Og1



Og Vodafone hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og færð neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.



Heyrumst!

ÓKEYPIS ÍSETNING

2006 línan frá Pioneer



Pioneer DEH-1800

• 4 X 45 W magnari • D4Q Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni
• Laus framhlið • EQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • Verð **17.900.-**



Pioneer DEHP-4800MP ... Spilar MP3/WMA/WAV

• Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari
• EEG forstilltur tónjafnari • 2 x RCA útgangur • Snúningstakki • Verð **24.900.-**

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

ORMSSON

SMÁRALIND | Sími 530-2900 | SÍÐUMÚLA 9 | Sími 530-2800